KÍNAMÚRINN

*Margslungin kínversk matargerð*

Matur Tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




UNNUR STEINSSON

*Gengur með sitt fjórða barn*

Mikil eftirvænting í fjölskyldunni

FÓLK 38









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. júlí 2007 — 188. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## FÖSTUDAGUR

### Tekur upp sólóplötu



Einar Ágúst Víðisson smalaði vinum sínum saman til Danmerkur þar sem hann tekur upp fyrstu sólóplötu sína.

FÓLK 38

### Bréf til Einars Más

„Það færi draumlyndum menntamönnum eins og þér, Einar Már, betur að styðja hinn frjálsa markað en hallmæla honum. Þú sýslar við norræn fræði úti í París, en í Bangladess værir þú löngu fallinn úr hor.“

Í DAG 20

### Ósáttir við KSÍ



Forráðamenn Fjarðabyggðar eru ekki sáttir við að KSÍ sé ekki tilbúið að koma til móts við félagið vegna gríðarlegs ferðakostnaðar.

ÍÞRÓTTIR 32

SIRKUS

STRÁKARNIR TALA:

Flottustu stelpurnar í boltanum

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




## VEÐRIÐ Í DAG




**BEST SUÐVESTAN TIL** Í dag verður hæg breytileg átt sunnan til, annars norðan 5-10 m/s. Yfirleitt bjart veður á Suðurlandi og vestan til en súld eða rigning á landinu norðan- og austanverðu. Hiti 10-19 stig, hlýjast suðvestan til.

VEÐUR 4



BRENNDIST Í BÍL SÍNUM Þyrlan lenti í gærdag með mennina við Landspítala í Fossvogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tveir menn fluttir í skyndi með þyrlu frá Neskaupstað með brunasár:

# Brenndist er gas brann í bíl

**SLYS** Tveir menn voru fluttir með þyrlu Landhelgisgæslunnar frá Neskaupstað í gær með brunasár.

Þyrlan var kölluð út eftir að beiðni barst frá Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað um að sækja sjúkling sem hafði brennst í Fljótsdal. Maðurinn, sem er fæddur 1982, sat í bíl sínum og er grunaður um að hafa verið að sniffa gas. Hann kveikti sér í sígarettu og við það kviknaði í honum. Hann hlaut brunasár á höndum og í andliti og var fluttur á gjörgæsludeild. Ástand hans er stöðugt samkvæmt upplýsingum frá lækni á gjörgæsludeild.

Hinn maðurinn, erlendur ferðamaður fæddur 1985, brenndist þegar hann steig ofan í hver við Mývatn í fyrrakvöld þar sem hann var á ferðalagi með hópi ferðamanna. Hann fékk far með þyrslunni suður en fékk að fara heim eftir aðhlynningu á slysadeild.

„Það var mjög heppilegt að við gátum stungið honum með,“ segir Ágústa Waage, aðstoðarlæknir á Fjórðungssjúkrahúsinu. - lbb

# Ekkert eftirlit með eftirlitsmyndavélum

**Fjöldi kvartana berst til Persónuverndar um vafasamt eftirlit á vinnustöðum. Fá fyrirtæki og stofnanir hafa tilkynnt formlega um vöktun eins og lög segja til um. Engin skrá er haldin yfir eftirlitsmyndavélar einstaklinga og notkun þeirra.**

**PERSÓNUVERND** „Ég held að það viti allir að vöktun er orðin alveg gríðarleg,“ segir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar. Fá fyrirtæki og stofnanir tilkynna um eftirlitsmyndavélar sínar eins og lög segja til um. Persónuvernd fær mest af upplýsingum sínum í formi kvartana og spurninga frá starfsmönnum fyrirtækja eða nemendum í skólum.

Almenna lagaskyldan er sú að rafræn vöktun sé óheimil nema markmið hennar séu skýr og hún verið tilkynnt til Persónuverndar. „Við höfum þó ekki tök á að fylgja þessu mjög fast eftir þar sem tilfellin eru svo mörg. Við höfum einfaldlega ekki tök á því,“ segir Sigrún. Samkvæmt lögum þarf að merkja þau svæði sérstaklega sem verið er að vakta og fræða starfsmenn fyrirtækja eða nemendur skóla um að fylgst sé með þeim. „Það er ekki þannig að ríkisstofnun eigi að vita um allar eftirlitsvélar sem eru í notkun. Við eigum hins vegar að setja reglur um hvernig menn eiga að bera sig að og kynna þær,“ segir Sigrún. Ekki er heimilt að geyma upptökur úr eftirlitsmyndavélum lengur en níutíu daga, að sögn Sigrúnar.

Magnús Norðdahl, deildarstjóri hjá ASÍ, segir að mörg mál hafi komið upp þar sem kvartað er yfir eftirliti á vinnustað. „Þessi mál hafa verið leyst farsællega en það er ólíðandi ef eftirlitsmyndavélar eru settar upp í vistarverum starfsmanna þar sem engin atvinnustarfsemi fer fram. Þetta á við um sturtur, búningsklefa og kaffistofur.“

Meðal fyrirtækja sem bjóða einstaklingum og fyrirtækjum upp á myndavélavöktun eru Securitas og Öryggismiðstöðin. Fyrirtækin þurfa sjálf að tilkynna um að vöktun sé hafin. Ekkert eftirlit er hins vegar haft með notkun eftirlitsmyndavéla sem einstaklingar setja upp við heimili sín og er það mat lögfræðings Persónuverndar að ekki sé ástæða til þess.

- sgj / sjá síðu 4

### REGLUR

- Vöktun með leynd er óheimil nema hún styðjist við lagaheimild eða úrskurð dómara.
- Gera skal viðvart um rafræna vöktun á vinnustað eða á almannafæri með merki eða á annan áberandi hátt.

Bók veldur fjaðrafoki:

# Tinni í Kongó send í útlegð

**BRETLAND, AP Teiknimyndasagan Tinni í Kongó hefur verið fjarlægð úr hillum Borders, einnar stærstu bókabúðakeðju Bretlands. Ástæðan er að bókin þykir uppfull af kynþáttafordómum gagnvart þeldökku fólki.**

**Breskur lögfræðingur rakst á bókina í hillum verslunarinnar og kvartaði til jafnréttisráðs Bretlands. Jafnréttisráðið telur að banna skuli bókina enda lýsi hún íbúum landsins sem fáráðum sem í einfeldni sinni geri hund að kóngi.**

**Bókin kom fyrst út árið 1931 en alls hafa 220 milljónir eintaka selst af þeim 23 bókum sem lýsa ævintýrum Tinna og vina hans. Bækurnar hafa verið þýddar á 77 tungumál.** - shá



STELPURNAR Disney-risinn sýnir áhuga og vill gera um þær sjónvarpsþátt.

Nylon á leið til Ameríku:

# Disney vill fylgjast með Nylon

**FÓLK** Walt Disney-fyrirtækið í Bandaríkjunum hefur óskað eftir fundahöldum við stúlknasveitina Nylon og útgáfufyrirtækið Believer. Þetta staðfestir Einar Bárðarson, umboðsmaður Nylon. Á teikniborðinu er sjónvarpsþáttur um íslenska stúlknasveit sem kemur til Bandaríkjanna. Þættinum yrði fylgt eftir með plötu.

Disney er gríðarsterkt á bandarískum afþreyingarmarkaði og er unglingasjónvarp þess eitt það vinsælasta í Bandaríkjunum. Meðal tónlistarmanna sem hafa verið á mála hjá fyrirtækinu eru Justin Timberlake og Britney Spears.

- fgg / sjá síðu 28










**SPURNING DAGSINS**



*Örn, voru þetta langir tónleikar?*

„Ég spilaði lengi en tónleikarnir voru passlegir.“

Örn Magnússon píanóleikari hélt tvo tónleika á þjóðlagahátíð á Siglufirði þar sem hann lék á langspil. Hann hélt einnig erindi á hátíðinni um hljóðfærið.

Eitt skilyrða fyrir skráningu Þingvalla á heimsminjaskrá er að eyða framandi gróðri í þinghelginni:

# Fella öll barrtré innan þinghelgi

**NÁTTÚRA** Öll barrtré innan þinghelgi Þingvalla, um eins ferkílómetra svæði, verða felld á næstu árum. Barrtré á svæðinu í kring verða einnig grisjuð verulega. Trén verða felld vegna þess að þau eru ekki hluti af upprunalegum trjágróðri á Þingvöllum. Um nokkur hundruð tré er að ræða.

Sigurður K. Oddsson þjóðgarðsvörður segir að þegar sótt hafi verið um að Þingvellir verði á heimsminjaskrá hafi Sameinuðu þjóðirnar tilgreint að barrtrén skyldu fjarlægð. Í þjóðgörðum sé ekki venjan að gróðursetja framandi trjátegundir, og stefnan sé að varðveita upprunalegan gróður.

Þinghelgin nær frá Þingvallavatni inn að Öxarárfossi til norðurs og frá efri brún Almannagjár að Flosagjá til austurs.

„Ef landeigendurnir sjálfir vilja gera þetta þá er það bara þannig, en ég held að það séu ákaflega margir á móti þessu,“ segir Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands. „Þetta er gróður sem hefur sett svip á staðinn og er merkar minjar um skógræktarsögu svæðisins.“

Í könnun sem Gallup gerði fyrir Skógrækt ríkisins árið 2004 var meðal annars spurt um afstöðu fólks til barrtrjáa á Þingvöllum. Aðeins fjögur prósent töldu að útrýma ætti barrtrjám á Þingvöllum, en mikill meirihluti taldi að þeim ætti að þyrma.

- sþs



**SKÓGARHÖGG** Hér má sjá hvernig stór og mikil barrtré hafa verið felld á Þingvöllum. Myndin er tekin við Þingvallavatn, rétt hjá Hótel Valhöll. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Meint nauðgun á Hótel Sögu:

## Dómnum umdeilda áfrýjað

**DÓMSMÁL Umdeildum sýknudómi yfir ungum pólskum manni sem ákærður var fyrir að nauðga stúlku á Hótel Sögu í mars hefur verið áfrýjað til Hæstaréttar. Þetta staðfestir Margrét Gunnlaugsdóttir, lögmaður og réttargæslumaður stúlkunnar.**

**Meint nauðgun átti sér stað á salerni í kjallara hótelsins. Maðurinn ýtti konunni inn á salernisbás og niður á gólf og hafði við hana samræði án hennar samþykkis. Hann var sýknaður þar sem athæfið þótti ekki ofbeldi í skilningi laga og honum mátti ekki vera ljóst að stúlkan væri honum andhverf.** - sh



**SJÁLFBOÐALIÐAR** Allt gert klárt. MYND/KALDRANESHREPPUR

Bryggjuhátíð á Drangsnesi:

## Hreppsfólk í sjálfboðastarfi

**FÓLK** „Fjöldi sjálfboðaliðanna svaraði til um fjörutíu prósenta af íbúum hreppsins,“ segir Jenný Jensdóttir, oddviti Kaldrananeshrepps, um nýlegan starfsdag vegna Bryggjuhátíðar á Drangsnesi.

Bryggjuhátíðin verður laugardaginn 21. júlí að þessu sinni. Meðal fjölmargra dagskrárliða eru dorgveiðikeppni, grill, söngvarakeppni og varðeldur. Að sögn Jennýjar hafa áðurnefndir sjálfboðaliðar unnið ötullega við margvíslegan undirbúning á borð við hreinsun bæjarins og öflun aðfanga. „Það eru allir velkomnir,“ segir oddvitinn. - gar

# Lögregluna skortir úrræði vegna verktaka

**Lögreglu skortir úrræði til að taka á verktökum sem ítrekað verða uppvísir að því að merkja vegaframkvæmdir ekki með viðunandi hætti. Umferðarstofa og Vegagerð telja vinnu á Reykjanesbraut mjög hættulega. Þörf sé á aðgerðum.**

**SAMGÖNGUR** Vegaframkvæmdir við Reykjanesbraut milli Kópavogs og Hafnarfjarðar þykja illa merktar og stórhættulegar, að mati Umferðarstofu og Vegagerðar.

„Umferðarstofu hafa aldrei borist jafn margar kvartanir vegna vegaframkvæmda,“ segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu. Hann segir nauðsynlegt að lögreglu verði veitt verkfæri, til dæmis í formi reglugerðar, til að taka fastar á þessum málum en unnt er í dag.

Guðbrandur Sigurðsson hjá umferðardeild lögreglu höfuðborgarsvæðisins, segir lögreglu nýlega hafa gert úttekt á öllum framkvæmdum við Reykjanesbraut. Fjölmargar athugasemdir hafi verið gerðar og þeim komið til Vegagerðarinnar, sem sér um eftirlit með verkinu, og fleiri sem koma að því. Lög kveði á um að framkvæmdir séu merktar en hins vegar skorti reglur með lagalegt gildi um hvernig skuli staðið að þeim. „Til er leiðbeinandi reglugerð frá árinu 1997, en hún hefur ekki reglugildi,“ segir Guðbrandur. Hann segir lögreglu í vanda þar sem laga- eða reglugerðarákvæði skorti.



EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON

Banaslys varð í nóvember á síðasta ári á vegkaflanum. Ökumaður var drukkinn en rannsóknarnefnd umferðarslysa segir í skýrslu um slysið ljóst sé að aðgerðir sem áttu að stuðla að bættum merkingum hafi brugðist, þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir vegfarenda og ábendingar lögreglu. Í skýrslunni kemur einnig fram að nauðsynlegt sé að útbúa reglugerð um merkingar á vinnusvæðum, auk þess sem lögregla verði að geta beitt viðurlögum ef verktaki brjóti ítrekað af sér.

Vegagerðin hefur eftirlitsskyldu með verktakanum sem þarna vinnur. Gunnar Gunnarsson aðstoðarvegamálastjóri segir kvartanir vegfarenda og ábendingar lögreglu hafa borist til Vegagerðarinnar. Hann hafi sent framkvæmdaeftirlitinu póst 5. júlí vegna þessa en þar segi: „Þarna þarf greinilega að bæta úr. Eftirlitið verður að taka á þessu með fullri hörku áður en fleiri slys verða.“

Halldór Ingólfsson, eigandi verktakafyrirtækisins Glaums, sem annast framkvæmdirnar, segir að leyst hafi verið úr flestum ábendingum lögreglu. Helsti vandinn sé að hámarkshraði um svæðið sé of mikill. Merkingar séu meira en nægar.

karen@frettabladid.is



**VARASAMT SVÆÐI** Umferðarstofa og Vegagerð segja að úrbætur verði að gera áður en fleiri slys verði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**LEIÐIN** Gangan er frá Fonti að Reykjanestá. MYND/VATNSLEYSUSTRANDARHREPPUR

Ganga Ísland enda á milli:

## Fá áheit með torfæruálagi

**FÓLK** Félagarnir Hilmar Egill Sveinbjörnsson og Gunnar Júlíus Helgason hófu á föstudag í síðustu viku göngu þvert yfir Ísland frá Fonti á Langanesi út á Reykjanestá. Að því er segir á heimasíðu sveitarfélagsins Voga á Vatnsleysuströnd ganga félagarnir til styrktar Ungmennafélaginu Þrótti í Vogum. Áheitum er safnað meðal einstaklinga og fyrirtækja. Gangan er 550 kílómetrar og er áætlað að hún taki þrjár vikur.

Hreppurinn greiðir göngugörpunum „69,5 krónu á hvern genginn kílómeter, auk 45 prósent torfæruálags, í samræmi við akstursgjald ríkisstarfsmanna,“ eins og segir í bókun bæjarráðs . - gar

**REYKJAVÍK**

### Greftrarleyfi fyrir háskóla

Skipulagsráð Reykjavíkur hefur samþykkt að veita Háskólanum í Reykjavík heimild til að hefja jarðvinnu og gerð aðstöðu vegna framkvæmda við væntanlegar skólabyggingar í Hlíðarfæti undir Öskjuhlíð.

**ÓLAFSFJÖRÐUR**

### Aldrei fleiri keppendur

Um helgina fer fram Nikulásarmótið í knattspyrnu á Ólafsfirði. Átján félög taka þátt í mótinu en aldrei hafa eins margir keppendur verið skráðir til leiks og nú, um 700.


**BÍLL DAGSINS**
**SAAB 9-3**
Nýr bíll




Ingvar Helgason | NOTAÐIR BÍLAR
Sævarhöfða 2 Sími 525 8020 Opið: Mán. 10:00 - 18:00, þri.-fös. 9:00 - 18:00.


Bretar íhuga að reka rússneska diplómata úr landi út af Litvinenko-málinu:

# Samskiptin við suðumark

**LONDON** Yfirvöld í Bretlandi íhuga aðgerðir gegn rússnesku ríkisstjórninni eftir að saksóknarar í Rússlandi neituðu á mánudag að framselja fyrrum KGB-manninn Andrei Lugovoi, sem er grunaður um að hafa drepið Alexander Litvinenko í London í fyrra. Breska blaðið The Guardian greindi frá þessu í gær.

Meðal þeirra aðgerða sem utanríkisráðherra Bretlands, David Miliband, veltir fyrir sér er að reka rússneska diplómata úr landi og að hætta samvinnu við Rússa á ýmsum sviðum eins og viðskiptum, mennta- og félagsmálum og í baráttunni gegn hryðjuverkum. Talið er að Miliband greini ekki frá ákvörðun sinni fyrr en í næstu viku.

Yfirvöld í Bretlandi búa sig undir að stjórnvöld í Rússlandi svari í sömu mynt og reki breska diplómata úr landi. Sendiherra Breta í Moskvu, Tony Brenton, hefur nú þegar verið áreittur á götum Moskvu, og segir The Guardian að stjórnvöld í Rússlandi hafi staðið að baki við það. Auk þess hafa rússneskir embættismenn lokað skrifstofum breska menningarráðsins í Jekaterinburg.



**ALEXANDER LITVINENKO** Morðið á fyrrum KGB-manninum hefur orsakað harðar deilur á milli Breta og Rússa, sem neita að framselja meintan morðingja Litvinenkos. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vladimír Pútín Rússlandsforseti er að sögn The Guardian reiður yfir því að bresk stjórnvöld hafi ekki viljað framselja auðkýfinginn Boris Berezovsky sem er í útlegð í Bretlandi. Berezovsky hefur verið ákærður fyrir peningaþvætti í Rússlandi og fyrir að hafa skipulagt valdarán gegn Pútín. - ifv




# BRÚÐKAUP FRAMUNDAN?

BRÚÐARGJAFALISTAR • GJAFABRÉF • KLASSÍSKAR BRÚÐARGJAFIR



Á kaffihúsinu sem Te og kaffi starfrækir í Saltfélaginu er ilmandi kaffi á boðstólum alla daga. Opið frá kl. 10-18 virka daga og 11-16 laugardaga.

**GENGIÐ 12.07.2007**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 60,23 | 60,51 |
| Sterlingspund | 122,39 | 122,99 |
| Evra | 83,00 | 83,46 |
| Dönsk króna | 11,152 | 11,218 |
| Norsk króna | 10,450 | 10,512 |
| Sænsk króna | 9,007 | 9,124 |
| Japanskt jen | 0,4928 | 0,4956 |
| SDR | 92,18 | 92,72 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
112,2974

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Vöktun á íslenskum vinnustöðum er oftast með vitund starfsmanna:

# Oft kvartað yfir eftirlitsvélum

**PERSÓNUVERND** Vinnustaðavöktun er yfirleitt með vitund starfsmanna íslenskra fyrirtækja. Samþykki starfsmanna vantar þó oft fyrir því að eftirlitsmyndavélar séu settar upp innan fyrirtækisins. Stéttarfélög í nágrannalöndunum taka mið af vöktun við gerð kjarasamninga en sú leið hefur ekki verið farin hér á landi.

„Mér finnst íslensk stéttarfélög tala lítið um þessi mál en það hlýtur að vera tímaspursmál hvenær sú umræða hefst. Það fylgir því mikið álag að vinna undir stöðugu eftirliti", segir Sigrún Jóhannesdóttir, forstjóri Persónuverndar.



**EFTIRLIT** Margir vita ekki af vélunum.

Magnús Norðdahl, deildarstjóri hjá ASÍ, segir mörg mál hafa komið upp þar sem kvartað sé undan eftirliti. Þau hafi verið leyst farsællega. Ennþá hefur ekki verið gert ráð fyrir því að taka tillit til vöktunar á vinnustað við gerð kjarasamninga.

Mörg fyrirtæki hér á landi hafa sett upp eftirlitsmyndavélar á síðustu árum. Vefverslunin Direct.is og Eico bjóða eftirlitsmyndavélar til sölu. Sú ódýrasta hjá Eico kostar tæpar þrettán þúsund krónur. Sú vél er þráðlaus og tengist í sjónvarp. Fullkomnar þráðlausar vélar gera eigandanum kleift að taka upp skýrar myndir í 300 metra fjarlægð. Fjölmargir einstaklingar hafa einnig sett upp eftirlitsvélar. Persónuvernd telur enga ástæðu til að slíkt sé tilkynnt líkt og á við um fyrirtæki samkvæmt lögum. - sgj

Gæsluvarðhaldskröfu hafnað:

# Fáfnisliðarnir lausir að sinni

**DÓMSMÁL** Fáfnisliðarnir tveir, sem gengu í skrokk á félaga sínum með skiptilykli, járnstöng og öðrum bareflum í síðustu viku þegar hann hugðist ganga úr vélhjólaklúbbnum, munu ganga lausir um sinn. Hæstiréttur staðfesti í gær úrskurð Héraðsdóms frá því á mánudag um að hafna kröfu lögreglunnar um gæsluvarðhaldsvist mannanna fram í september.

Tíu manns voru handteknir í fjölmennu áhlaupi lögreglunnar á félagsheimili klúbbsins við Hverfisgötu. Mennirnir tveir veittu mótspyrnu við handtöku, og reyndust eftir yfirheyrslur einu sökudólgarnir í málinu. - sh



**NJÁLSGATA 74** Heimili fyrir heimilislausa frá 1. október. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Samhljóða borgarráð:

# Umdeilt heimili á Njálsgötuna

**FÉLAGSMÁL Rekstur heimilis fyrir átta heimilislausa karla á Njálsgötu 74 var samþykktur samhljóða í borgarráði í gær. Starfsemin á að hefjast í síðasta lagi 1. október. Áskorun íbúa í nágrenni heimilisins til borgarstjóra um að falla frá rekstrinum á þessum stað var lögð fram á fundinum.**

**Eins og komið hefur fram eru margir íbúar og húseigendur í nágrenninu afar andvígir starfseminni og hafa boðað að þeir kunni að krefjast lögbanns á grunni álits lögmanns þeirra, sem telur borgina ekki hafa fylgt lögum í málinu. Lögmenn borgarinnar segja á hinn bóginn að borgin hafi borið sig rétt að.** - gar

## LEIÐRÉTTINGAR

Mishermt var í frétt um eldsvoða í bakhúsi við Laugaveg 74 að byggingin tilheyrði Grettisgötu 57. Upplýsingar um heimilisfangið voru fengnar hjá lögreglu og slökkviliði höfuðborgarsvæðisins á vettvangi.

**Rangt nafn**

Í gær birtist pistill um átröskun í blaðinu. Var pistillinn sagður eftir Guðrúnu E. Guðmundsdóttur. Hið rétta er að Ólöf Guðný Geirsdóttir næringarfræðingur skrifaði pistilinn.

# Enginn dæmdur fyrir stærsta kókaínsmygl Íslandssögunnar

**Tveir sýknaðir af stærsta einstaka kókaínsmygli sem upp hefur komið á íslandi. Frétt úr DV hafði áhrif á dóminn yfir öðrum þeirra. Gallar sagðir á rannsókn lögreglu. Lögmaður ósáttur við langa gæsluvarðhaldsvist.**

**DÓMSMÁL** Tveir menn, Rúnar Þór Róbertsson og Jónas Árni Lúðvíksson, voru í gær sýknaðir af ákæru um að hafa staðið að innflutningi á 3,8 kílóum af kókaíni hingað til lands í nóvember í fyrra. Það er mesta magn kókaíns sem lagt hefur verið hald á í einu.

Rúnar var ákærður fyrir að hafa skipulagt innflutning efnisins og afgreiða úr tolli bílinn sem það var falið í. Jónas var ákærður fyrir að fjarlægja pakkningar með gerviefni, sem lögreglan kom fyrir í stað kókaínsins, úr bílnum. Farið var fram á sjö til átta ára fangelsi yfir Rúnari og þriggja til fjögurra ára fangelsi yfir Jónasi. Báðir neituðu sök.

Fram kemur í dómnum að framburður Rúnars og Jónasar hafi verið stöðugur og þeim hafi borið saman við flest. „Við fyrstu sýn kann framburður þeirra að virðast ótrúverðugur og reyfarakenndur á köflum. Það er mat dómsins að svo sé ekki," segir í dómnum. Þá segir að ekkert hafi komið fram við húsleitir, skoðun á hljóðupptökum eða aðra hluta rannsóknar sem „leiða til þess að við sönnunarmat eigi að hafna framburði ákærðu. Við blasir að ekki hefur tekist að upplýsa málið [...]"

Til grundvallar sýknunni yfir Jónasi er frétt sem birtist í DV um fíkniefnafundinn á meðan bílinn hafði enn ekki verið sóttur. Í fréttinni kom fram að lögreglan hefði skipt efnunum út fyrir gerviefni. Jónas bar við að hann hefði séð fréttina og því vitað að ekki væru fíkniefni í bílnum. Ónefndur maður, sem bæði Rúnar og Jónas sögðust þekkja en þorðu ekki að segja til vegna ótta um hefndaraðgerðir, hefði beðið hann að fjarlægja gerviefnin og henda þeim, og vísað í fréttina til að fullvissa Jónas um að einungis gerviefni væru í bílnum.

Þá gagnrýnir dómurinn rannsókn lögreglu fyrir það að efni sem sett var á pakkann til að hægt væri að greina hverjir handléku hann hafi ekki verið sett á eins og bar að gera, og því hafi ekki verið útilokað að Rúnar hafi fengið það á sig öðruvísi en með beinni snertingu við pakkann. Hann sagðist aldrei hafa snert hann en hafa hins vegar snert verkfæri á staðnum. Fram kemur í dómnum að lögregla kannaði ekki hvort slíkt efni fyndist á verkfærunum. Þetta er þó ekki talið hafa áhrif á niðurstöðuna.

Málskostnaður, um þrjár milljónir, féll á ríkissjóð. Ragnheiður Harðardóttir vararíkissaksóknari segir að ekki hafi verið tekin ákvörðun um hvort dómnum verði áfrýjað.

stigur@frettabladid.is



**VIÐ AÐALMEÐFERÐ** Dómurinn segir ekkert hafa komið fram við rannsóknina sem hrekji staðfastar neitanir mannanna tveggja. Rúnar er annar frá vinstri og Jónas hylur andlit sitt með ljósriti af frétt DV, sem átti eftir að skipta sköpum í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## AÐEINS ÓTVÍRÆÐ SEKT LEIÐI TIL VARÐHALDS

Mennirnir sátu í gæsluvarðhaldi svo mánuðum skipti; Rúnar Þór í hálft ár og Jónas Árni í fjóra mánuði. Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður Jónasar, segist afar ósáttur við það hversu mikið sé um að ákæruvaldið fari fram á gæsluvarðhald, sem og hversu oft dómstólar fallist á kröfuna. Hann lýsti sömu skoðun í kjölfar sýknudóms í nauðgunarmáli í síðustu viku. „Mönnum er kippt út úr sinni daglegu rútínu, frá konunni, börnunum og heimilinu. Það er ekkert grín að vera í fangelsi." Hann segist ekkert hafa við það að athuga að menn séu í varðhaldi meðan á rannsókn standi. „Rannsóknarhagsmunir eru eitt. En þetta er gert á grundvelli



**SVEINN ANDRI SVEINSSON**

einhverra ímyndaðra almannahagsmuna. Það er sagt að það sé krafa almennings að þeir sitji í fangelsi. Ég mundi vilja að það væri ekkert verið að dæma í gæsluvarðhald án þess að menn séu sakfelldir, nema um sé að ræða játningu eða að málið liggi að fullu fyrir."

Hann segir að verði þetta endanleg niðurstaða muni skjólstæðingar hans krefjast bóta frá ríkinu. „Ég man ekki eftir því í fljótu bragði að menn hafi verið sýknaðir sem hafa setið svona lengi í gæsluvarðhaldi. Þeir gætu átt milljónakröfu á hendur ríkinu." Hann bætir við að peningar séu þó aukaatriði. „Sumt geta peningar ekki bætt."




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HELGARHORFURNAR**

Veðurhorfurnar þessa helgina eru einna bestar fyrir suðvestanvert landið. Eru horfur á björtu veðri með köflum á því svæði um helgina. Á hinn bóginn verður súldarloft viðloðandi norðan- og austanvert landið í dag og á morgun en á sunnudag verður víða ágætisveður. Bjart með köflum og þurrt. Veður fer hægt kólnandi, einkum norðan til á landinu.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Hæg breytileg átt og bjartviðri. Þungbúnara síðdegis. Hiti 12-16 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



8-13 m/s norðvestan til og allra austast, annars 3-8 m/s

*» sunnudagur*



3- 10 m/s, stífastur allra austast.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19°C skúrir | London | 21°C skúrir | Friedrichshafen | 27°C léttskýjað |
| Billund | 20°C skúrir | París | 27°C skúrir | Basel | 28°C hálfskýjað |
| Osló | 19°C rigning | Eindhoven | 24°C skúrir | Alicante | 29°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 21°C skúrir | Frankfurt | 24°C skúrir | Algarve | 27°C heiðskírt |
| Gautaborg | 19°C skúrir | Berlín | 21°C skúrir | Las Palmas | 26°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Gott á grillið












**Fumagalli**
– ekta ítalskt

**parmaskinka**
**coppa**
**bresaola**

*Landsins mesta vöruúrvalið!*



**Trope snakk**
– í miklu úrvali




**Egils Pepsi Max**
– 2 l plast




**Engjaþykkni**
– m/ hnetum, karamellum og kornkúlum

Gildir til 15. júlí eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

**KJÖRKASSINN**



*Eru karlmenn betri starfsmenn en konur?*

| | |
|---|---|
| Já | 34,6% |
| Nei | 65,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú fylgst með fréttaflutningi af málefnum Hitaveitu Suðurnesja?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Ekki tryggt að boðuðum flýtiframkvæmdum ríkisstjórnarinnar ljúki á réttum tíma:

# Vegagerðinni kann að seinka

**SAMGÖNGUMÁL** Boðuðum flýtiframkvæmdum ríkisstjórnarinnar við vegagerð á ellefu stöðum á landinu, sem Kristján L. Möller samgönguráðherra kynnti á þriðjudaginn, kann að seinka, segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar. „Það er ekki hægt að tryggja það hundrað prósent að tímaáætlanir framkvæmdanna standi. Þetta eru bara áætlanir og ekki hægt að búast við öðru en að þær standi,“ segir G. Pétur.



KRISTJÁN L. MÖLLER

Hann segir að Vegagerðin taki alltaf mið af ástandinu í samfélaginu á hverjum tíma þegar hún sinnir vegagerð, til dæmis varðandi útboð á einstökum verkefnum og hvernig ástandið sé hjá verktökum og þeim sem sjá um hönnun vega. „Af reynslu vitum við að það þarf alltaf að taka mið af aðstæðum á markaði og þess vegna gerum við þennan fyrirvara um það að ekki sé hægt að tryggja að þetta gangi nákvæmlega svona eftir, en það er langlíklegast,“ segir G. Pétur.

Spurður hvort ekki hafi verið búið að kanna hversu raunhæfar flýtiframkvæmdirnar eru segir G. Pétur að það hafi verið gert. Hann segir hins vegar að framkvæmdirnar séu misvel á veg komnar, til dæmis þurfi framkvæmdin við Axarveg á sunnanverðu Austurlandi að fara í umhverfismat og að það geti jafnvel tekið eitt ár. Þann veg á að klára árið 2011. - ifv

Hestamót í Svarfaðardal:

## Íslandsmótið hefst í dag

**ÍÞRÓTTIR** Um 340 manns eru skráðir til leiks á Íslandsmeistaramótinu í hestaíþróttum sem hefst í dag við Hringsholt í Svarfaðardal. Dagskrá verður frá morgni til kvölds alla dagana. Samkvæmt fréttatilkynningu munu flestir af bestu gæðingum og knöpum landsins láta ljós sitt skína á mótinu.

Á laugardagskvöld verður svo haldið skemmtikvöld þar sem Örn Árnason, Óskar Pétursson og Eyþór Ingi Gunnlaugsson munu skemmta gestum. Að því loknu verður dansleikur fram eftir nóttu. Skemmtunin á laugardagskvöld er öllum opin. - þeb

Samtök atvinnulífsins ósátt:

## Segja lækkun hafa skilað sér

**VERSLUN Samtök atvinnulífsins segja lækkun á skattlagningu matvæla hafa skilað sér í verðlagi. Er það önnur niðurstaða en verðlagseftirlit ASÍ komst að og tilkynnti fyrr í vikunni.**

**Samkvæmt matvörulið vísitölu neysluverðs frá því í febrúar skilaði skattalækkun sér strax í verðlagi á mat- og drykkjarvörum, að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá Samtökum atvinnulífsins.** - þeb



„FLÓKIÐ OG AFAR ERFITT“ Bandarískir og íraskir hermenn í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bush segir árangur í Írak harla blendinn

**Bandaríkjaforseti gerði þinginu í gær grein fyrir því hvernig miðað hefði í Írak. Hann sagðist reikna með hörðum átökum á næstunni en vera jafnframt sannfærður um að Bandaríkin gætu á endanum náð þeim árangri sem að væri stefnt.**

**BANDARÍKIN, AP** Þótt demókratar á Bandaríkjaþingi hafi ekki fengið því framgengt að bandaríski herinn verði kallaður heim frá Írak tókst þeim engu að síður að ná því fram að George W. Bush forseti verður að gera þinginu reglulega grein fyrir því hvernig miðað hefur í Írak.

Í gær kynnti Bush í fyrsta sinn slíka skýrslu á þinginu, og þar kemur fram að árangurinn hafi verið harla blendinn. Meðal annars „vanti nokkuð upp á“ að pólitískar sættir hafi tekist milli andstæðra fylkinga í Írak, öryggisástandið er sagt vera „flókið og afar erfitt“ og efnahagsástandið „misjafnt“. Búist er við „hörðum átökum“ í sumar.

Í skýrslunni, sem er 32 blaðsíður að lengd, er fullyrt að viðunandi árangur hafi náðst í átta viðmiðunaratriðum, óviðunandi í öðrum átta, en blendinn árangur í tveimur atriðum.

Síðasta vetur tilkynnti Bush að þúsundir bandarískra hermanna yrðu sendar til Íraks í viðbót við það lið sem fyrir var. Einungis fáar vikur eru þó síðan allt þetta viðbótarherlið var komið til Íraks, og er tekið fram í skýrslunni að þessi nýja herferð til að bæta öryggisástandið í Írak sé því einungis „rétt að hefjast“.

Í skýrslunni er spjótum beint að þeim bandarísku stjórnmálamönnum, sem hvað mest hafa gagnrýnt hernaðaraðgerðir Bandaríkjanna í Írak. Fullyrt er að erfiðara hafi reynst að ná fram pólitískum sáttum í Írak beinlínis vegna þess að „íraskir stjórnmálaleiðtogar hafi auknar áhyggjur af því að Bandaríkjamenn hafi ekki skuldbundið sig gagnvart Írak til langframa“.

Í skýrslunni eru Sýrlendingar jafnframt sakaðir um að styðja skipulagðar sjálfsmorðsárásir á vegum Al Kaída, sem sendir allt að 50 til 80 sjálfsvígsmenn til Íraks í hverjum mánuði. Einnig eru írönsk stjórnvöld sökuð um að veita öfgasamtökum fjárstuðning.

Bush sagðist engu að síður jafn viss um það og áður að Bandaríkjamenn gætu á endanum náð þeim árangri sem að væri stefnt í Írak. Jafnframt ítrekaði hann að herinn yrði ekki kallaður heim fyrr en ástandið í Írak leyfði það, og „ekki vegna þess að skoðanakannanir segja það vera góða pólitík“.

Demókratar, sem náðu meirihluta á Bandaríkjaþingi í vetur, eru enn að reyna að ná því fram að herinn verði kallaður heim innan tíðar. Frumvarp þess efnis er til umræðu í báðum deildum Bandaríkjaþings en Bush hefur heitið því að beita neitunarvaldi sínu á slík lög. gudsteinn@frettabladid.is

Talinn hafa látið drepa 25:

## Neita að framselja Fujimori

**CHILE, AP** Hæstaréttardómari í Chile hefur neitað að framselja Alberto Fujimori til Perú. Yfirvöld í Perú vilja fá Fujimori, sem var forseti landsins frá árinu 1990 til 2000, framseldan vegna gruns um að hann hafi látið drepa 25 manns. Forsetinn er einnig grunaður um mútur og að hafa misnotað opinbert fé.



ALBERTO FUJIMORI

Fujimori verður í stofufangelsi í Chile í þrjá mánuði til viðbótar þar til fimm hæstaréttardómarar hafa kveðið upp endanlegan dóm um hvort eigi að framselja hann eða ekki. - ifv



**SKRIFAÐ UNDIR** Samningurinn um Þjóðlagaakademínuna var undirritaður í Síldarminjasafninu á Siglufirði. MYND/KRISTÍN VALSDÓTTIR

Þjóðlagaakademía á Siglufirði:

## Námskeið fyrir háskólanema

**MENNTUN** Háskólanámskeið í þjóðlögum verður haldið árlega á Siglufirði. Rektor Kennaraháskólans, Ólafur Proppé, og Gunnsteinn Ólafsson, forsvarsmaður þjóðlagahátíðarinnar, undirrituðu samkomulag um þetta á þjóðlagahátíðinni á Siglufirði um helgina. Fyrsta námskeiðið var haldið í ár.

Háskólanámskeiðið verður haldið samhliða þjóðlagahátíðinni. Ólafur segir að þótt Kennaraháskólinn standi að náminu sé það fyrir alla háskólanema. „Nemendur geta tekið einingar hér á Siglufirði og nýtt sér þær í sínu námi,“ sagði Ólafur. - pal

Á móti fyllingu í Ánanaustum:

## Óheyrilega dýrt að keyra annað

**UMHVERFISMÁL „Það er ótækt að gefa framkvæmdaleyfi fyrir fyllingu við Ánanaust þegar ekki liggur fyrir hvort eða hvað eigi að rísa á viðkomandi fyllingu,“ sögðu fulltrúar Samfylkingar í borgarráði. Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks sögðu næsta mögulega losunarstað fyrir jarðefni úr miðborginni vera 15 kílómetra í burtu á Hólmsheiði. „Það gefur auga leið að efnisflutningar úr miðborg Reykjavíkur að Hólmsheiði hefur verulega neikvæð umhverfisáhrif í för með sér auk þess sem kostnaður vegna þess er óheyrilegur,“ sagði meirihlutinn sem fékk stuðning frá borgarráðsfulltrúa Vinstri grænna og áheyrnarfulltrúa F-lista.** - gar





*MS drykkjarvörur í fjallgönguna*

*MS mjólkurdrykkirnir eru prótein- og kalkríkir og stútfullir af næringarefnum. Veldu þér ískaldan mjólkurdrykk í handhægum umbúðum í næstu verslun.*


Um fjórðungur fólks í fæðingarorlofi sinnir starfi að einhverju leyti í orlofinu:

# Karlar líklegri til að vinna

**FÉLAGSMÁL** Tæplega fjórðungur fólks í fæðingarorlofi sinnir starfi sínu að einhverju leyti á meðan á orlofi stendur. Yfirstjórnendur eru líklegastir til að taka vinnuna með sér í orlofið; gera það í 65 prósentum tilvika.

Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn Bryndísar Jónsdóttur, sem var unnin sem hluti af meistaraverkefni hennar í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands. Um 2.400 manns svöruðu spurningum hennar um eigið fæðingarorlof.

Um 35 prósent karla sögðust hafa unnið í fæðingarorlofinu, en 17 prósent kvenna. Stjórnendur, sérfræðingar, bændur og sjómenn voru líklegastir til að hafa sinnt starfinu meðfram orlofinu.

„Ég hef ekki hugmynd um það út frá þessari rannsókn hvort þetta fólk fær greitt fyrir vinnuna, eða hvort það er að þessu til þess að missa ekki störf sín eða líða ekki illa í orlofinu. Þetta á ekki að vera svona, ef fólki er ekki greitt fyrir á það ekki að vinna í orlofinu og það er lögbrot að greiða fyrir vinnu í fæðingarorlofi ef fólk er á 100 prósent greiðslum frá fæðingarorlofssjóði,“ segir Bryndís.

### ÞEKKJA EKKI RÉTT SINN

Aðeins rúmum þriðjungi þeirra sem tóku þátt í rannsókn Bryndísar Jónsdóttur á fæðingarorlofi var kunnugt um rétt sinn til að taka foreldraorlof, allt að þrettán vikna ólaunað frí í tengslum við fæðingu barns eða ættleiðingu.

Bryndís segir ljóst að allt of fáir þekki þennan lagalega rétt sinn og því þörf á kynningarátaki.



**RANNSAKAÐI FÆÐINGARORLOF** Bryndís Jónsdóttir vann viðamikla rannsókn á fæðingarorlofi, og er sjálf í slíku orlofi í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Um muninn á kynjunum segir Bryndís að karlar taki almennt styttra fæðingarorlof en konur og búi auk þess orlofið frekar niður. Þar með sé algengara að ekki sé ráðið í störf þeirra á meðan á fæðingarorlofi standi og því taki þeir gjarnan einhverja ábyrgð með sér í fæðingarorlofið, eða séu í það minnsta tiltækir fyrir vinnuveitandann. - bj


Ferskt úrvals hrefnukjöt í næsta kjötborði
Ert þú búinn að prófa hrefnu?
Farðu nýjar leiðir og prófaðu hrefnu á grillið.
Nýtt og sérvalið, safaríkt og lungamjúkt á tungu; þú finnur vart betra hráefni og máltíðin verður upplifun.
Meistarakokkarnir mæla með úrvalshrefnukjöti í veisluna – og svo er það þægilegt í matreiðslu.
Þú færð úrvals hrefnukjöt í eftirtöldum verslunum:
NÓATÚN
KRÓNAN
Samkaup úrval
nettó
FK FJARÐARKAUP
KJARVAL
Melabúðin
KASKO
Hrefnuveiðimenn
www.hrefna.is

## VEISTU SVARIÐ?



*1. Í hvaða landi er Rauða moskan sem hefur verið mikið í fréttum síðustu vikuna?*

*2. Í hvaða götu í miðbæ Reykjavíkur er fyrirhugað að koma á fót heimili fyrir heimilislausa menn?*

*3. Hvað heitir ástralska námufyrirtækið sem líklega mun kaupa kanadíska álfyrirtækið Alcan, móðurfélag Alcan á Íslandi, sem rekur álverið í Straumsvík?*

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38.

Forsætisráðherra Ísraels um hið umdeilda stríð við Hezbollah sem hófst fyrir ári:

# Segir stríðið hafa aukið öryggi

**ÍSRAEL, AP** Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, heimsótti í gær byggðirnar nyrst í Ísrael, sem verst urðu úti í hinu mánaðarlanga stríði Ísraels við Hezbollah-skæruliða í Líbanon, en rétt ár var í gær frá því það hófst. Fullyrti Olmert við þetta tækifæri að stríðið, sem sætt hefur mikilli gagnrýni innan Ísraels, hefði gert landamæri landsins öruggari.

Olmert endurnýjaði jafnframt tilboð um að hefja friðarviðræður við Sýrlendinga og tók fram að Ísraelar hefðu „engan áhuga“ á að lenda í stríði við Sýrland. Meðan á ferð Olmerts um landamærabyggðirnar stóð sagði hann að hið 34 daga langa stríð síðasta sumar hefði opinberað veikleika í hernaðargetu Ísraels og sagði að ríkisstjórn sín væri að vinna að því að bæta úr þeim.

Yfir 1.000 Líbanar og 158 Ísraelar, þar af 119 hermenn, féllu í átökunum sem hófust í kjölfar þess að Hezbollah-liðar réðust á ísraelska hermenn sem voru við landamæragæzlu, felldu þrjá og tóku tvo til fanga. - aa



**VIÐ LANDAMÆRIN** Ehud Olmert umkringdur lífvörðum við landamærin að Líbanon í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kona í fimm mánaða fangelsi:

# Barði tvennt með flöskum

**DÓMSMÁL** Rúmlega tvítug kona hefur í Héraðsdómi Austurlands verið dæmd í fimm mánaða fangelsi, þar af tvo mánuði skilorðsbundna, fyrir tvær líkamsárásir á Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði í júlí í fyrra.

Hún sló konu á þrítugsaldri með flösku inni í bíl þegar konan neitaði að gefa henni amfetamín sem hún bað um. Þá tók hún hana hálstaki, reif í hár hennar og lagði annað lærið yfir andlit hennar þannig að djúpt bitsár hlaust af. Seinna sama kvöld lamdi hún mann um tvítugt í höfuðið aftan frá með vínflösku, en hún hafði átt í átökum við hann fyrr um daginn. - sh

Rio Tinto vill kaupa Alcan:

# Alcan verður líklega selt

**ÁSTRALÍA, AP** Ástralska námufyrirtækið Rio Tinto hefur gert tilboð upp á 38 milljarða dollara, eða tæpa 2.300 milljarða króna, í kanadíska álfyrirtækið Alcan, móðurfélag Alcan á Íslandi sem rekur álverið í Straumsvík.

Boð Rio Tinto er hærra en tæplega 1.700 milljarða króna boð bandaríska álfyrirtækisins Alcoa, sem stjórn Alcan hafnaði í maí. Stjórn Alcan ætlar að mæla með því að hluthafar í Alcan taki boði Rio Tinto, en 66,7 prósent þeirra þurfa að samþykkja það.

Ef salan gengur eftir mun nýja fyrirtækið heita Rio Tinto Alcan og hafa aðsetur í Montreal í Kanada. - ifv

## HVAÐ ER RIO TINTO?

Rio Tinto er eitt stærsta námufyrirtæki heims og hefur höfuðstöðvar á Bretlandseyjum og í Ástralíu. Með kaupunum á Alcan verður til stærsta álfyrirtæki í heimi.

Umhverfisverndarhópar og samtök hafa oft lýst yfir áhyggjum vegna starfsemi Rio Tinto. Sérstaklega hefur verið fundið að umhverfissjónarmiðum, öryggismálum og réttindum verkamanna í námum.

Rio Tinto hefur sætt harðri gagnrýni fyrir að valda gríðarlegum umhverfisspjöllum við námur í Nýju Gíneu. Einnig hefur fyrirtækið verið sakað um að stuðla að borgarastyrjöld í Bougainville í Nýju Gíneu.



**HÖFN** Hornfirðingar kvíða samdrætti.

Bæjarráðið á Hornafirði:

# Flýti þjóðgarði við Vatnajökul

**SVEITARSTJÓRNIR Bæjarráð Hornafjarðar vill að ríkisstjórnin flýti stofnun Vatnajökulsþjóðgarðar sem lið í mótvægisaðgerðum vegna kvótaskerðingar.**

**Á fundi sínum í gær sagðist bæjarráðið hafa þungar áhyggjur vegna afleiðinga af kvótaskerðingunni. „Skerðing aflaheimilda hefur víðtækar afleiðingar á atvinnulíf Hornfirðinga, það er sjómenn, fiskverkafólk, fyrirtæki og sveitarfélag,“ segir bæjarráðið, sem auk þess að hvetja ríkið til þess að flýta allri uppbyggingu í tengslum við Vatnajökulsþjóðgarð leggur til að störf á náttúruverndar- og matvælasviði Umhverfisstofnunar verði framvegis staðsett í sveitarfélaginu.** - gar

# Veltan í verslunum eykst þvert á spár

**Velta í smávöruverslun jókst um tæp 11 prósent milli ára og virðist sem ferðalög um landið og sumarylur auki á neyslu landans. Aukningin er þvert á spá fjármálaráðuneytisins, sem reiknaði með 1,3 prósenta samdrætti á einkaneyslu.**

**VERSLUN** Sól og sumarylur virðist hafa ýtt undir veltu verslana í júnímánuði, og sýna mælingar rannsóknarseturs verslunarinnar að velta á smávörumarkaði var 10,9 prósentum hærri í júní en sama mánuði í fyrra.

Þetta stangast á við þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins og Seðlabankans, og verður sannarlega ekki til þess að hvetja Seðlabankann til að lækka stýrivexti.

„Ný og endurnýjuð þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins, og reyndar fleiri spár, gera ráð fyrir því að einkaneyslan minnki eða standi í stað. Það virðist ekki vera samkvæmt þessu. Undanfarna mánuði hefur verið mikil aukning á veltu í smásölu, greiðslukortaviðskipti eru alltaf að aukast og bílainnflutningur virðist aukast mikið,“ segir Emil B. Karlsson, forstöðumaður rannsóknarseturs verslunarinnar.

Vöruverð hefur lækkað um 2 prósent á tímabilinu samkvæmt Hagstofu Íslands, svo aukin velta tengist ekki hærra vöruverði. Helstu skýringuna á þessari aukningu í smásölunni má að líkindum finna á dagatalinu.

„Það voru fimm laugardagar í júnímánuði en ekki fjórir. Það var örugglega talsvert mikil sala um síðustu helgina enda lögðust margir í ferðalög, og gerðu þá vel við sig í mat og drykk,“ segir Emil. „Veðrið skiptir auðvitað líka einhverju máli.“

Þá verður metfjöldi ferðamanna á ferð um landið þetta sumarið, sem Emil segir eflaust eiga sinn þátt í aukningunni. Þó megi gera ráð fyrir því að áhrif ferðamanna verði meiri í júlí og ágúst.

Sala á áfengi í júní var 13 prósentum meiri en árið áður. Sé áfengissala í janúar síðastliðnum borin saman við nýliðinn júní er aukningin 66 prósent. Áfengissala í júní var þannig óvenju mikil, og jafnaðist á við söluaukningu fyrir verslunarmannahelgi á undanförnum árum.

Þá hafði velta á kreditkortum landsmanna aukist 17,8 prósent milli ára í júní en á sama tíma dró úr veltu á debetkortum um 3,5 prósent.

„Þetta er ein af þeim vísbendingum sem við höfum um að það séu meiri umsvif í samfélaginu en við höfðum ætlað,“ segir Sigurður Guðmundsson, sérfræðingur á efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Í endurskoðaðri þjóðhagsspá ráðuneytisins frá miðjum júní var því spáð að draga myndi úr einkaneyslu um 1,3 prósent á árinu 2007.

Von er á nýrri þjóðhagsspá samhliða útgáfu fjárlagafrumvarps í byrjun október, og segir Sigurður þessar tölur verða meðal þess sem tekið verður tillit til í þeirri spá. Ljóst sé að frá því síðasta spá var unnin hafi verið meiri vöxtur á ýmsu sviði, til dæmis í smásölu og bílainnflutningi, en komið hafi verið fram á þeim tíma.

brjann@frettabladid.is



**ÍS Í HITANUM** Sumarhitar undanfarinna vikna hafa haft áhrif á veltu smávöruverslunarinnar, enda gera menn gjarnan vel við sig í mat og drykk á ferðalögum og í sumarfríum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

## SELDU UM 7 MILLJÓNIR LÍTRA AF BJÓR

Hvítvínssala hefur aukist umtalsvert það sem af er árinu. Selst hafa 423 þúsund lítrar, sem samsvara rúmlega 560 þúsund flöskum, sem er 16 prósenta aukning frá sama tíma í fyrra, samkvæmt ÁTVR.

Sala á rauðvíni hefur aukist um 3,5 prósent milli ára, og hafa selst um 1,1 milljón rauðvínsflöskur á fyrstu sex mánuðum ársins.

Aðeins dregur úr kaupum á rósavíni, um 2,2 prósent milli ára.

Bjórdrykkja færist einnig í aukana, og hefur selst 7,1 milljón lítra af bjór það sem af er ári, sem er 6% aukning frá sama tíma í fyrra.

Hlutfallslega mest er samt aukningin í sölu ÁTVR á tekíla og skyldum drykkjum, 139 prósent milli ára, og hafa selst 1.500 lítrar á árinu.

Reykjavíkurmaraþon Glitnis býður erlendu afreksfólki í maraþonhlaupum:

# Ólympíumeistari tekur þátt

**HREYFING** Núverandi ólympíumeistari í maraþonhlaupi karla, Stefano Baldini, verður meðal þátttakenda í Reykjavíkurmaraþoni Glitnis sem fram fer 18. ágúst næstkomandi.

Norska hlaupadrottningin Grete Waitz tilkynnti um þátttökuna á blaðamannafundi í Höfða í gær. Ásamt Baldini hafa sjö aðrir erlendir maraþonhlauparar staðfest þáttöku sína.

Erlendu hlaupararnir, sem hafa allir unnið alþjóðleg maraþonhlaup, koma meðal annars frá Kenía, Tékklandi og Skotlandi. Að sögn forsvarsmanna hlaupsins er búist við að fleiri erlendir hlauparar bætist í hópinn.

Grete Waitz er einn mesti afreksíþróttamaður Noregs fyrr og síðar. Hún hefur átt fjölda heimsmeta í langhlaupi, víðavangs- og maraþonhlaupi og vann gull á heimsmeistaramótinu árið 1983 og silfur á Ólympíuleikunum árið 1984. Auk þess hefur hún unnið Lundúnamaraþonið tvisvar og New York-maraþonið níu sinnum.

Í dag skipuleggur Grete Osló-armaraþonið og segir hún ákvörðun Glitnis um að gerast aðalstyrktaraðili hlaupsins mikinn létti. „Við höfðum lengi átt í erfiðleikum með fjármögnun og ósk Glitnis um samstarf var eins og jólapakki um mitt sumar,“ segir Grete.

Glitnir óskaði eftir aðstoð Grete við skipulagningu Reykjavíkurmaraþonsins og hún tók vel í þá bón. „Ég hef ákveðna þekkingu og reynslu eftir öll þessi ár sem íþróttakona. Ég kem að Reykjavíkurmaraþoninu sem eins konar ráðgjafi og finnst það mjög ánægjulegt,“ segir Grete. -rh



**REYKJAVÍKURMARAÞONIÐ** Grete Waitz kynnti erlenda hlaupara sem taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu á blaðamannafundi í Höfða í gær.


Sumartilboð Vildarþjónustunnar

25%
afsláttur hjá öllum Fosshótelum

www.spar.is

FOSSHÓTEL
Vinalegri um allt land

SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta




# Nú er rétti tíminn fyrir nýtt rúm

## Tempur heilsurúm, stillanleg rúm og heilsukoddar á sumartilboði



### Dýpsta slökun og svefn sem völ er á frá Tempur

Þar sem Tempur dýnan aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði svo sem axlir, mjaðmir, hné og ökkla. Jafnframt styður hún undir og fyllir upp í „holrúmin" sem gjarnan skortir stuðning svo sem mjóbak, háls og hnésbætur.

Tempur dýnan minnkar stórlega þörfina fyrir að bylta sér og snúa í svefni. Rannsóknir sýna að fólk sem sefur á Tempur heilsudýnu byltir sér í svefni að meðaltali 18 sinnum á nóttu, en á öðrum dýnum 80-100 sinnum. Þessi mikli munur felst í því að enginn þrýstingur myndast á líkamshlutum, s.s. mjöðmum, öxlum og höndum.



### Yfir 30.000 læknar, sjúkraþjálfarar og kírópraktorar um heim allan mæla með Tempur

Einstakir þrýstijöfnunareiginleikar Tempur heilsudýnunnar og kodda koma best í ljós við notkun skurðarborða sjúkrahúsa um allan heim. Í aðgerð myndast þrýstipunktar á líkamanum sem hafa valdið fólki miklum sársauka. Til að koma í veg fyrir þetta hafa sjúkrahús um allan heim sett Tempur á skurðarborð sín. Til dæmis Landspítali Háskólasjúkrahús í Fossvogi og við Hringbraut.

**Betra BAK**

**Reykjavík**
**Faxafeni 5**
**Sími 588 8477**

**Ísafirði**
**Skeiði 1**
**Sími 456 4566**

**Akureyri**
**Tryggvabraut 24**
**Sími 462 1410**

**betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is**
**Opið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16**




**ÓVENJUHLÝTT Í KRINGLUNNI** Það var hlýtt í Reykjavík í gær. Ólíklegt hlýtur þó að teljast að hitinn hafi í rauninni náð 68 gráðum eins og auglýsingaskiltið í Kringlunni sýndi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nýtt fimmtíu herbergja hótel neðst á Laugaveginum í burðarliðnum fyrir almenna ferðamenn:

# Gömul hús rifin fyrir nýtt hótel í miðbænum

**MIÐBORGIN** „Hótelið verður fyrst og fremst fyrir hinn almenna ferðamann sem langar til að vera á hóteli niðri í bæ,“ segir Jóhannes Sigurðsson, einn eigenda Kaupangs eignarhaldsfélags sem hyggst reisa 50 til 55 herbergja hótel neðst á Laugaveginum.

Húsin á Laugavegi 4 og 6 verða rifin til að rýma fyrir nýrri byggingu sem tengd verður við húsið á Skólavörðustíg 1a. Saman myndar þessi heild nýja hótelbyggingu.

Nýja húsið verður talsvert umfangsmeira en húsin sem verða rifin og verslunarhúsnæði á þessum stað eykst þannig til muna því verslanir verða á jarðhæðinni. „Það hefur vantað alvöru verslunarrými við Laugaveginn í áratugi,“ segir Jóhannes, sem lofar glæsilegu verslunarhúsnæði.

Á Skólavörðustíg 1a er gallerí sem Jóhannes segir að muni starfa áfram í núverandi mynd og húsið allt algerlega halda útliti sínu.

Kaupangur á fyrir Hótel Plaza við Ingólfstorg. Hann segir að nýja hótelið verði ekki síður glæsilegt. Húsið á Skólavörðustíg er fimm hæðir en nýbyggingin verður þrjár hæðir og auk þess inndregin fjórða hæð. Skipulagsráð Reykjavíkur hefur nú vísað tillögu um hönnun nýja hússins til rýnihóps um útlit bygginga í miðborginni.

„Við höfum undirbúið þetta lengi og vonumst til að geta hafist handa af krafti mjög fljótlega. Eins og aðrir sem byggja við Laugaveginum viljum við valda sem minnstu raski fyrir alla,“ segir Jóhannes. - gar



**LAUGAVEGUR OG SKÓLAVÖRÐUSTÍG** Húsin á Laugavegi 4 og 6 verða rifin og ný bygging tengd við Skólavörðustíg 1a sem sést gnæfa yfir fyrir aftan. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vildi alls ekki sitja í kviðdómi:

## Sagðist lyginn hommahatari

**BANDARÍKIN Maður í Massachusetts í Bandaríkjunum reyndi heldur óhefðbundna leið til að koma sér undan kviðdómsskyldu á dögunum. Hann tilkynnti dómaranum að hann væri algerlega óhæfur til starfans, væri lyginn, hommafælinn og kynþáttahatari.**

**Dómarinn efaðist um trúverðugleika mannsins og spurði hann hvort hann væri hugsanlega að ljúga því að hann væri lygari. „Ja, ég veit það ekki. Það gæti svo sem verið,“ svaraði maðurinn. Móðir hans varði meinta hreinskilni mannsins en dómarinn var lítt hrifinn og lét hneppa hann í varðhald.**

**„Á ferli mínum hef ég aldrei séð neinn jafnákveðinn í að sleppa undan kviðdómssetu,“ sagði hann. - sh**

Minnihluti í borgarstjórn fagnar réttrúnaðarkirkju:

## Múslimar beðið í sjö ár eftir mosku

**SKIPULAGSMÁL** Minnihlutinn í borgarráði segi brýnt að múslimar í Reykjavík fái lóð undir mosku í borgarlandinu. Þetta kemur fram í bókun þar sem minnihlutinn fagnar samkomulagi borgarinnar og safnaðar Moskvu-Patriarkatsins um lóð fyrir rússnesku rétttrúnaðarkirkjuna á Mýrargötu 20.

„Jafnframt er það áréttað að múslimar í borginni hafa beðið í tæp sjö ár eftir lóð undir mosku. Það er því brýnt að þeir fái úrlausn sinna mála hið snarasta,“ sögðu borgarráðsfulltrúar Vinstri grænna og Samfylkingar og áheyrnarfulltrúi F-listans. - gar



**KLETTAMOSKAN Í JERÚSALEM** Minnihlutinn í borgarráði segir brýnt að múslimar fái mosku í Reykjavík.

# Sátt náðist um Hitaveitu Suðurnesja

**Átökum um Hitaveitu Suðurnesja er lokið með samkomulagi um eignarhald. Reykjanesbær, Hafnarfjarðarbær, Geysir Green Energy og Orkuveita Reykjavíkur verða eigendur. Einkavæðing er hafin.**

**ORKUMÁL** Átökum um Hitaveitu Suðurnesja (HS) er lokið eftir að gert var samkomulag um eignarhald fyrirtækisins í gær. Bæjarráð Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðar samþykktu eignarhald og samstarf innan HS sem gerir Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og Geysir Green Energy (GGE) kleift að gerast hluthafar í fyrirtækinu. Reykjanesbær verður ráðandi hluthafi með 35 prósenta eign; hlutur GGE mun verða 32 prósent sem og OR að því gefnu að Hafnarfjarðarbær selji fyrirtækinu rúmlega fimmtán prósenta hlut sinn.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, segir niðurstöðuna tryggja stöðu HS sem sjálfstæðs fyrirtækis með höfuðstöðvar á Suðurnesjum. Náðst hafi að tryggja meirihluta sveitarfélagsins í fyrirtækinu og það markmið að fá öfluga samstarfsaðila. „Við fögnum því að einkaframtakið skuli vera virkjað og finnum að hér koma að fyrirtækinu sterkir aðilar með fjármagn og ferskar hugmyndir.“ Árni segir að alltaf hafi verið stefnt að því að halda ráðandi hlut og það hafi náðst þrátt fyrir að Reykjanesbær selji eftir um fimm prósent hlut til GGE og OR. „Með samkomulaginu fáum við bæði fjármagn til að spila úr og sátt innan fyrirtækisins.“

Gunnar Svavarsson, bæjarfulltrúi í Hafnarfirði, segir að staða sveitarfélagsins innan HS sé tryggð með samkomulaginu. „Það felst í því að samþykktum verður ekki breytt án vilja okkar.“ Gunnar segir að kauptilboð liggi fyrir frá OR um kaup á fimmtán prósenta hlut sveitarfélagsins. „Hvort því verður tekið hefur ekki verið rætt.“

Ásgeir Margeirsson, forstjóri GGE, fagnar niðurstöðunni og segir framtíðarsýn eigendahópsins skýra. „Þar liggja tækifærin til framtíðar. Íslendingar hafa gríðarlega tæknilega þekkingu í orkumálum og nú er tækifæri til að nýta hana með fjárfestingum erlendis.“ GGE greiðir um sextán milljarða króna fyrir tæplega þriðjungshlut í HS.

Með samkomulaginu lýkur atburðarás sem hófst í lok apríl þegar Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra tók tilboði GGE um kaup á fimmtán prósent hlut ríkisins í HS. Um samkomulagið nú vill Árni ekki tjá sig sérstaklega né heldur þá staðreynd að einkavæðing orkufyrirtækja á Íslandi er nú hafin. „Ríkið er komið út úr fyrirtækinu. Þetta eru viðskipti á frjálsum markaði og niðurstaðan er þessi.“

svavar@frettabladid.is



**SVARTSENGI** Baráttan um eignarhald í Hitaveitu Suðurnesja lauk í gær með sáttasamkomulagi Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### ATBURÐARÁSIN Í HITAVEITUMÁLINU

**30. apríl** Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra tekur tilboði Geysir Green Energy (GGE) í 15,2 prósent hlut ríkisins í Hitaveitu Suðurnesja á genginu 6,7. Tilboðið er 7,6 milljarða króna virði.

**29. júní** Orkuveita Reykjavíkur (OR) gerir sveitarfélögum tilboð um kaup á eignarhluta á genginu 7. Grindavíkurbær hafði frumkvæði að sölunni.

■ Sveitarfélög semja við GGE eftir að fyrirtækið yfirbauð OR á genginu 7,1.

**2. júlí** Reykjanesbær og Hafnarfjarðarbær lýsa yfir að þeir muni nýta forkaupsrétt sinn til að tryggja hagsmuni sína innan fyrirtækisins.

■ Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar var samþykkt að beita forkaupsrétti gagnvart öllum fölum hlutum sem Hafnarfjarðarbær á rétt á.

■ Stjórn OR ákveður á fundi kaup á hlutum Hafnarfjarðar og Grindavíkur í HS. Samkvæmt samningunum nýta sveitarfélögin forkaupsrétt sinn á 15 prósenta hlut ríkisins og selja OR þá hluti. OR skuldbindur sig til að kaupa 15,4 prósenta hlut Hafnarfjarðar til viðbótar.

■ Grindavík selur Orkuveitunni einnig 8 prósent af 8,51 prósents hlut sínum í HS á genginu 7.

■ Bæjarstjórn Reykjanesbæjar samþykkir að nýta sér forkaupsrétt á 15,2 prósenta hlut ríkisins í OR.

**3. júlí** Þrjú sveitarfélög; Grindavíkurkaupstaður, Hafnarfjarðarbær og Reykjanesbær, tilkynna fjármálaráðuneytinu um að þau ætli að nýta sér forkaupsrétt sinn.

**12. júlí** Samkomulag Hafnafjarðarbæjar, Reykjanesbæjar, GGE og OR um samstarf. Grindavík, Sandgerði, Garður og Vogar halda rúmlega 1 prósent hlut.



# IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR

Þrýstijöfnun er lykilorðið





iq-care.com

## Ein besta heilsudýna í heimi

**IQ-CARE** aðlagast fullkomlega að líkamanum og tryggir dýpri og betri svefni.
**IQ-CARE** er svæðisskipt og gefur því réttan stuðning fyrir mjóbak og axlir.
**IQ-CARE** er með opnari efniseiginleika en flestar vörur úr skyldum efnum og andar því betur.
**IQ-CARE** aðlagast hraðar að líkamanum en flest rúm úr skyldum efnum.
**IQ-CARE** er ein sterkasta efnablanda sem þróuð hefur verið og endist því lengur en skyldar vörur.
**IQ-CARE** þrýstijöfnunarefnið er mikið notað og viðurkennt af sjúkrahúsum og heilsustofnunum.

## VELDU AÐEINS ÞAÐ BESTA!

## S-CAPE
WALLHUGGER



**Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 369.900 stgr.**

**Rúm sem dregst að veggnum þannig að þú helst við hlið náttborðsins.**

- Mest seldi botninn í heiminum.
- Upplýst þráðlaus fjarstýring með öllum stillingum.
- Sterkir og hljóðátir þýskir lyftumótorar.
- Sér stilling fyrir höfuðlag.
- Öflugir nuddmótorar með sjálfvirkum tímarofa.
- Einn allra sterkasti stálgrindarbotn sem framleiddur er í dag.
- Öll liðarmót úr flugvélaplasti.
- 12 ára ábyrgð.



SWISSFLEX

50 ára reynsla



**Loftrúm án rafmagns**

## PROFLEX



**Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu**
**Dæmi: 160 x 200 cm kr. 219.900 stgr.**

**Mest selda stillanlega rúmið á Íslandi. Frábær reynsla.**

- Sterkir og hljóðlátir þýskir mótorar.
- Stýring er einföld og þægileg.
- Mýkra axlasvæði og stillanlegt mjóbakssvæði.
- Hægt að fá stillanlega fætur sem ráða hæð rúmsins.
- 5 ára ábyrgð.

**Ef þig vantar gott og sterkt stillanlegt rúm þá er PROFLEX lausnin.**



Frí þrýstijöfnunarmæling sem greinir hvaða dýna hentar þér best

## SVEFN & HEILSA GEGNIR MIKILVÆGU HLUTVERKI




Svefn & heilsa

AKUREYRI



EGILL ÞORSTEINSSON KÍRÓPRAKTOR




Svefn & heilsa

REYKJAVÍK

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00**

www.svefn.is



**VILJA LÁTA OPNA** Hópur Palestínumanna safnaðist saman í gær við landamærahliðið við Rafah sunnarlega á Gazasvæðinu og kröfðust þeir þess að hliðið yrði opnað svo hægt væri að komast í gegn til Egyptalands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Róttækir múslímar hóta hefndaraðgerðum vegna Rauðu moskunnar:

# Abdul Aziz boðar byltingu

**PAKISTAN, AP** Maulana Abdul Aziz, hinn handtekni æðstiklerkur Rauðu moskunnar í Íslamabad, fékk í gær leyfi til að stjórna bænahaldi við útför hins fallna bróður síns, Abdul Rashid Ghazi, helsta leiðtoga uppreisnarmanna moskunnar.

„Ef guð lofar, þá verður íslömsk bylting brátt gerð í Pakistan,“ sagði Aziz við útförina. „Blóð píslarvottanna mun bera ávöxt.“

Árás hersins á moskuna nú í vikunni hefur orðið vatn á myllu strangtrúaðra múslíma í Pakistan og bæði talibanar og al-Kaída hafa nú boðað hefndaraðgerðir. Í gær var efnt til mótmælafunda á að minnsta kosti þremur stöðum í Pakistan og í norðvesturhéraðinu voru gerðar tvær sjálfsvígsárásir.

Pervez Musharraf, forseti Pakistans, hefur á hinn bóginn áunnið sér virðingu hófsamari múslíma í landinu fyrir að ráðast til atlögu gegn hinum strangtrúuðu öflum sem höfðu hreiðrað um sig í moskunni, í hjarta höfuðborgar landsins, skammt frá þinghúsinu og hæstarétti.

Fyrir fimm árum hét Musharraf því að ná tökum á þúsundum íslamskra kóranskóla, svipuðum þeim sem tengdust Rauðu moskunni í Íslamabad, sem margir telja uppeldisstöðvar fyrir herskáa múslíma.

Shaukat Aziz forsætisráðherra segir að stjórnin muni nú grípa til harðra aðgerða gegn öllum slíkum skólum, sem tengjast herskáum öflum. - gb



**ÚTFÖR GHAZIS** Abdul Rashid Ghazi, næstæðsti klerkur Rauðu moskunnar í Íslamabad, var borinn til grafar í gær í þorpinu Basti Abdullah. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Æðstur embættismanna:

## Magnús Þór skrifstofustjóri

**STJÓRNMÁL** Magnús Þór Gylfason hefur verið ráðinn skrifstofustjóri borgarstjóra og starfandi borgarritari.



**MAGNÚS ÞÓR GYLFASON**

Magnús Þór gegnir starfinu í leyfi Kristínar Á. Árnadóttur sem ráðin var til starfa í utanríkisráðuneytið og leiðir nú framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Magnús Þór er þrjátíu og þriggja ára viðskiptafræðingur úr Háskólanum í Reykjavík. Hann gegndi starfi skrifstofustjóra og verkefnisstjóra á skrifstofu borgarstjóra síðasta vetur og situr í starfshópi borgarstjóra um bættan rekstur Reykjavíkurborgar. - lbb

Fyrstu kartöflur sumarsins:

## Nýjar kartöflur ruku úr hillum

**MATUR Fyrstu kartöflur sumarsins voru teknar upp í fyrradag. Þær voru keyrðar beinustu leið í verslanir og ruku þaðan út það sem eftir var dagsins.**

**Birkir Ármannsson, bóndi í Þykkvabæ, segir uppskeruna ágæta en fyrstu dagana sé í raun aðeins um sýnishorn að ræða. „Það kemur frekar lítið upp alveg í byrjun, en uppskeran ætti að vera komin á skrið í lok næstu viku,“ segir hann. „Þangað til verður fólk bara að mæta snemma í búðirnar til að missa ekki af kartöflunum.“**

**Næstu vikurnar verða kartöflur teknar upp daglega og sendar jafnóðum í verslanir.** - sþs

# Rafræn skilríki í stað auðkennislykla

**Rafræn skilríki fara í almenna dreifingu í haust. Skilríkin verða lykill fólks að ýmsum vefsíðum eins og heimabanka og þjónustusíðum sveitarfélaga og ríkis. Notkun skilríkjanna jafngildir venjulegri undirskrift.**

**VIÐSKIPTI** Dreifing á rafrænum skilríkjum til auðkennis og rafrænna undirskrifta hefst í haust. Kortin munu með tímanum leysa af hólmi auðkennislyklana sem bankarnir dreifðu fyrr á þessu ári.

„Bankar og sparisjóðir byrja að dreifa kortunum til sinna viðskiptavina í haust. Þau koma í staðinn fyrir venjuleg debetkort þannig að það eru engin viðbótarkort sem fólk þarf að hafa. Bara debetkort með örgjörva,“ segir Haraldur Bjarnason, sérfræðingur hjá fjármálaráðuneytinu. Ráðuneytið vinnur að þróun skilríkjanna ásamt Auðkenni hf., sem er sérhæft fyrirtæki um öryggismál rafrænna viðskipta í eigu allra helstu fjármálastofnana landsins.



**RAFRÆN SKILRÍKI** Fartölva búin kortalesara sem verður staðalbúnaður í framtíðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

„Auðkennislyklarnir munu lifa einhvern tíma til viðbótar. Bankarnir hafa enn ekki ákveðið hvernig staðið verður að dreifingu; hvort allir fái kortin í einu eða bara við endurnýjun debetkorta,“ segir Logi Ragnarsson, framkvæmdastjóri Auðkennis hf.

Skilríkið verður lykill að vefsíðum eins og netbanka, hægt verður að skrifa undir skjöl og pappíra og mögulegt verður að takmarka aðgang að spjallborðum við ákveðna hópa, til dæmis unglinga á aldrinum fjórtán til sextán ára.

Hægt verður að fá kortalesara sem tengist við tölvu á einfaldan hátt. Nú þegar er hægt að fá fartölvur með kortalesara og verður það væntanlega staðalbúnaður í tölvum í framtíðinni.

„Til einföldunar er hægt að setja notkun kortanna í þrjá flokka. Þetta verða debetkort sem stungið er í sérstaka posa og lykilorð slegin inn til staðfestingar á greiðslu. Þetta verða auðkenni til innskráningar á vefi, til dæmis netbanka. Að lokum er þetta rafræn undirskrift. Fólk getur þá sótt um lán í netbankanum og skrifað undir rafrænt með því að setja kortið í lesarann og slá inn lykilorð,“ segir Vilhjálmur Halldórsson hjá Glitni.

Spurður um kostnað við útgáfu auðkennislykla segist Vilhjálmur ekki hafa þær tölur. „Auðkennislyklarnir voru skref í átt að auknu öryggi. Rafrænu skilríkin eru síðan rökrétt framhald af þeim og hagkvæm lausn sem tryggir öryggi til framtíðar,“ segir Vilhjálmur.

andriv@frettabladid.is

## AUÐKENNISLYKLAR

Sumarið 2006 hófst dreifing á auðkennislyklum til fyrirtækja. Snemma árs 2007 hófst dreifing til almennra viðskiptavina.

Logi Ragnarsson, framkvæmdastjóri Auðkennis hf., segir að útgáfa auðkennislyklana hafi verið nauðsynlegt skref til að auka öryggi viðskiptavina bankanna. „Rafrænu skilríkin voru væntanleg í framtíðinni. Það var bara svo margt óljóst í sambandi við útgáfu þeirra. Hvenær þau yrðu gefin út og hvaða lausn yrði valin með tilliti til staðla og þess háttar,“ segir Logi. Hann segir að enginn vafi sé á því að útgáfa lyklanna hafi átt rétt á sér þrátt fyrir að útgáfa rafrænna skilríkja hefjist í haust.

„Það hafa engin mál komið inn á borð til okkar sem tengjast innbrotum í heimabanka frá því að auðkennislyklarnir komu,“ segir Steinarr Ómarsson rannsóknarlögreglumaður.

Framdi fjölda auðgunarbrota:

## Í gæsluvarðhald eftir mörg brot

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhald yfir konu sem framdi fjölda afbrota eftir að henni hafði verið sleppt úr varðhaldi fyrr á árinu.

Konan er sökuð um að hafa brotist inn í bíl og stolið veski, brotist inn í fleiri bíla ásamt tveimur öðrum stúlkum, brotist inn í íbúð og keyrt undir áhrifum lyfja og áfengis.

Hæstiréttur taldi ljóst að ákærða myndi halda áfram brotaferli sínum yrði hún látin laus, enda fjármagnaði hún fíkniefnaneyslu sína með auðgunarbrotum. - sgj

Vændiskona yfirheyrð:

## Á vegum franskrar fylgdarþjónustu

**LÖGREGLUMÁL Vændiskonan sem kom hingað til lands á mánudaginn í þeim tilgangi að selja blíðu sína var yfirheyrð af lögreglu í gær og sleppt.**

**Vændi á Íslandi er ólöglegt en refsilaust nema þriðji aðili tengist málinu. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu var konan hér á vegum franskrar fylgdarþjónustu. Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar, segir að mun erfiðara sé að eiga við mál þegar fyrirtæki erlendis eiga í hlut. „Við vorum aðallega að rannsaka hvort um þriðja aðila væri að ræða og hvort einhverjir Íslendingar kæmu að máli,“ segir Björgvin.**

**Vændiskonan er tuttugu og þriggja ára og hefur að sögn lögreglu stundað vændi í Frakklandi og heimalandi sínu, Rússlandi.** - lbb



Gagnaveita Sauðárkróks stefnir á að bærinn verði ljósleiðaravæddur árið 2009:

# Ljósleiðaravæðing hafin í Skagafirði

**FJARSKIPTI** „Framkvæmdir hefjast núna í sumar og við stefnum á að allur bærinn verði ljósleiðaravæddur árið 2009. Þá verður Sauðárkrókur í hópi þeirra þéttbýlisstaða sem tekið hafa forystu í möguleikum í nýtingu á upplýsingatækni,“ segir Karl Jónsson, verkefnisstjóri hjá Gagnaveitu Skagafjarðar. Gagnaveitan er félag í eigu sveitarfélagsins, Skagafjarðarveitna, Kaupfélags Skagfirðinga, Byggðastofnunar og fleiri smærri aðila.

Bænum hefur verið skipt í fjögur verksvæði og er stefnan að strax í haust verði fyrsta svæðið tengt og komið í notkun. „Fjölnet og Vodafone hafa nú þegar ákveðið að veita þjónustu um kerfið. Fleiri fyrirtæki hafa sýnt áhuga á að nota kerfið. Ég á von á því að í lok ársins verði þau orðin fleiri,“ segir Karl.

Á dögunum var haldinn kynningarfundur með íbúum fyrsta verksvæðisins. „Það var mjög góð mæting og mikill áhugi sem fólk sýndi verkefninu. Við höfum lagt mikla áherslu á að setja upplýsingarnar fram á auðskiljanlegan hátt þar sem þetta er nýtt fyrir fólki. Íbúarnir hafa verið mjög ánægðir með það,“ segir hann.

Á síðasta ári var lokið við að ljósleiðaravæða Seltjarnarnes og sveitarfélagið þar með það fyrsta í heiminum til að ljósleiðaravæðast. - aví



**LJÓSLEIÐARI** Í sumar hefst fyrsti áfangi í ljósleiðaravæðingu Sauðárkróks. Verkinu lýkur árið 2009. MYND/FJÖLNET

N1

N1 toppasett 3/8"
889 H02A339
5.990,-
7.998,-

JÚLÍTILBOÐ

Í stórverslun N1 að Bíldshöfða færðu allar nauðsynlegar vörur fyrir bílinn í miklu úrvali, ýmislegt sem gerir ferðalagið skemmtilegra og tryggir að þú komist heilu og höldnu á leiðarenda.

Drullutjakkur
835 530110
6.990,-
9.990,-

Farangursbox 430L
820 731846
42.100,-
53.900,-

Dekkjaviðgerðarsett
664 210 215
4.900,-
7.210,-

EINNIG:
3T hjólatjakkur
835 511022
3.990,- 5.990,-

2T hjólatjakkur
835 511020
1.490,-
1.990,-

2 STÆRÐIR
B94 H45 D44
B46 H33 D33

Álbox á beisli m/lás
134 TB240038T
28.798,-
35.998,-

CD/MP3
iPOD tengimöguleikar
FM/MW/LW - 30 stöðva minni
4x45W Mosfet magnari
16 lita skjár með næturlýsingu

Blaupunkt Valencia MP36
356 7646080310
16.900,-

Bílasápa 1L
115 SWW1L
320,-
463,-

Samlokugrill 12v
093 RPDF168
1.590,-
1.997,-

N1 VERSLUN BÍLDSHÖFÐA 9 · SÍMI 440 1200
OPIÐ VIRKA DAGA 8-18
OPIÐ LAUGARDAGA 10-14

Fíton/SÍA

AGA GASOL HEIM
Alla daga frá kl. 10 til 22

800 5555

Alla daga frá 10 til 22

Linde Gas | AGA


ÚRBEINAÐ LAMBALÆRI - LAMBALÆRISSNEIÐAR - GRÍSAKÓTELETTUR
Grillkryddaða Pottagaldra kjötið
ÁN SALTS
ÁN MSG
30%
afsláttur
við kassann
POTTAGALDRAR
HELGARSTEIK
ÁN SALTS
ÁN MSG
POTTAGALDRAR
GRÍSAKÓTILETTUR
POTTAGALDRAR
LAMBALÆRISSNEIÐAR
ÁN SALTS
ÁN MSG
30%
afsláttur
við kassann
Bónus býður betur!
TILBOÐ
350 gr
Kartöflu salat
TILBOÐ
350 gr
Hrá salat
KF SALAT
95
KR.
350g
Gott á grillið!
BBQ
BBQ
30%
afsláttur
við kassann
BBQ leggir/læri
kílóverð nú:
368
KR.
Merkt verð 525KR.
2 lítrar
95
KR.
Fanta
APPELSÍN
Fínt í ferðalagið!
KF villi framhryggur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1399
KR.
Merkt verð: 1998KR.
KJARNAFÆÐI
KJARNAFÆÐI
KF herragarðs svínakótelettur
KÍLÓVERÐ NÚ:
1116
KR.
Merkt verð: 1594KR.
30%
afsláttur
við kassann
AFSLÁTTUR VIÐ KASSANN
Herragarðs svínakótelettur og villikryddaðar lambaframhryggjarsneiðar
ERAN/Landlist
BÓNUS



Kjúklingabringur - íslenskar og ferskar
35% afsláttur við kassann
FERSKAR HOLTABRINGUR
kílóverð nú:
1563 KR.
Merkt verð 2405KR.
Nýtt kortatímabil!
Ferskir bitar
Holtavængir
kílóverð nú:
179 KR.
Merkt verð 300KR.
40% afsláttur við kassann
Holtalæri/-leggir
kílóverð nú:
363 KR.
Merkt verð 605KR.
Gott á grillið!
Grillkryddaður íslenskur lax
NF grill laxabitar
kílóverð nú:
898 KR.
Merkt verð 998KR.
EKKERT BRUDL
500 ml
59 KR.
MIX/APPELSÍN
Egils APPELSÍN
Bónus samloka
tilboðsverð:
95 KR.
Verð áður 139KR.
Skinka
Rækjur
Túnfiskur
Tilboð í TUGATALI!
Komdu á bonus.is
Matarkarfa að upphæð 20.000KR. dregin út í póstlistanum í hverri viku til 1. sept.!
EKKERT BRUDL
HEILT KÍLÓ!
26 SNEIÐAR
Kornbrauð
Kílóbrauð!
95 KR.
3.7KR. sneiðin
Tilboð
Komið í Bónus!
BÓNUS
HANGIALEGG
40% afsláttur við kassann
Fituminna hangiálegg
KÍLÓVERÐ NÚ:
1689 KR.
Merkt verð: 2825KR.
Vinsælasti orkudrykkurinn í Bónus
250 ml
189 KR.
Froosh
100% pure fruit smoothie
BÓNUS

## „ORÐRÉTT“

### Hellidemba

**„Við erum búin að fá mikið af skammaryrðum í blöðunum, það er búið að segja að við séum eigingjörn, skorti mannkærleika og fleiri ásökunum hefur verið dembt yfir okkur.“**

EDDA ÓLAFSDÓTTIR, ÍBÚI AÐ NJÁLSGÖTU, HEFUR ÁHYGGJUR AF HEIMILI FYRIR HEIMILISLAUSA VIÐ NJÁLSGÖTU.

**Fréttablaðið, 12. júlí.**

### Varkár og vongóð

**„Okkur var bara sagt að búast við hinu versta og vona það besta.“**

BIRNA SKARPHÉÐINSDÓTTIR ÞARF AÐ FLYTJA ÚR FÉLAGSLEGU HÚSNÆÐI Í REYKJANESBÆ, ÞAR SEM HÚSIÐ VAR SELT.

**Fréttablaðið, 12. júlí.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** HELGA KRISTÍN AUÐUNSDÓTTIR LÖGFRÆÐINGUR

## *Hann er alveg jafn góður í þessu og ég*

Helga Kristín Auðunsdóttir er í fæðingarorlofi en hún og unnusti hennar, Einar Þorsteinsson, eignuðust dótturina Auði Bertu hinn 4. febrúar. „Það er allt frábært að frétta. Mér finnst yndislegt að vera í fæðingarorlofi. Ég er búin að vera í fimm mánuði og fer að vinna aftur í lok september hjá Fjölgreiðslumiðlun.“ Helga Kristín er einnig varaformaður Sambands ungra sjálfstæðismanna (SUS) og varaborgarfulltrúi: „Ég hef verið varaformaður SUS í tæp tvö ár og því tímabili fer að ljúka. Ég hef ekki gert upp hug minn að svo stöddu hvort ég bjóði mig aftur fram. Það kemur í ljós. Ég hef líka setið nefndarfundi í borgarstjórn á meðan ég hef verið í fæðingarorlofi.“

Helga Kristín, Einar og Auður Berta lögðu land undir fót í lok maí. „Við fjölskyldan fórum til Spánar og vorum þar í mánuð. Við ferðuðumst til Ciudad Real og Andalúsíu og fórum meðal annars til Sevilla, Cadiz og Madríd. Það var voða lítið mál að ferðast með Auði Bertu. Hún var alltaf brjáluð í bíl á Íslandi en var hins vegar mjög góð í bílnum á Spáni. Ég held að hún hafi bara fílað Spánverjana betur. Þegar við fórum út að borða svaf hún í kerrunni fram eftir kvöldi og fékk mikla athygli frá heimamönnum.“

Helga Kristín segir blendnar tilfinningar fylgja því að fara aftur að vinna. „Ég er spennt að fara aftur að vinna en auðvitað finnst mér erfitt að fara frá Auði Bertu og mér finnst þessi tími hafa liðið hratt. Einar fer þó í fæðingarorlof um leið og ég fer að vinna þannig að það væsir ekki um hana, hann er alveg jafn góður í þessu



## METAN
### MYNDAST VIÐ ROTNUN

■ Metan er lífræn gastegund, og einfaldasta kolvetnislofttegundin. Metan er af gerð alkana, er sett saman úr kolefnisfrumeind og fjórum vetnisfrumeindum, og hefur því efnaformúluna $CH_4$. Við bruna þess myndast vatn og koltvísýringur, en mun minni koltvísýringur en við bruna flestra annarra gastegunda. Því er metan talið fýsilegt eldsneyti. Metan er meðal annars notað sem bílaeldneyti og til húshitunar sums staðar erlendis. Metan myndast einnig gjarnan þegar lífræn efni rotna og er það talið eiga þátt í gróðurhúsaáhrifum.

## SJÓNARHÓLL
### MÁVAR



TINNA ÞORSTEINSDÓTTIR PÍANÓLEIKARI

## *Ekki hrifin af þessum fugli*

„Já, mávarnir eru úti um allt. Þeir eru til dæmis á túninu fyrir framan húsið mitt akkúrat núna,“ segir Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari, sem býr í Hafnarfirði. „Ég er ekkert rosalega hrifin af þessum fugli, ég er meira fyrir endurnar. Það er kannski fulllangt gengið að skjóta þá á færi en ég veit satt að segja ekki hvað annað er hægt að gera til að minnka ágang mávanna.“

Hún segist hafa verið í hjólatúr með manninum sínum um daginn þar sem þau hafi hjólað niður að Læknum í Hafnarfirði. „Þar sáum við hjón með lítið barn gera heiðarlega tilraun til að gefa öndunum brauð en mávarnir átu það alltaf strax. Þetta var bara sorgarsjón, endurnar vildu borða en mávarnir komu alltaf í veg fyrir það. Barnið var alls ekki sátt við að endurnar fengju ekkert að borða.“



**EINBEITING** Mummi er einbeittur á svip í þann mund sem hann stekkur.



**TEKIÐ AF STAÐ** Báturinn dregur Einar Elí Magnússon af stað.



**GLÆSILEGT SVIF** Keppt er á sjóbretti á mótum í Bandaríkjunum þar sem menn fá stig fyrir að gera listir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR


Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni



Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband í síma 5505844 | orn.geirsson@365.is

Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið

*Gallup maí 2006


# Alltaf nægur sjór

**Sjóbretti eða Wakeboard er jaðaríþrótt sem er að ryðja sér til rúms á Íslandi. Íþróttin er ekki ósvipuð snjóbrettaiðkun nema í staðinn fyrir brekku og snjó er bátur og sjór. Menn eru dregnir á bretti af báti, sem svipar til snjóbrettis, og stökkva og gera listir í kjölsogi bátsins. „Þetta er bara eins og að vera á snjóbretti með endalausan stökkpall,“ segir Guðmundur Vigfússon sjóbrettaiðkandi.**

„Þetta er ein besta og skemmtilegasta líkamsrækt sem fólk kemst í.“ segir Guðmundur eða Mummi eins og hann vill láta kalla sig. „Menn endast varla lengur en klukkutíma í einu. Þá er maður pottþétt með harðsperrur daginn eftir,“ segir hann.

Mummi hefur stundað sjóbretti í tæp tvö ár. „Ég kynntist þessu sporti í Bandaríkjunum þar sem þetta er upprunnið,“ segir hann. Mummi hefur ásamt félögum sínum komið sér upp aðstöðu í Hafnarfirði þar sem þeir eru með bát sem dregur þá. „Við erum með allan útbúnað þarna þannig að ef fólk hefur áhuga á að prufa þetta er hægt að leigja allar græjurnar hjá okkur. Kostnaðurinn við að stunda þetta er bara svipaður og við snjóbrettaiðkun,“ segir Mummi.

Aðspurður segir Mummi að þeim verði ekki kalt við að busla svona í sjónum. „Við erum í þykkum og mjög þægilegum göllum sem halda á okkur hita. Við stundum þetta allan ársins hring jafnt sumar sem vetur án þess að finna fyrir kulda.“

„Þessi íþrótt er tilvalin fyrir snjóbrettamenn. Það er alveg hætt að snjóa neitt að ráði og bara örfáir dagar til snjóbrettaiðkunar. Við höfum hins vegar alltaf nægan sjó,“ segir hann að lokum. Fyrir þá sem vilja kynna sér íþróttina betur er hægt að nálgast upplýsingar á síðunni jadarsport.is.

**andriv@frettabladid.is**



**HAFNARFJÖRÐUR Í BAKSÝN** Svigað í kjölsoginu.


Sjónvarps-
tækifæri
Life's Good LG
ÓTRÚLEGT VERÐ!
Tilboð
149.900
42PC1RR
Upplausn 1024x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.200
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms
Verð
299.900
80 GB UPPTÖKU-DISKUR
50PC1RR
50"
Upplausn 1366x768
Skerpa 10.000:1
Birtustig 1.000
80 GB harður diskur
Viðbragðstími innan við 1 ms
Verð
189.900
42LC51
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 5 ms
Aðeins 8 cm á þykkt
Verð
219.900
42LC2D
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1600:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms
Stafrænn móttakari
Kortarauf
Verð
199.900
80 GB UPPTÖKU-DISKUR
42LC2RR
42"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8 ms
Verð
179.900
80 GB UPPTÖKU-DISKUR
37LC2RR
37"
upplausn 1366x768
Skerpa 1.600:1
Birtustig 500
80 GB harður diskur
Viðbragðstími 8ms
Verð
109.900
32LC51
32"
Upplausn 1366x768
Skerpa 5000:1
Birtustig 450
Viðbragðstími 8 ms
Aðeins 8 cm á þykkt
Verð
119.900
32LC2RB
32"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1000:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms
Verð
98.900
26LC2R
26"
Upplausn 1366x768
Skerpa 1.200:1
Birtustig 500
Viðbragðstími 8 ms
Verð
64.900
20LC1RB
26"
Upplausn 640x480
Skerpa 500:1
Birtustig 550
Viðbragðstími 16 ms
Verð
95.900
23LC1RB
23"
Upplausn 1366x768
Skerpa 600:1
Birtustig 600
Viðbragðstími 8 ms
RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF
- ANNO 1929 -
Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is www.ri.is
Opið: Virka daga kl. 9-18 • Laugardaga 11-16
LG Life's Good

**KAUPHÖLL ÍSLANDS** *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
8.759 **+0,43%**

**Fjöldi viðskipta:** 658
**Velta:** 10.745 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| ACTAVIS | -1,16% | ÖSSUR | 0,47% |
| TEYMI | 1,08% | ICELANDAIR | 0,16% |
| GLITNIR | 1,03% | EIMSKIPAFÉLAGIÐ | 0,13% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 87,00 +1,16% ... Atorka 9,00 +0,56% ... Bakkavör 70,80 +0,00% ... Eimskipafélagið 39,30 -0,13% ... Exista 39,50 +0,77 ... FL Group 29,80 +1,02% ... Glitnir 29,40 +1,03% ... Icelandair Group 30,90 -0,16 ... Kaupþing 1.236 +0,24% ... Landsbankinn 39,80 +0,25% ... Mosaic Fashions 17,00 +0,00% ... Straumur-Burðarás 22,75 -0,22% ... Teymi 5,59 +1,08 ... Össur 107,00 -0,47%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### A og B fólkið

Það er kunnara en frá þarf að segja að B-týpur eru undirokaðar í heimi þar sem A-fólkið ræður ríkjum. Ekki hefur verið tekið á þessari mismunun, enda aðrir minnihlutahópar með sterkari vitund um stöðu sína. Í heimi hlutabréfa er líka til mismunun milli sömu bókstafa. Á Norðurlöndum er algengt að í hlutafélögum skiptist eignarhlutir í A- og B-bréf þar sem meiri atkvæðaréttur fylgir A-bréfunum. Þetta fyrirkomulag veldur því að stórir hluthafar komast upp með að ráða félögum án þess að leggja til þess fjármagn sem samsvarar atkvæðisréttinum. Þetta auðveldar ríkjandi valdhöfum að halda völdum í félögum. Þessi mál hafa verið til skoðunar hjá Evrópusambandinu, en samkvæmd Börsen eru líkur á því að núverandi kerfi fái að vera enn um sinn. Sextán mismunandi form eru á eignarhaldi milli landa sambandsins og því telja menn nokkuð í land áður en samræmdar reglur verða teknar upp.

### Enn smá Straumur



Það þarf varla að rifja það upp að Magnús Kristinsson fór með hvelli út úr eigendahópi Straums Burðaráss fyrir réttu ári. Magnús hefur hagnast vel á nýjum slóðum og getur vel við unað. Það vakti athygli við kaup hans á sölufyrirtæki Toyota-bifreiða í Danmörku að Straumur Burðarás var ráðgjafi við kaupin og Landsbankinn sá um fjármögnun. Björgólfur Thor og Magnús elduðu grátt silfur saman fyrir ári, en kannski að þessi viðskipti bendi til þess að gráa silfrið víki þegar gull glóir einhvers staðar. Menn eru jú í viðskiptum og krytur getur reynst dýr.

# Rio Tinto kaupir Alcan

Ástralska námufyrirtækið Rio Tinto hefur gert formlegt kauptilboð í kanadíska álfyrirtækið Alcan, sem á álverið í Straumsvík, sem miðar við 101 Bandaríkjadal á hlut. Stjórn Alcan mælir með tilboðinu.

Samkvæmt tilboðinu myndi Rio Tinto greiða fyrir Alcan sem nemur 38,1 milljarði Bandaríkjadala, eða tæplega 2.300 milljörðum króna. Tilboðið er yfir þriðjungi hærra en fjandsamlegt yfirtökutilboð sem álfyrirtækið Alcoa lagði fram fyrr á árinu.

Tilboð Rio Tinto er því háð að náist stuðningur 67,7 prósenta hluthafa Alcan. **- óká**

# Gengisþróun ýtti undir hagnað

**Rekstrarhagnaður fyrirtækja jókst milli áranna 2004 og 2005 samkvæmt nýútkominni skýrslu Hagstofu Íslands. Í yfirlitinu eru fyrirtæki í öllum atvinnurekstri.**

Hagnaður fyrirtækja jókst milli áranna 2004 og 2005 samkvæmt nýjum tölum Hagstofu Íslands. Bætt afkoma er að nokkru rakin til styrkingar á gengi krónunnar.

Þegar litið er til rekstrarhagnaðar fyrirtækja sem voru í rekstri bæði árin, sýnir paraður samanburður að hagnaður hafi numið 14,1 prósenti af tekjum árið 2005, en 10,9 prósentum árið áður. „Hagnaður af reglulegri starfsemi þessara fyrirtækja var 14,4 prósent af tekjum árið 2005 og 11,3 prósent árið 2004,“ segir í nýútkomnum Hagtíðindum. „Þegar litið er á afkomu allra fyrirtækja í gagnasafninu 27.629 árið 2005 og 29.352 árið 2004, er hún hlutfallslega mjög svipuð og afkoma þeirra sem voru í pöruðum samanburði,“ segir Hagstofan.

Fram kemur í ritinu að á árinu 2005 hafi gengi krónunnar styrkst um 7,2 prósent, sem sé svipað og árið áður þegar gengið styrktist um 8,4 prósent. „Þrátt fyrir að gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum hafi hækkað að jukust fjármagnsgjöld að frádregnum fjáreignatekjum 22.720 fyrirtækja, annarra en orku-, fjármála- og tryggingafyrirtækja um 14,1 milljarð króna árið 2005. Rekstrarhagnaður sömu fyrirtækja var 16,5 milljörðum króna meiri árið 2005 en árið 2004,“ segir Hagstofan.

Í yfirliti Hagstofunnar eru fyrirtæki í öllum atvinnurekstri, að meðtöldum flestum fyrirtækjarekstri hins opinbera. Starfsemi lífeyrissjóða er hins vegar undanskilin. **- óká**



**ORKUVEITA REYKJAVÍKUR** Orku- og veitufyrirtæki eru talin með í samanburði Hagstofunnar á ársreikningum fyrirtækja árin 2004 og 2005 í nýútkomnum Hagtíðindum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Kaupir stærstu Toyotasölu Dana

**Magnús Kristinsson hefur keypt á fjölskyldufyrirtækið Krogsgaard-Jensen, stærsta söluaðila Toyota í Danmörku. Gengið var frá sölunni í gær.**

Magnús Kristinsson og Kresten Krogsgard-Jensen skrifuðu í gær undir samning þess efnis að M. Kristinsson Danmark A/S, félag Magnúsar, keypti 80 prósenta hlut í danska fyrirtækinu Krogsgaard-Jensen. Magnús er eigandi Toyota á Íslandi og Krogsgaard-Jensen stærsti söluaðili Toyota í Danmörku.

Kaupverð fyrirtækisins er sagt trúnaðarmál, en Straumur Danmark hafði milligöngu um viðskiptin og Landsbanki Íslands sá um fjármögnun.

Fram kemur í tilkynningu að Krogsgaard hafi í fyrra selt um 1.560 nýja bíla, eða átta prósent af nýskráðum Toyota-bifreiðum í Danmörku. Til samanburðar seldi Toyota á Íslandi 5.285 nýja bíla á síðasta ári. Hér er fjórði hver nýr bíll Toyota og segir Magnús hollt að setja markið hátt og stefna á viðlíka árangur ytra. Hann segir þó ólíku saman að jafna í samkeppni þar því 30 fyrirtæki selji Toyota-bíla á um 70 sölustöðvum.

Nokkuð er einnig í land í vinsældum Toyota í Danmörku því þar er tíundi hver nýr bíll þeirrar tegundar. „En við sjáum hér mörg spennandi tækifæri til að nýta þekkingu og reynslu sem til hefur orðið hjá Toyota á Íslandi,“ segir Magnús.

Krogsgaard-Jensen er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem hefur selt Dönum bíla í þrjár kynslóðir. Það státar af fimm útsölustöðum og þjónustustöðvum á Kaupmannahafnarsvæðinu og er þar af leiðandi stærst og umsvifamest af þeim fyrirtækjum sem selja Toyota-bifreiðar í Danmörku. Velta Krogsgaard nam um 5 milljörðum íslenskra króna í fyrra og eru starfsmenn sagðir vera um 130 talsins.



**KAUPIN HANDSÖLUÐ** Magnús Kristinsson, eigandi Toyota á Íslandi, handsalar við Kresten Krogaard-Jensen kaup á umsvifamesta söluaðila Toyota-bíla í Danmörku.

Magnús segir mikið gleðiefni að hafa lokið kaupunum, en samningsferlið hafi verið bæði langt og strangt, enda töluverðar tilfinningar í spilunum þegar gróin fjölskyldufyrirtæki eru seld. „Menn þurfa tíma til að átta sig á hlutunum við slíkar aðstæður,“ segir hann og kveðst til að mynda hafa frestað fundum með stjórnendum þangað til í næstu viku.

Með í kaupunum á 80 prósenta hlutnum í danska fyrirtækinu fylgja sýningarsalir, verkstæði og lagerar. Þá eignast fyrirtæki Magnúsar 100 prósent í fasteignafélagi KKJ Ejendommen, og fasteignum sem eru í eigu Krogsgaard Holding. Helstu stjórnendur Krogsgaard eru sagðir munu starfa áfram hjá fyrirtækinu. **olikr@frettabladid.is**






# Bakkavör til Tékklands

**Ársvelta Heli Food Fresh nemur tæpum 300 milljónum.**

Bakkavör hefur fest kaup á 51 prósents hlut í tékkneska matvælafyrirtækinu Heli Food Fresh. Í kaupsamningnum felst jafnframt skuldbinding um að kaupa eftirstandandi hluti í fyrirtækinu í apríl árið 2010.

Ágúst Guðmundsson, forstjóri Bakkavarar, segir kaupin á Heli Food Fresh lið í að styrkja stöðu fyrirtækisins á meginlandi Evrópu, „Markaðurinn fyrir tilbúna rétti hefur vaxið hratt í Austur-Evrópu og þessi kaup gefa okkur tækifæri til að styðja við útrás viðskiptavina okkar á þessu markaðssvæði.“

Heli Food Fresh framleiðir tilbúna rétti, súpur og sósur fyrir austurevrópskan markað. Velta fyrirtækisins nemur tæplega 300 milljónum íslenskra króna á ári.

Kaupverð er trúnaðarmál að því er fram kemur í yfirlýsingu frá Bakkavör. Þó er tekið fram að kaupin muni hafa óveruleg áhrif á afkomu félagsins.



**BRÆÐURNIR Í BAKKAVÖR** Kaupin á Heli Food Fresh eru liður í að styrkja stöðu Bakkavarar á meginlandi Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Helstu viðskiptavinir Heli Food Fresh eru evrópskir stórmarkaðir. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í nágrenni Prag og hjá því starfa 76 manns. **- jsk**



Sprengitilboð
á húsgögnum
HD Ready
• 1366x768 punkta Upplausn
• 1.000:1 Skerpa og 7ms svartími
• Birta 500cd/m2
• 10w Nicam Stereó hljóðkerfi
• 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heyrnartólstengi
• Textavarp með 1.000 síðna minni
• Fjarstýring
• Borðstandur fylgir
• Stærð í cm (bxhxd): 82x55x13
• Þyngd: 16kg
*Með hverju seldu 8217 eða 8160 sófasetti fylgir JVC - 32" LCD breiðtjaldssjónvarp að andvirði 99.990kr
Leðurhornsófasett 8217
Sjónvarp fylgir
269.000kr
GOTT VERÐ
Leðursófasett 3+1+1 8160
Sjónvarp fylgir þegar keypt er sett í samsettningunni 3+1+1
335.500kr
GOTT VERÐ
Leðursófasett 3+1+1 8851
TILBOÐ
139.900kr
Verð áður 189.900,-
Leðursófasett 3+1+1 3217
TILBOÐ
159.900kr
Verð áður 189.900,-
Leðursófasett 3+1+1 2586
TILBOÐ
159.900kr
Verð áður 229.900,-
Orthopedico rúm
150x200 58.320.- 72.900.-
180x200 70.320.- 87.900.-
COLCHON DUPEN
Borðstofustólar á sprengitilboði
TILBOÐ 9.900kr Verð áður 14.900,-
TILBOÐ 8.990kr Verð áður 12.900,-
TILBOÐ 12.990kr Verð áður 18.900,-
TILBOÐ 8.330kr Verð áður 11.900,-
TILBOÐ 8.330kr Verð áður 11.900,-
TILBOÐ 11.900kr Verð áður 18.900,-
TILBOÐ 14.900kr Verð áður 18.900,-
TILBOÐ 11.900kr Verð áður 14.900,-
Gildir til 17. júlí eða á meðan birgðir endast.
* "aðeins á meðan birgðir endast"
Með fyrirvara um villur í texta.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ráðamenn þjóðarinnar virðast ekki hafa raunverulegan áhuga á umhverfisvernd.

## Eftir hverju er verið að bíða?

JÓN KALDAL SKRIFAR

Nú í júlí eru rétt tvö ár liðin frá því að skattheimta af dísilolíu var einfölduð. Þungaskattur var felldur niður og í hans stað var olíugjaldið hækkað. Eitt af yfirlýstum markmiðum breytinganna var að fjölga dísilbílum í fólksbílaflota þjóðarinnar. Fyrir vikið átti bílaflotinn að gefa frá sér minna magn gróðurhúsalofttegunda og þar með verða umhverfisvænni.

Full ástæða er hins vegar til að efast um að ráðamenn þjóðarinnar hafi raunverulegan áhuga á að umhverfisvernd á meðan verðið á dísilolíu er það sama og á bensíni.

Kostir dísilvéla umfram bensínvélar gagnvart náttúrunni liggja fyrir. Dísilvélar eyða að minnsta kosti fjórðungi minna eldsneyti en bensínvélar og útblástur þeirra er hreinni. Um þetta er ekki deilt.

Dísilbílavæðingin er enda fyrir löngu hafin um alla Evrópu. Að meðaltali er annar hver fólksbíll í álfunni búinn dísilvél. Norðmenn voru heldur seinni í gang en margar aðrar þjóðir. Þar er þó þetta hlutfall um 45 prósent. Eftir skattabreytingar um síðustu áramót er svo komið að þrír af hverjum fjórum nýjum heimilisbílum í Noregi eru búnir dísilvél.

Ísland hefur setið vandræðalega eftir í þessum efnum. Hér er hlutfall dísilbíla aðeins um átján prósent allra fólksbíla. Samkvæmt áætlunum stjórnvalda má gera gera ráð fyrir að þetta hlutfall verði komið í 45 prósent árið 2010. Þó má reikna með að við Íslendingar verðum þá enn miklir eftirbátar annarra Evrópuþjóða. Ef spár ganga eftir verða bílar með dísilvélum orðnir sjötíu prósent allra bíla sem aka um álfuna innan fárra ára.

Það sem hefur knúið þessa miklu dísilbyltingu áfram er efnhagslegur sparnaður af minni eldsneytisnotkun og að sjálfsögðu stóraukin umhverfisvitund.

Ólíkt Íslandi hafa stjórnmálamenn nágrannalandanna fylgt fögrum orðum sínum eftir með raunverulegum aðgerðum.

Í Svíþjóð kostar lítrinn af dísilolíu til dæmis 11 krónum minna en bensínlítrinn. Í Noregi og Danmörku er þessi munur 17 krónur. Það þýðir að dísillítrinn í Danmörku og Noregi er 15 prósentum ódýrari en bensínlítrinn. Á íslenskri bensínstöð munar hins vegar ekki nema einni krónu á lítranum á dísilolíu og bensíni. Það er 1 prósents munur.

Auðvitað er það ekki annað en pólitísk ákvörðun að hafa verðið á dísilolíunni svo hátt.

Fyrir kosningarnar í vor töluðu stjórnmálamenn landsins svo til einni rödd um mikilvægi bættrar umgengni við náttúruna. Þeir hafa tækin til að fylgja þeim orðum eftir. Eldsneyti sem mengar minna á að vera ódýrara en meira mengandi eldsneyti. Sama á að gilda um ökutækin sjálf. Hver er skynsemin í því að dísilbílar eru nú jafn dýrir, eða jafnvel dýrari, en bensínbílar af sömu gerð?

Eftir hverju er verið að bíða?

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Ríkara fólk og betra**

Flugstöðvar eru í hugum margra einn af hringum vítis, miðað við lýsingar á Helvítisljóðum Dantes. Því eru margir afar hamingjusamir yfir þeim fréttum að Icelandair hafi sett upp svokallað forgangshlið á Keflavíkurflugvelli. Um það má fólk á Saga Class fara og sleppur því að standa í röð fyrir vopnaleit með pöpulnum. Allt sem fram hefur komið um þetta öryggishlið hljómar vel, sérstaklega að gestir þessa hliðs fá hraðþjónustu í öryggisleit, en margur minnipokamaðurinn hefur þurft að gera ítarlega grein fyrir tannkremi og öðrum varasömum efnum í þeirri leit. Það besta við þetta fyrirkomulag er hins vegar að svo virðist sem fólkið á Saga Class þurfi ekki einu sinni að borga fyrir þessa dásamlegu þjónustu. Samkvæmt eyjan.is. verður þetta fjármagnað með flötum skatti á alla. Pöpullinn borgar því mest fyrir herlegheitin.



**Kátir voru karlar**

Meira af dásemdum. Skagamenn kippa sér tiltölulega lítið upp yfir kveinstöfum Keflvíkinga. Samkvæmt stuðningsmönnum gulu grallaranna á mannlif.is af Akranesi verður slagari Ríó Tríósins, sem byrjar á orðunum Léttur í lundu, óspart sunginn í næstu viðureignum liðanna. Hins vegar hefur textinn verið lagaður til. Nú er sungið: Gaman er að skora hjá Keflavík,/viðbrögðin þar eru engu lík."



**Tyrkir efast**

Meira af öryggismálum. Í Turkish Daily News kemur fram að Tyrkir leggja nú mikið á sig í baráttunni um annað af tveimur sætum í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Eins og kunnugt er keppa þar þrjár þjóðir um sætin; Tyrkir, Austurríkimenn og Íslendingar. Eftir mikinn atkvæðakaupafund tyrkneskra stjórnvalda í Istanbul, sem litlar og fátækar þjóðir með atkvæðarétt voru boðaðar til, sá tyrkneska blaðið ástæðu til að nefna að svo virtist sem möguleikum Íslands á að vera kosið ráðið hefði hrakað.

karen@frettabladid.is

## Bréf til Einars Más



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

**Í DAG** | Fjrálshyggja

Kæri Einar Már Jónsson! Þar sem þú situr úti í París, hefur þú skrifað bók gegn frjálshyggju, Bréf til Maríu. Þú hefur augljóslega hugsað þér að skrifa nýtt Bréf til Láru. En þú ert enginn Þórbergur. Þótt bók þín sé prýðilega skrifuð, er hún ekki nærri því eins hressileg og pistill meistarans, en íslenskir vinstri menn verða ætíð gramir, þegar ég bendi þeim á, hversu mikið Þórbergur tók þar upp eftir Óskari Wilde. Þú hefur samt margt þarft að segja um „póstmódernista" nútímans og ráðstjórnarvini fyrri ára.

Mér er ekki ljóst, hvort póstmódernistar teljast frekar með svikahröppunum, sem ófu klæðið, eða keisaranum, sem bar það keikur, en hitt er víst, að þessi keisari er ekki í neinum fötum. Það er líka sorglegt, hversu lengi franskir og íslenskir sósíalistar vörðu alræðið í sósíalistaríkjunum. Þeir gerðu hróp að þeim, sem sögðu sannleikann, og var átrúnaðargoð þitt, Laxness, þar fremstur í fylkingu.

**Þú þekkir ekki frjálshyggju**

Í Bréfi þínu til Maríu er átakanleg þversögn. Þú eyðir drjúgum hluta verksins í að kvarta undan íslenskum skattyfirvöldum, sem leikið hafi þig grátt. Ég þekki aðeins þína hlið af bréfinu og get þess vegna ekki dæmt um málið. Hins vegar eru nógu mörg dæmi um tillitsleysi, yfirgang og rangsleitni valdsmanna jafnt í Frakklandi og á Íslandi til þess, að saga þín gæti verið sönn. En sýnir hún þá ekki það, sem við frjálshyggjumenn segjum, að tortryggja ber valdið?

Einn stærsti gallinn á bók þinni, Einar Már, er, að þú deilir á kenningu, sem þú hirðir ekki um að kynnast. Þú safnar saman undir heitinu „frjálshyggju" öllum hagstjórnarhugmyndum vestrænna ríkisstjórna síðustu áratugi, jafnvel hinnar frönsku, sem hefur fram að þessu lítt skeytt um frelsi. Evrópusambandið er ekki heldur neitt vígi frjálshyggjumanna: Það leyfir frjáls viðskipti innan Evrópu, en torveldar innflutning til álfunnar. Blekiðjubáknið í Brüssel hefur meiri áhuga á valdi en frelsi.

Frjálshyggja sprettur upp úr tveimur hugmyndum. John Locke taldi, að takmarka yrði ríkisvaldið, og Adam Smith benti á, að mannlegt samlíf gæti verið skipulegt án þess að vera skipulagt. Frjálshyggjumenn trúa frekar á viðskipti en valdboð. Ef þú þarft eitthvað frá ókunnugum, Einar Már, þá vilja frjálshyggjumenn, að þú neyðir þá ekki til að láta það af hendi, heldur greiðir það verð fyrir það, sem þið eigandinn komið ykkur saman um. Þú átt að fara fram með verði, ekki sverði.

**Tortryggjum valdið**

Í Bréfi til Maríu hneykslast þú á bók eftir góðvin minn, Henri Lepage, Demain le capitalisme (Morgundagurinn er kapítalismans), þar sem hann kynnir rannsóknir ýmissa bandarískra hagfræðinga. En þessir hagfræðingar telja ekki, eins og þú heldur, að maðurinn sé sálarlaus reiknivél, heldur, að kostnaður skipti máli. Gary Becker kemst til dæmis að þeirri niðurstöðu, að kynþáttafordómar bitni ekki síður á þeim, sem hefur þá, en hinum, sem verður fyrir þeim. Á frjálsum markaði stendur kynþáttahatarinn ekki vel að vígi gagnvart ötulum keppinaut, sem nýtir sér fordómalaust krafta allra kynþátta. Sam Peltzman sýnir fram á, að strangt lyfjaeftirlit kostar fleiri mannslíf en það bjargar. Ýmist hægir eftirlitið á ferð notadrjúgra lyfja út á markaðinn eða stöðvar hana, þótt vissulega komi það líka í veg fyrir sölu einhverra hættulegra lyfja.

Margt er fleira merkilegt í bók Lepages. Hann segir þar til dæmis frá rannsóknum James M. Buchanans, sem spyr, hvers vegna menn ættu að skipta um eðli, þegar þeir hætta viðskiptum og hefja stjórnmál. Ef við treystum því ekki, að bakarinn baki brauð handa okkur af manngæsku, heldur vegna ávinningsvonar, hvers vegna ættum við þá að gera ráð fyrir, að embættismaðurinn láti aðeins stjórnast af almannaheill? Eftir reynslu þína af íslenskum skattheimtumönnum ættirðu að vera sammála Buchanan.

**Peningar skipta ekki mestu máli**

Það færi draumlyndum menntamönnum eins og þér, Einar Már, betur að styðja hinn frjálsa markað en hallmæla honum. Þú sýslar við norræn fræði úti í París, en í Bangladess værir þú löngu fallinn úr hor. Þú skrifar ádeilurit, og í sósíalistaríkjunum sálugu hefðir þú umsvifalaust verið sendur í vinnubúðir. Þú hefur vissulega ekki eins há laun og ýmsir kaupahéðnar, en peningar skipta hvort sem er ekki mestu máli í lífinu, eins og þú tekur einmitt oft fram í Bréfi til Maríu.

## Ekki einkavæða Íbúðalánasjóð

**UMRÆÐAN**

Íbúðalánasjóður



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Sendinefnd frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var hér fyrir skömmu að gera úttekt á íslensku efnahagslífi. Hefur sjóðurinn gert athugasemdir við ríkisfjármálin hér og talið þörf á auknu aðhaldi þar. Einnig hefur sjóðurinn talið viðskiptahallann of mikinn og verðbólguna enn of mikla. Allt eru þetta afleiðingar stjórnarstefnu fyrri stjórnar. En til viðbótar þessum athugasemdum hefur sjóðurinn gert athugasemdir sem eru alvarleg íhlutun um innanlandspólitíkina. Sjóðurinn hefur lagt til, að Íbúðalánasjóður væri einkavæddur og sagt, að ekki megi hækka laun ríkisstarfsmanna. Hvort tveggja eru viðkvæm pólitísk deilumál.

Íbúðalánasjóður hefur um margra ára skeið verið pólitískt bitbein. Félagsmálaráðherra lýsti því yfir nýlega, að sjóðurinn yrði ekki einkavæddur á meðan hún stjórnaði félagsmálaráðuneytinu. Í kjölfar þessarar yfirlýsingar ráðherrans er yfirlýsing Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frekleg íhlutun um innanlandsmál. Það hefur um nokkurt skeið verið deilumál hvort Íbúðalánasjóður hefði aukið þenslu hér með 90 prósenta lánum til húsnæðiskaupa. Íbúðalánasjóður segir, að bankarnir hafi verið á undan með há lán á lágum vöxtum til íbúðalána. Og um svipað leyti aflétti Seðlabankinn bindiskyldu af bönkunum þannig að þeir höfðu mikið fé til umráða sem þeir gátu lánað til íbúðalána. Sennilega voru þetta mistök hjá Seðlabankanum. Ekki kemur til greina að mínu mati, að einkavæða Íbúðalánasjóð. Og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á ekki að blanda sér í launamál hér á landi. Launamál ríkisstarfsmanna er innanlandsmál hér sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn á ekki að skipta sér af.

Íslensku bankarnir hafa lengi rennt hýru auga til Íbúðalánasjóðs. Þeir hafa viljað fá starfsemi Íbúðalánasjóðs inn í bankana, alla eða að hluta til. Síðustu misserin hafa bankarnir barist fyrir því, að Íbúðalánasjóði yrði breytt í heildsölubanka og afgreiðsla íbúðalána yrði flutt í bankana. Bankarnir hugsa þetta vafalaust sem fyrsta skrefið á þeirri braut að klófesta Íbúðalánasjóð alveg. Ég er algerlega andvígur þessari breytingu. Ég tel, að starfsemi sjóðsins eigi að vera óbreytt. Ég tel víst, að vextir mundu strax hækka á íbúðalánum, ef sjóðurinn yrði fluttur í bankana. Íbúðalánasjóður hefur haldið vöxtum á íbúðalánum niðri. Og sjálfsagt er farsælast að viðhalda þeirri samkeppni íbúðalána, sem er í dag milli bankanna og Íbúðalánasjóðs.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

**Nýjar** íslenskar kartöflur eru komnar í verslanir, beint upp úr moldinni. Magnið er þó takmarkað í fyrstu en næstu daga verður tekið upp daglega í Þykkvabænum og sent á markað jafnóðum.



**Hollusturéttir** eru meðal þess sem hægt er að panta hjá Ávaxtabílnum. Svo sem lífrænt ræktað heilhveitipasta, girnilega salatblöndu og sérbakað hollustubrauð. Flestir réttanna fást á Select-stöðvum Skeljungs og á veitingastöðum Icelandair í Leifsstöð.



**Stasia** í Kringlunni er með kvenfatnað í stærðum 36-56 og býður nú 60 prósenta afslátt á öllu, hvort sem það nefnist jakki, kjóll, pils, toppur eða eitthvað annað. Sem dæmi má nefna að svartar buxur og gallabuxur sem áður kostuðu 6.990 eru nú á 2.796.

## Keppt í norrænni matargerð

ÁKVEÐIÐ HEFUR VERIÐ AÐ KOMA Á FÓT NORRÆNNI KEPPNI FYRIR ÁHUGAMENN UM ELDAMENNSKU.

Nýju átaksverkefni um norræna matargerð hefur verið hleypt af stokkunum. Því er ætlað að gera norræna matargerðarlist sýnilegri en hún hefur verið til þessa. Einn liður í því er að halda samkeppni fyrir áhugamenn um eldamennsku. Markmiðið er að vekja athygli á gæðum norræns hráefnis til matargerðar og hvetja til þess að það verði meira notað í eldhúsum.



Gæði norræns hráefnis fara ekki á milli mála.

## Lagersala Patta í Dugguvogi

MIKIÐ ÚRVAL HÚSGAGNA ER Á LAGERSÖLU Í DUGGUVOGI 2 Á VEGUM HEILDSÖLUFYRIRTÆKISINS PATTA.

Sófar af mörgum gerðum, svo sem svefnsófar, hornsófar og tungusófar, eru á lagersölunni í Dugguvogi 2. Einnig hægindastólar og borðstofustólar, stofuskápar, eldhúsinnréttingar og fleira. Afslátturinn nemur allt að níutíu prósentum en sá lægsti er þrjátíu prósent frá upprunaverðinu. Bæði er um innflutt húsgögn að ræða svo og íslenska smíð eftir Gunnar Baldursson. Sum eru nýkomin á markað, önnur að fara úr sölu í verslunum og enn annað er útlitsgallað.



Glænýr íslenskur sófi frá Patta.

karlmenn

Laugavegi 7 • sími 551 3033

ÚTSALAN HEFST Í DAG



Tan M.C. Alaam bjó til tvo rétti sem henta íslenskum eldhúsum vel. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Kínversk matargerð er margslungin

***Kínverskir veitingamenn eru þekktir fyrir að bera fram mikinn og góðan mat. Tan M.C. Alaam á Kínamúrnum á Vesturgötu 6-8 er þar engin undantekning.***

„Uppskriftir okkar Kínverjanna þykja frekar flóknar hér á Vesturlöndum því við notum það fjölbreyttar tegundir af grænmeti, kryddi og sósum í okkar rétti," segir Tan í Kínamúrnum og kímir lítið eitt þegar hann er beðinn að gefa lesendum Fréttablaðsins innsýn í hina kínversku matargerð. Þó verður úr að hann matreiðir fyrir okkur tvenns konar rétti, annars vegar lamb í ostrusósu og hins vegar kjúkling með lauk og engifer. Hvort tveggja er ljúffengt og langt frá því að vera flókið í matreiðslu. Hráefnið ætti líka að vera auðvelt að útvega eins og sést í upptalningunni á næstu síðu.

Tan hefur innréttað og opnað glæsilegan veitingastað á Vesturgötu 6-8 þar sem Naustið var um áratugi. Komnir eru venjulegir gluggar í stað kýraugnanna og innan dyra er allt opið, bjart og fágað. Nafnið á staðnum er sótt í eitt merkasta mannvirki heims, Kínamúrinn, og matseðillinn hljóðar upp á hátt í 100 mismunandi sérrétti fyrir utan samsetta matseðla og hlaðborð í hádeginu.

Hráefnið sem Tan notaði í réttina er talið upp á síðu 2.

*gun@frettabladid.is*

Íslensk list gerir hús að heimili
. . .





LISTMUNASALA fold

Opið laugardaga, í Kringlunni 10–18, Rauðarárstíg 11–14

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni



**Samlokur** bjóða upp á endalausa möguleika. Gróft brauð og spennandi álegg er skemmtileg tilbreyting í kvöldmatinn ásamt salati.

Sérfræðingar í saltfiski
Ekta Sælgæti fiskur úr sjónum
Sími: 466 1016
ektafiskur@emax.is
Þjónustum verslanir, veitingahús o.fl.
Fyrir verslanir:
Til suðu:
saltfiskbitar blandaðir
gellur
gollaraþunnildi
Til steikingar:
saltfiskbitar blandaðir
saltfiskkurl
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
gellur
Fyrir veitingahús – hótel – mötuneyti:
saltfiskhnakkar tvær stærðir (lomos)
saltfiskbitar blandaðir til suðu og steikingar
saltfiskkurl
Fyrir utan saltfiskinn þjónustum við sitthvað fleira, svo sem:
ýsuhnakka
rækjur
þorskhnakka
steinbítskinnar og bita

# Bananakarrý Johnny Cash

***Á næstu grösum er boðið upp á fjölbreytt úrval grænmetisrétta, þar sem leitað er fanga í indverskri matargerð og bandarískri þjóðlagatónlist.***



Hilmir Þór Harðarson með Bananakarrý Johnny Cash. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Matseðillinn okkar er breytilegur eftir dögum, en ætli föstudagsmatseðillinn sé ekki vinsælastur. Sá dagur er helgaður indverskri matargerð og boðið upp á kryddbakað eggaldin, baunadahl og indverskt meðlæti," segir Hilmir Þór Harðarson, kokkur Á næstu grösum.

„Rétturinn er skemmtilega marineraður, sem veldur því að hann er bragðmikill og góður," útskýrir Hilmir og bætir við að í réttinn sé notað mikið af lauk og sinnepsfræjum, sem eru steikt þar til þau hreinlega skoppi. Tómatpúrra sé næst sett út í og við það myndist alveg einstakt sinnepsbragð, en slík tilbreyting sé einmitt ástæða þess að margir sæki grænmetisstaði.

Fimmtudagar eru líka nokkuð sérstæðir á staðnum, en þá er viðbúið að heyra megi goðsögnina Johnny Cash syngja innan úr eldhúsinu. Þá er nefnilega boðið upp á réttinn Bananakarrý Johnny Cash og þess krafist að minnst fjögur lög með meistaranum séu spiluð á meðan á eldamennsku stendur. Er Hilmir ekki í nokkrum vafa um að söngvarinn fylgist með úr fjarlægð stoltur á svip.

*roald@frettabladid.is*

**KRYDDBAKAÐ EGGALDIN.**

**Kryddjurtahjúpur:**
**1 búnt steinselja**
**1 búnt kóreander**
**2 geirar hvítlaukur**
**4 msk. ólífuolía**
**salt og pipar**
**Allt sett í blandara og maukað saman.**

**SINNEPSFRÆ-SÓSA:**

**1 laukur**
**1 tsk. möluð kóreanderfræ**
**1 tsk. möluð kumminfræ**
**1 tsk. sinnepsfræ**
**200-250 gr tómatar maukaðir (má vera úr dós ef fólk vill það frekar)**
**salt og pipar**

Laukurinn skorinn í sneiðar og steiktur með sinnepsfræjum, cummin og kóriander þar til hann er orðin mjúkur og sinnepsfræin eru farin að skoppa í pottinum. Tómötum er þá hellt út í og látið krauma í 15 mínútur á lágum hita. Þá er



Kryddbakað eggaldin.

sósan söltuð og pipruð. Hafa ber í huga að eggaldinið kemur til með að draga í sig mikið bragð, þannig að sósan má vera bragðmikil.

**Samsetning:**
Eggaldin skorið í stórar steikur í hæfilega stærð fyrir einn mann. Gott að skera ofan í eggaldinið litlar línur eða tígla niður í botn, en ekki alveg í gegn til að kryddhjúpur renni betur inn í grænmetið. Eggaldin penslað með kryddjurtahjúp og bakað við 150 gráður í 10 mínútur. Má undirbúa degi fyrr. Sósa loks sett ofan á eggaldin og



Bananakarrý Johnny Cash.

klárað í ofni við 150 gráður í 10- 20 mínútur, háð stærð eggaldinsins.

Gott að bera kryddbakað eggaldin fram með indversku baunadhal, naan-brauði og hýðishrísgrjónum.

**BANANAKARRÝ JOHNNY CASH**

**1 laukur**
**3 bananar**
**250 ml kókosmjólk**
**250 ml ananassafi**
**1 búnt kóreander**
**1 lárviðarlauf**
**1 tsk. timian (má vera þurrkað)**
**2 tsk. karrý**
**salt og pipar eftir smekk**
**2 msk. olía**
**1 msk. tómatpúrra**

Laukur skorinn í sneiðar og settur í pott ásamt olíu, lárviðarlaufi, timian og karrý. Þegar laukurinn er orðin mjúkur og eldaður í gegn er ananassafa hellt út í og hann soðinn niður um helming. Kókosmjólk og tómatpúrru næst bætt við og suðu náð aftur upp. Bananar skornir í sneiðar og settir út í. Sjóðist í nokkrar mínútur. Þá kemur bananabragð af sósunni þó svo að þeir séu enn heillegir. Kóriander skorið niður og sett út í sósu. Svo er bara að smakka til með salti og pipar.

Gott er að bera fram með góðri blöndu af rótargrænmeti með cashew-hnetum. Ef heitt er í veðri er gott að hafa léttara grænmeti eins og papriku og kúrbít.

Hilmir mælir með að lögin Folsom Prison Blues, Walk the Line, Big River og Get Rythm fái að hljóma á meðan pottrétturinn mallar.

# Eldfjallakakan rétt

***Vegna mistaka féll einn bolli af hveiti niður í eldfjallakökuuppskrift Brynhildar Pálsdóttur listakonu sem birtist hér í síðustu viku. Hér kemur hún rétt.***

1/4 tsk. creme of tartar
(ef það er ekki til má nota 1 tsk af sítrónusafa)
1 og 1/2 bolli hveiti, gott að sigta það
1 og 1/4 bolli sykur
1/2 bolli kakó, líka sigtað
1 1/4 tsk. matarsódi
1 tsk. salt
150 g smjör
1 bolli mjólk
2 egg
1 tsk. vanilludropar

Þurrefnunum er blandað saman. Þá er smjörinu og mjólkinni bætt út í og hrært í tvær mínútur. Síðan koma eggin og vanilludroparnir og þá aftur hrært í



Brynhildur Pálsdóttir listakona bakar súkkulaðieldfjall.

tvær mínútur. Deigið er sett í mót sem búið er til úr álpappír og bakað við 180 gráðu hita. Síðan þarf að fylgjast með hvenær kakan er bökuð í gegn, til dæmis með því að stinga í hana prjóni. Lögunin á mótinu hefur áhrif á bökunartímann. Leiðbeiningar um hvernig eldfjallakakan er búin til fást á Kjarvalsstöðum.

## Uppskrift Tans }

### Kínverskt frá Kínamúrnum

**LAMB MEÐ OSTRUSÓSU**

220 g lambastrimlar
25 g gulrætur
25 g dvergmaís
20 g kínverskt grænmeti
15 g ostrusósa
1/2 tsk. salt

**KJÚKLINGUR MEÐ LAUK OG ENGIFER**

220 g kjúklingur djúpsteiktur
15 g gulrætur
20 g vorlaukur
15 g laukur
1/2 tsk. salt



Báðir réttirnir henta fyrir vokpönnur.

Hunangs Sinnepssósa...
... þegar vindur hvín!
E.FINNSSON
Hunangs Sinnepssósa
Góð með kjúklingi, svínakjöti, reyktum laxi, graflaxi, sem salatsósa og í kalt pastasalat hverskonar.
Gráðostasósa...
... þegar sólin skín!
Grafíka 03/2007
E.FINNSSON
Gráðostasósa
VOGABÆR
Frábær köld með kjúklingi og lambakjöti og út á pizzuna. Góð á saltkexið með rifsberjahlaupi og sem ídýfa.

**Miðbærinn** iðar af lífi í góða veðrinu. Útsölur, garðsölur og bakhúsasölur eru úti um allt. Hægt er að fá margt fallegt á Laugaveginum, Skólavörðustígnum og í öllum Þingholtunum. Til dæmis fallegt blóm í hárið.



# Á í sérstæðu sambandi við uppþvottavélina sína

***Tónlistarmaðurinn Curver Thoroddsen talar um bestu og verstu kaupin sín.***

„Ég gerði frábær kaup þegar ég endurinnréttaði eldhúsið mitt og keypti mér uppþvottavél í leiðinni," segir tónlistarmaðurinn Curver Thoroddsen, þegar hann er inntur eftir því hvað sé efst á lista yfir hans bestu kaup.

„Á tímabili hugsaði ég reyndar með mér að maður færi nú ekki að eyða peningi í einhverja uppþvottavél," viðurkennir hann. „Síðan varð mér einhvern tímann litið á óhreinindin í vaskinum og hugsaði með mér að þetta gengi nú ekki svona lengur."

Curver segist jafnframt vera ánægður með kaupin þar sem hann hafi um árabil haft uppvask að aukavinnu meðfram námi. Með tilkomu vélarinnar hafi hann loks getað lagt hanskana og burstann á hilluna og viti um fátt sem veiti eins mikla sálarró og að setja í og taka úr henni. Annað verði sagt um listaverkabækurnar hans, sem geri víst lítið annað en að safna ryki uppi í hillu og flokkist vafalaust undir hans verstu kaup.

„Ég geri oft sömu mistökin þegar ég er staddur í bókaverslunum erlendis," segir Curver. „Rek augun í einhverjar listaverkabækur með fræðilegu ívafi sem mér finnst sniðugt að kaupa á þeim tímapunkti. Svo les ég aldrei bækurnar þegar heim er komið og kalla það gott ef ég rétt glugga í þær. Það er því óhætt að segja að á meðan vélin hefur góð sálræn áhrif, hafi bækurnar slæm áhrif."

roald@frettabladid.is



Á milli þess sem Curver verkar uppþvottavélina og kaupir listaverkabækur semur hann tónlist og skemmtir sem plötusnúður. Hann verður einmitt með „nineties" partí í Sjallanum á Akureyri næstkomandi laugardag ásamt Kiki-Ow. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Allt á afslætti

OPIÐ VERÐUR Á SUNNUDÖGUM Í HABITAT

Útsalan í Habitat hófst miðvikudaginn 11. júlí. Allar vörurnar eru á 10 prósenta afslætti, sumarvörurnar eru á 30 prósenta afslætti og eldri vara er á 50-70 prósenta afslætti.

Nýjar vörur eru væntanlegar í dag og sumar þeirra fara beint á útsöluna að sögn Guðmundar Yngvasonar, verslunarstjóra Habitat. Verslunin hefur boðið upp á þá nýbreytni síðastliðið ár að vera með opið á sunnudögum.



## Upplagt í útileguna

FJÖLSKYLDUTJALD MEÐ TVEIMUR SVEFNRÝMUM OG FORTJALDI Á MILLI ER Á SUMARTILBOÐI HJÁ ÚTILÍFI.

Tjöld eru hentugir ferðafélagar yfir sumarið.

Tjaldaland er nú uppsett skammt frá Útilífi í Glæsibæ. Þar er úr mörgu að velja en eitt tjaldið er á sumartilboði. Það er með merkinu Como og er með tveimur svefnrýmum hvort sínum megin við fortjald sem strengt er á milli. Annað svefntjaldið getur líka nýst vel sem geymsla eða matartjald ef tveir eða þrír eru á ferð og nota bara annað svefntjaldið. Sex manna tjald kostar nú 14.990 en var áður á 19.990. Fjögurra manna tjald sömu gerðar er á 11.990 en var á 14.990.


Ekkert mál -að verða mál

TravelJohn

TravelJohn pokarnir eru fínn ferðafélagi þegar manni verður mál.

Fást á eftirtöldum stöðum:
Lyfja, Lyf og heilsa, Fjarðarkaup, Gísli Jónsson, Húsasmiðjan,
www.donna.is www.traveljohn.com

Garðtraktorar



Nú er tækifæri að eignast Sentinel garðtraktor á betra verði!

Úrval garðtraktora með eða án grassafnara, stærðir 12,5 - 18 hö.

ÞÓR HF REYKJAVÍK - AKUREYRI

SENTINEL

ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is

SJÓKAYAK NÁMSKEID LEIGA VERSLUN OG LENGRI FERDIR
FRÁ REYKJAVÍK OG STYKKISHÓLMI
SÉRMENNTAD FAGFÓLK Í KENNSLLU OG LEIDSÖGN Á SJÓKAYAK
S:6903877






Stærð 240x122
Verð: 119.396



Stærð 123 x 100 x 45cm
Verð: 60.875



Stærð 140 x 92 x 32cm
Verð: 49.669



Stærð: 370 cm x 150 cm
Verð: 239.000kr



Stærð á burðafleti 370 x 150cm
Verð: 185.505



Stærð á burðafleti 370 x 150cm
Verð: 148.155



Stærð á burðarfleti 280 x 155cm
Verð: 98.998



Stærð 230 x 122 x 40cm
Verð: 78.998

TILBOÐ Í JÚLÍ
Öllum kerrum fylgir garðlýsing að verðmæti 15.900 kr.

Allar þessar kerrur eiga það sameiginlegt að fást hjá okkur og miklu meira til.
topdrive.is Smiðjuvellir 3 Keflavík Sími: 422-7722

Topdrive.is

# SiRKUS



Ris og fall poppstjörnunnar Britney Spears BLS. 12

13. JÚLÍ 2007 ■ Kaupir 70 milljóna hús og rífur það ■ Þorgrímur tekur 400 magaæfingar á dag ■ Kitty opnar fataskápinn ...



# FLOTTUSTU FÓTBOLTA-STELPURNAR

Sérfræðingar Sirkuss velja flottustu leggina á völlum landsins




TENGI

MIKIÐ ÚRVAL
BLÖNDUNARTÆKJA
- fyrir baðherbergi og eldhús

MORA INXX

TENGI

Smiðjuvegi 76 • 200 Kópavogur • Sími 414 1000 • Fax: 414 1001 • www.tengi.is • tengi@tengi.is • Baldursnes 6 • 603 Akureyri • Sími 414 1050 • Fax: 414 1051

# fréttir

## Heyrst hefur

### Þórhallur á Spáni

Lítið hefur farið fyrir Þórhalli Gunnarssyni í Kastljósinu að undanförnu. Það á sér þó afar eðlilegar skýringar því Þórhallur og kona hans Brynja Nordquist eru stödd á Spáni þessa dagana þar sem þau spila golf frá morgni til kvölds. Megintilgangur ferðarinnar er að slappa af og safna kröftum fyrir veturinn enda eru ýmis stór verkefni í bígerð á innlendri deild Sjónvarpsins. Eitt þeirra er spurningaþáttur sem er keppni á milli sveitarfélaga og hefst þann 14. september næstkomandi. Ekki hefur verið gefið upp hver mun stjórna þættinum en Þórhallur sagði í viðtali við Fréttablaðið í vikunni að það yrði ekki Ómar Ragnarsson, en sá stjórnaði einmitt samskonar spurningaþætti fyrir einhverjum árum síðan.



### Sævar Karl græðir

Samkvæmt upplýsingum Sirkuss hafa Sævar Karl Ólason og Erla Þórarinsdóttir gengið frá sölu á húsnæði og verslun sinni í Bankastræti í Reykjavík. Kaupandi mun vera Jón Scheving Thorsteinsson, sem kenndur er við fjárfestingafélagið Arev. Samkvæmt sömu heimildum er kaupverðið um 600 milljónir króna, 300 fyrir verslunina og annað eins fyrir húseignina. Sævar Karl hefur rekið tískuverslun í Bankastrætinu í rúm þrjátíu ár. Fjölmargir munu hafa sýnt áhuga á því að kaupa verslunina, meðal annarra fótboltatvíburarnir Arnar og Bjarki Gunnlaugssynir. Þeir bræður eru kunnir fagurkerar sem eru jafnan vel með á nótunum í tískuheiminum og hafa því hugsað sér gott til glóðarinnar með hugsanlegum kaupum.





## ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON HEFUR ALDREI LITIÐ BETUR ÚT



**ÞOKKALEGUR** Þorgrímur Þráinsson lítur betur út núna en hann gerði þegar hann var upp á sitt besta í fótboltanum hjá Val. Hann æfir líka daglega í einn og hálfan tíma í senn. MYND/RÓSA

# 400 MAGAÆFINGAR Á DAG

Þorgrímur Þráinsson á tvö ár í fimmtugt. Samt hefur hann aldrei litið betur út. Stífar æfingar í Laugum hafa skilað Þorgrími stinnum og stæltum líkama sem eftir er tekið. Sannkallað musteri.

„Það er hluti af mínum lífsstíl að æfa daglega. Ég á fastan tíma milli hálf tólf og eitt á hverjum degi, nema kannski á sunnudögum," segir Þorgrímur sem fór óhefðbundna leið í æfingum sínum. „Ég fann flottasta gæjann í Laugum, sem heitir Halldór Daðason, og fékk að æfa með honum. Hann er fitness-gæi sem ég fylgi og hann lemur mig áfram. Ég verð að viðurkenna að ég datt í lukkupotinn með hann."

Það eru engu upp á Þorgrím logið. Hann hefur æft stíft síðustu mánuði og uppskorið árangur erfiðisins. Maginn orðinn eins og þvottabretti og það af bestu gerð. „Ég geri um 400 magaæfingar á dag. Eftir tuttugu ár í fótbolta eru hnén og aðrar stoðir ekki upp á marga fiska svo ég læt hlaupin eiga sig," segir Þorgrímur sem lyftir þess í stað lóðum. „Ég er bara grannur og spengilegur. Vil bara halda uppi góðum standard og vera góð fyrirmynd ´59 kynslóðarinnar."

Með magaæfingunum 400 slær Þorgrímur sjálfum Simon Cowell við. Cowell, sem er hvað þekktastur fyrir störf sín sem dómari í Idol-keppninni, þykir vera í ansi góðu formi en hann gerir 300 magaæfingar á dag, sama hvar hann er staddur. Þótt Cowell sé ári yngri en Þorgrímur á hann ekki roð í íslenska víkinginn.

## Hvað segja stelpurnar?



„Hann er flott vaxinn og með góða magavöðva. Það sést að hann er búinn að æfa vel og heldur sér í góðu formi. Ef eitthvað er hægt að setja út á hann mætti hann vinna í brjóstvöðvunum aðeins betur ... þá yrði hann SÚPER kroppur;)"
**Freyja Sigurðardóttir, fitnesskona**

„Hann er mjög flottur, kallinn, líkist helst módeli í Calvin Klein-auglýsingu. Ég hugsa að ég gæti neglt fyrir hann samning við erlenda módelskrifstofu."
**Ásdís Rán Gunnarsdóttir, eigandi Ice model management.**






# Skinkusamlokan Höddi Magg

Höddi Magg heitir samloka sem nefnd er í höfuðið á íþróttafréttamanninum Herði Magnússyni og seld er á veitingastaðnum Áttunni í Hafnarfirði. Áttan er athvarf Mafíunnar, stuðningsmannafélags FH, en Hörður lék knattspyrnu með liðinu um árabil. Í samtali við Sirkus sagðist Hörður ekki hafa heyrt af samlokunni góðu. „Ég hef ekki einu sinni komið inn á þennan stað," sagði íþróttafréttamaðurinn knái.

Arnar Gísli Jensson, rekstrarstjóri Áttunnar, segir samlokunafnið verið runnið undan rifjum Mafíunnar. „Ég spurði Mafíuna um nafn og mér skilst að Hörður hafi verið kallaður þetta á sínum tíma," segir Arnar Gísli, sem býður auk þess upp á pizzur sem kallast Íslandsmeistarinn og Mafíaspecial sem og hamborgara sem er nefndur Risinn, eftir knattspyrnuhúsi FH.

Það er ljóst að stuðningsmenn FH hafa ekki gleymt Herði Magnússyni enda skoraði hann 84 mörk í 174 leikjum fyrir Fimleikafélagið, sem verður að teljast frábær árangur. „Ætli maður verði ekki að telja þetta einhvers konar heiður," sagði Hörður um samlokuna sem er nefnd í höfuðið á honum.

En ætli Hörður fái samlokuna fría ef hann mætir á Áttuna? „Að sjálfsögðu fær hann hana fría," segir Arnar Gísli, rekstrarstjóri Áttunnar. „Og einn kaldan með."



**HÖDDI MAGG** Samloka með skinku, osti, grænmeti og sósu er vinsæl meðal stuðningsmanna Mafíunnar. Arnar Gísli sýnir hér samlokuna góðu.



**HÖRÐUR MAGNÚSSON** Fær eina Hödda Magg fría ef hann heimsækir Áttuna.

http://www.myphotos.com/sumarfri

Google

MY PHOTOS

Home | The Tour | Sign Up | Explore

You aren't signed in **Sign In** **Help**

Search Tóti's photos **Search**



# Sumarfrí í sólinni

**View as slideshow**
( New window )

Collections | Sets | Tags | Map | Archives | Favorites | Profile

**Toppaði Viðey!**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
7 comments

**Það tekur 3,5 klst. að blása upp bát**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
11 comments

**Brimbrettið nýttist helst sem sólhlíf...!**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
2 comments

**Komið að landi með kvöldmatinn**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
1 comments

**Busl og vitleysa!**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
6 comments

**Bærinn sem við máluðum rauðan**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
15 comments

**Ég var ekkert eðlilega þreyttur daginn eftir!**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
0 comments

**Það var komin grilllykt af Danna!**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
3 comments

**Sendum börnin út af örkinni!**



© All rights reserved.
Uploaded on Apr 15, 2007
12 comments

DYNAMO REYKJAVÍK

# Ferðalán BYRS

- Hagstætt lán
- Lán til allt að 4 ára
- Lán allt að 500.000 kr.
- Afsláttur af lántökugjaldi fyrir aðila sem eru í Vildarþjónustu BYRS

ATH! Þú þarft ekki að vera í viðskiptum við BYR til að fá hagstæð ferðalán.

BYR SPARISJÓÐUR

*ATH! Útlán eru háð lánareglum BYRS - sparisjóðs.

**BYR** - sparisjóður | Sími 575 4000 | www.byr.is

SKÍFU LISTINN

VINSÆLASTA TÓNLISTIN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 | Ýmsir | ↑ | Í Brekkunni |
| 2 | Ýmsir | ↓ | 100 Íslensk |
| 3 | KK og Maggi Eiríks | ↑ | Langferðalög |
| 4 | Ljótu Hálfvitarnir | ↓ | Ljótu Hálfvitarnir |
| 5 | Hvanndalsbræður | ↑ | Skást Of |
| 6 | Ýmsir | ↓ | Number 1 3CD |
| 7 | Mika | ↓ | Life In Cartoon Motion |
| 8 | Garðar Thor Cortes | ↓ | Cortes 2007 |
| 9 | Jógvan | ↓ | Jógvan |
| 10 | Ýmsir | ↑ | Óskalög Sjómanna |
| 11 | Ýmsir | ↓ | Pottþétt 43 |
| 12 | Gus Gus | ↓ | Forever |
| 13 | Björk | ↓ | Volta |
| 14 | White Stripes | ↑ | Icky Thump |
| 15 | Laddi | ↑ | Hver Er Sinnar Kæfu Smiður |
| 16 | Q.T.S.A. | ↓ | Era Vulgaris |
| 17 | Lada Sport | ↑ | Time And Time Again |
| 18 | Lay Low | ↓ | Please Don't Hate Me |
| 19 | Ýmsir | ↓ | Icelandic Folksongs & Other F. |
| 20 | Velvet Revolver | ↑ | Libertad |

Listinn gildir vikuna 12. júní - 19. júlí 2007

Í Brekkunni

Í Brekkunni er mest seldi diskur landsins þessa dagana. Þessi geisladiskur inniheldur 41 þjóðhátíðarlag og ætti auðveldlega að koma fólki á öllum aldri í réttu stemmninguna fyrir þjóðhátíð. Frábær diskur í safnið.

Number 1

Number 1 safnplatan selst grimmt og kannski ekkert skrítið, þarna er 3 faldur geisladiskur sem inniheldur topp lög síðustu 25 ára í poppinu. Einnig fáanlegt á DVD.

Nældu þér í eintak

S·K·Í·F·A·N

JÓN SIGURÐSSON, AÐSTOÐARFORSTJÓRI FL GROUP, FÆRIR SIG Á SELTJARNARNESI

# KEYPTI 70 MILLJÓNA KRÓNA HÚS OG ÆTLAR AÐ RÍFA ÞAÐ

Já, þú segir fréttir. Ég hefði þá kannski ekki eytt svona miklum tíma í að gera hluti fyrir húsið áður en það fór á sölu," sagði Margrét Hermanns-Auðardóttir þegar Sirkus greindi henni frá því að Jón Sigurðsson, hinn 28 ára gamli aðstoðarforstjóri FL Group, og eiginkona hans Björg Fenger hefðu sótt um að fá að rífa húsið að Unnarbraut 19 sem þau keyptu af henni fyrir 70 milljónir ekki alls fyrir löngu.

„Þetta fer nú samt ekki með mig. Þetta er eingöngu partur af samfélaginu sem við búum í og alls ekki í fyrsta sinn sem svona lagað gerist," segir Margrét og hlær. Hún hyggst flytja á æskuslóðir sínar í Vesturbænum en viðurkennir að hún muni sakna útsýnisins á Seltjarnarnesinu sem sé stórkostlegt úr húsinu sem senn heyrir sögunni til ef vilji Jóns og Bjargar verður ofan á.

Unnarbraut 19 er sögufræg lóð en fyrsti prestur Neskirkju, Jón Thorarensen, fékk þessa lóð að gjöf frá Seltjarnarnesbæ í tilraun bæjarfélagsins til að lokka prestinn yfir bæjarmörkin. Það gerðist hins vegar aldrei og byggði sonur hans Ólafur hús á lóðinni árið 1975. Að sögn Margrétar er húsið, sem er tæpir 320 fermetrar, nú nýklætt að utan.

Jón og Björg búa nú á Unnarbraut 17, húsinu fyrir ofan það sem þau keyptu af Margréti, en þar eiga þau rúmlega 160 fermetra hæð. Vegur Jóns hefur vaxið hratt innan FL Group á undanförnum árum og er hann nú hægri hönd forstjórans Hannesar Smárasonar. Jón var með rúmar 14 milljónir í mánaðarlaun árið 2005 samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar í fyrra og er talið að hlutabréfaeign hans í FL Group sé 1,5 milljarða virði. Hann ekur auk þess um að einum flottasta Porsche Cayenne jeppa landsins sem hann fær frá fyrirtækinu. Ekki náðist í Jón við vinnslu fréttarinnar.

oskar@frettabladid.is



**FLUTT Á MILLI HÚSA** Jón og frú ætla ekki langt en húsið að Unnarbraut 19 (fyrir framan) mun ekki standa ekki ef vilji þeirra verður ofan á. Þau eiga hæð í húsinu sem er nær á myndinni.



**VEIT HVAÐ HANN VILL Jón Sigurðsson, aðstoðarforstjóri FL Group, vill láta rífa hús sem hann og kona hans keyptu fyrir 70 milljónir.** SIRKUSMYND/HÖRÐUR




## fréttir

### Heyrst hefur

**Ekki búið að ákveða daginn**

Söngkonan **Birgitta Haukdal** og **Benedikt Einarsson**, unnusti hennar, hafa ekki enn ákveðið dagsetningu fyrir væntanlegt brúðkaup sitt. Eins og greint var frá í Sirkus í mars bað Benedikt Birgittu í rómantískri ferð til Parísar í vetur. Samkvæmt upplýsingum Sirkuss bauð Benedikt unnustunni í óvissuferð yfir helgi. Í ljós kom að áfangastaðurinn var París og þar kraup laganeminn á kné og bað söngkonunnar.

Heimildir Sirkuss herma að skötuhjúin telji ástæðulaust að flýta sér um of með brúðkaupið. Því verður það ekki haldið í sumar. Mögulegt er að brúðkaupið verði seint á þessu ári en líklegra er talið að það verði ekki fyrr en á næsta ári.

Birgitta verður 28 ára síðar í þessum mánuði og Benedikt er 26 ára. Þau hafa verið saman síðan í ársbyrjun 2004 eftir að hafa kynnst þegar léku bæði í söngleiknum Grease.



www.volkswagen.is




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA · 07-0844

Verðið á Volkswagen Golf hefur aldrei verið hagstæðara. Taktu gæðin og glæsileikann með í reikninginn og þú sérð að þetta er tækifæri sem borgar sig að grípa. Komdu, reynsluaktu og tryggðu þér Golf.

## Golf Trendline kostar aðeins 25.490 kr. á mánuði.*

### Gerðu bílinn enn glæsilegri með sportpakka að verðmæti 280.000 kr.

• 16" álfelgur • sóllúga • leðurstýri • þokuljós
• armpúði milli framsæta • samlitur

*M.v. 10% útborgun og bílasamning SP til 84 mánaða.

**Volkswagen Golf er grænn bíll**

HEKLA greiðir fyrir kolefnisjöfnun allra nýrra Volkswagen-bíla í eitt ár. Kolefnisjöfnun felst í því að binda samsvarandi magn gróðurhúsalofttegunda og bíllinn gefur frá sér. Þetta gerum við með skógrækt og landgræðslu.

**HEKLA** Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi

HEKLA

KITTY VON-SOMETIME VEKUR ALLS STAÐAR ATHYGLI FYRIR SÉRSTAKAN FATASMEKK EN SJÁLF LÝSIR HÚN SMEKKNUM SÍNUM EINS OG FATASKÁPURINN HAFI ÆLT Á HANA

# Mix af spandexi og 80‘s sápuóperu



**OF MIKIÐ SPANDEX** „Ég hugsa ekki mikið um það sem ég fer í og oft er eins og fataskápurinn hafi ælt á mig. Ég er ekki ein af þeim stelpum sem taka langan tíma í að taka sig til.“ MYND/RÓSA



Ég hafði heimsótt landið af og til í sex ár en flutti hingað í mars í fyrra. Árið 2004 kom ég hingað tíu sinnum og ákvað að það væri bara auðveldara að búa hérna,“ segir hin breska Kitty von-Sometime sem vakið hefur eftirtekt fyrir flottan og öðruvísi stíl. Sjálf segist Kitty ekki mikið umhugað um tísku. Hún klæðist einfaldlega því sem hana langi til að klæðast og sé þægilegt. „Ég myndi aldrei fara í eitthvað óþægilegt og er ekki að elta uppi einhver merki en ég fíla hins vegar notuð föt.“ Aðspurð hvað það hafi verið við landið sem hafi heillað hana segist hún fíla fólkið, allavega flesta. „Ísland er öðruvísi en allt annað. Ég er búin að prófa að búa í stórborg og vildi prófa lítinn bæ. Reykjavík er lítil borg með „big city attitude. Svo eru það allar klisjurnar eins og hversu fallegt landið er,“ segir Kitty. „Fólkið hér skiptist í tvo hópa, þá sem hanga í mollunum og kaupa sér eins föt og svo hina sem versla í búðum eins og Nakta apanum og Kron Kron. Þessar tvær týpur eiga ekki alltaf samleið og þú getur gengið að öðrum hópnum vísum inni á Sirkus eða Qbar en hinum inni á Sólon,“ segir hún brosandi. Sjálf verslar Kitty aðallega í verslunum eins og Spútnik og Nakta apanum. „Ég sakna samt hjálparstarfsverslananna í Bretlandi enda gat ég eytt heilu dögunum í að gramsa þar inni.“

Auk þess að standa fyrir 90's partýum á NASA ásamt Curver starfar Kitty hjá Smekkleysu og hún segir tónlist og tísku samtengda. Aðspurð hvernig hennar eigin smekkur sé segir hún hann líklega mitt á milli þess að vera of mikið spandex og 80' sápuópera. „Ég hugsa ekki mikið um það sem ég fer í og oft er eins og fataskápurinn hafi ælt á mig. Ég er ekki ein af þeim stelpum sem taka langan tíma í að taka sig til.“ Spurð hvort hún hafi fæðst á vitlausum tíma segist hún hafa verið lítil stelpa á áttunda áratugnum og alist upp við poppstjörnur eins og Madonnu. „Ég fylgdist líka með mömmu og vildi óska að hún hefði geymt fötin sín,“ segir Kitty sem veit ekki hvort eða hversu lengi hún ætlar að búa á Íslandi. „Ég plana ekki fram í tímann og maður á aldrei að segja aldrei. Fyrst þegar ég kom hingað þekkti ég engan en vaknaði með timburmenn eftir að hafa gifst einhverjum manni í þykjustubrúðkaupi um nóttina. Í hvert skipti sem ég heimsótti landið eignaðist ég fleiri og fleiri vini svo þegar ég flutti var það ekkert mál. Þá átti ég stóran hóp af góðum vinum sem margir höfðu heimsótt mig út.“ Aðspurð hvort fjölskylda hennar og vinir úti í Bretlandi hafi ekki verið hissa yfir flutningunum segir hún svo ekki hafa verið. „Flest þeirra biðu eftir að ég myndi flytja því ég var hvort sem er alltaf hérna.“

Kitty segir að líklega hafi hún alltaf klætt sig öðruvísi en að hún hafi ekki alltaf þótt smart. „Í skólanum var ég nördinn og skrýtna stelpan,“ segir hún hlæjandi og bætir við að Íslendingar ættu ekki að taka sig svona hátíðlega þegar kemur að tísku. „Klæddu því sem þú vilt klæðast og hafðu gaman af því.“

indiana@frettabladid.is



**FÍLAR ÍSLAND** „Ég er búin að prófa að búa í stórborg og vildi prófa lítinn bæ. Reykjavík er lítil borg með „big city attitude.“ MYND/RÓSA




G-STAR RAW
REYKJAVIK STORE
LAUGAVEGI 86-94, S: 511-2007
Útsala 40% afsláttur
G-STAR RAW DENIM
RAW DEFENDER
RAW DENIM 3301
marc newson
g-star.com



Útsalan stendur frá 12.7 til 28.7

BIOTHERM





Summer splash 2007

Ferskt og skemmtilegt sumar með Biotherm



Stór og smart strand- og sundtaska fylgir þegar keyptir eru tveir hlutir frá Biotherm*.

Sumarleg tilboð á sólkremum og sjálfbrúnandi kremum.

Líttu við á næsta útsölustað Biotherm

*gildir ekki með öðrum tilboðum

# LÍFIÐ ER MEIRA EN FÓTBOLTI

**viðtal** **Anna María Gísladóttir** er eiginkona Bjarna Guðjónssonar knattspyrnumanns. Anna María og Bjarni bjuggu erlendis í sex ár með börn sín en eru nú komin heim og hafa komið sér vel fyrir í fallegu húsi í vesturbænum. Anna María segir nauðsynlegt fyrir konur atvinnumanna í knattspyrnu að móta sitt eigið líf svo þær verði ekki algjörlega háðar mönnum sínum.



**ANNA MARÍA ÁSAMT HELGU MARÍU OG JÓHANNESI KRISTNI „Okkur langar að eignast annað barn en ekki strax. Við erum heppin með gullmolana okkar og maður verður að hafa tíma til að sinna þeim og njóta."** MYND/PJETUR




**BJARNI GUÐJÓNSSON „Það er ekki í mínum karakter að sitja heima og bíða eftir Bjarna og ég hugsa að hann hefði ekki viljað það. Hann varð ástfanginn af mér eins og ég er og sú persóna verður alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni," segir Anna María.**

Það er rúmt ár síðan við komum heim og við erum alsæl," segir Anna María Gísladóttir, eiginkona knattspyrnumannsins Bjarna Guðjónssonar. Bjarni hefur verið í umræðunni vegna umdeilds marks sem hann skoraði í leik ÍA gegn Keflavík og þeirra deilna sem fylgdu í kjölfarið. Anna María hefur ákveðið að tjá sig ekki um málið hér enda hafa báðir málsaðilar kosið að ræða málið ekki frekar í fjölmiðlum.

### Meiri Bjarneyringur en KR-ingur

Anna María og Bjarni höfðu búið í Evrópu í rúm sex ár, aðallega í Englandi og Þýskalandi, þegar þau komu mörgum á óvart og fluttu heim. Eftir mikla flutninga eru þau tilbúin til að festa rætur og hafa komið sér vel fyrir í húsi sínu í Vesturbænum. Anna María er Vesturbæingur og KR-ingur og því komin á heimaslóðir en Bjarni er að sjálfsögðu Skagamaður. Þau kynntust sem unglingar þegar hún var að æfa og starfa með KR og faðir Bjarna, Guðjón Þórðarson, var að þjálfa meistaralið KR. „Ætli ég sé ekki meiri Bjarneyringur en KR-ingur í dag," segir hún og brosir og bætir við að þau hafi byrjað saman mjög ung. „Þegar við byrjuðum saman fyrir alvöru var hann farinn út að starfa sem atvinnumaður. Ég var í Menntaskólanum í Reykjavík en heimsótti hann í hverjum mánuði og þegar ég var 19 ára ákvað ég að flytja út til hans," segir Anna María sem fékk að klára MR utan skólans. „Þetta vakti ekki mikla lukku hjá fjölskyldunni minni enda er ég ekki viss um að við Bjarni myndum hleypa dóttur okkar svona ungri til útlanda til að elta einhvern fótboltastrák," segir hún hlæjandi.

### Tími til að huga að lífinu eftir fótboltann

Bjarni hóf feril sinn í Englandi en eftir stutt stopp lá leiðin til Genk í Belgíu en þegar Anna María flutti út til hans var hann kominn til Stoke í Englandi þar sem þau voru í þrjú ár. Í Englandi eignuðust þau sitt fyrsta barn, Helgu Maríu sem er fimm ára. „Okkur fannst æðislegt að búa í Englandi en á þessum tíma var sannkölluð Íslendingasprengja þarna úti. Eftir þrjú ár fluttum við til Þýskalands en við vorum ekki að finna okkur eins vel þar. Englendingarnir eru opnir svo við eignuðumst fullt af góðum vinum og áttum auðvelt með að aðlagast lífinu. Þýskaland er öðruvísi og mun lokaðra en sem betur fer bjó bróðir Bjarna þar líka með fjölskyldu sinni svo við áttum góðar stundir þar líka." Næst lá leið fjölskyldunnar til Coventry og þaðan til Plymouth á Englandi en þá áttu Bjarni og Anna María von á sínu öðru barni, Jóhannesi Kristni sem nú er tveggja ára. „Þar vorum við í rúmt ár áður en við komum heim og á þessum tíma var ég komin með nett ógeð á flutningum enda höfðum við líka flutt þrisvar sinnum þegar við bjuggum í Stoke. Nú erum við komin heim til að vera og börnin eru alveg í skýjunum," segir Anna María og bætir við að það hafi verið sameiginleg ákvörðun þeirra beggja að halda heim til Íslands. „Bjarni hafði fengið tilboð um að vera lengur en við ákváðum að athuga hvort við hefðum möguleika á að lifa af á fótboltanum hér heima. Okkur fannst kominn tími til að hugsa til framtíðar og að lífinu eftir fótboltann," segir Anna María sem er að klára lögfræði í Háskólanum í Reykjavík en Bjarni stefnir á viðskiptafræði í HR í haust.

### Eiginkona fótboltamanns, ekki fótboltaeiginkona

Anna María segir misskilning að allar konur atvinnumanna í knattspyrnu sitji heima milli þess að þær fari í hárgreiðslu og handsnyrtingu. „Ég er eiginkona fótboltamanns en ekki fótboltaeiginkona og mér finnst fíflalegt þegar fólk heldur að sú mynd sem birtist í Footballers' Wives sé sönn. Það er ekki í mínum karakter að sitja heima og bíða eftir Bjarna og ég hugsa að hann hefði ekki viljað það. Hann varð ástfanginn af mér eins og ég er og sú persóna verður alltaf að hafa eitthvað fyrir stafni. Ég verð að hafa eitthvað að gera og rækta sjálfa mig og það hefði verið synd að eyða þessum árum í að sitja heima enda möguleikarnir margir. Stelpur sem fara út með mönnunum sínum verða að skapa sitt eigið líf, annars verða þær algjörlega upp á menn sína komna," segir Anna María sem notaði tímann vel og tók einn og einn kúrs eftir útskrift í MR. Vegna tíðra flutninga átti hún erfitt með að setjast á skólabekk úti en ákvað í staðinn að hafa samband við HR og athuga hvort hún gæti tekið lögfræðina í fjarnámi sem hún fékk.

### Fjarbúðin mesti prófsteinninn

Þrátt fyrir að vera himinlifandi með að vera komin heim segist hún ekki vilja skipta á þeirri reynslu sem þau öðluðust úti. Það að búa í öðru landi hafi þroskað þau og gert sjálfstæðari auk þess sem þau hafi í rauninni aðeins getað treyst á hvort annað og því hafi hjónabandið styrkst mikið. „Bjarni var orðinn sjóaður í þessu þegar ég flutti til hans og allir Íslendingarnir í Stoke gerðu flutningana léttari. Mér fannst við varla vera í útlöndum, ekki nema þegar við fórum til London. Það skiptir miklu máli að kynnast fólki því maður getur auðveldlega einangrast. Maður verður að búa sitt eigið líf á þeim stað sem maður er," segir hún og bætir við að fjarbúðin, áður en hún flutti út til Bjarna, hafi verið mesti prófsteinninn á samband þeirra. „Okkur fannst mjög erfitt að búa ekki saman og þegar ég flutti til hans fannst okkur eins og við hefðum aldrei gert neitt annað. Við kynntumst rosalega vel þegar við vorum í fjarbúð því við höfðum mestu samskiptin í gegnum síma og gerðum ekkert annað en að tala saman. Flutningurinn gekk mjög vel, fjölskyldan var dugleg að heimsækja okkur auk þess sem ég varð að kíkja reglulega heim vegna skólans. Ég mæli með fyrir alla að prófa að búa um stund í útlöndum. Þetta er mikil reynsla, maður lærir að bjarga sér og standa á eigin fótum og öðlast góða reynslu fyrir framtíðina."

> „VIÐ KYNNTUMST ROSALEGA VEL ÞEGAR VIÐ VORUM Í FJARBÚÐ ÞVÍ VIÐ HÖFÐUM MESTU SAMSKIPTIN Í GEGNUM SÍMA OG GERÐUM EKKERT ANNAÐ EN AÐ TALA SAMAN."

### Mætir á alla leiki

Anna María æfði sjálf fótbolta á sínum tíma en segir að hún sé fyrst til að viðurkenna að hennar hæfileikar liggi annars staðar en í knattspyrnunni. Hún hafi þó gaman af boltanum enda myndi hún ekki mæta á alla leiki hjá Bjarna ef hún hefði ekki áhuga. „Ég sit nú samt ekki yfir enska allan daginn enda hef ég annað að gera með tímann og sem betur fer eyðir Bjarni ekki miklum tíma í að glápa á boltann heldur. Við horfum á vissa leiki en annars ræðum við fótbolta lítið á heimilinu. Þegar boltinn er búinn tekur heimilislífið við. Lífið er meira en fótbolti og vonandi er það svoleiðis hjá sem flestum í þessum bransa." Varðandi framtíðina segir Anna María aldrei að vita nema þau skelli sér út í nám þegar þau hafa bæði klárað hér heima. „Við viljum halda þeim möguleika opnum en það fer allt eftir aðstæðum. Okkur langar að eignast annað barn en ekki strax. Við erum heppin með gullmolana okkar og maður verður að hafa tíma til að sinna þeim og njóta."

*indiana@frettabladid.is*

# AUKASENDING
# DUX Original

DUX



## SUMARTILBOÐ

TAKMARKAÐ MAGN

DUX 1001 Original 90x200cm með Xtandard yfirdýnu
án fóta, **(Verð áður kr 158.000)**

Kr. 112.000

**NÝTT!** DUX 1001 105x200cm með Xtandard yfirdýnu
**(Verð áður kr 186.000)**

Kr. 123.000

2 stk DUX 1001 90x200cm og heil Xtandard yfirdýna 180x200cm
**(Verð áður kr 316.000)**

Kr. 224.000

DUXIANA®

ADVANCED TECHNOLOGY IN SLEEPING

Ármúla 10 • Sími: 5689950

SIRKUS LEITAÐI TIL MÁLSMETANDI ÁLITSGJAFA Í LEITINNI AÐ KYNÞOKKAFYLLSTU KNATTSPYRNUKONUM LANDSINS.

# Flottustu fótboltastelpurnar



**Dóra María Lárusdóttir**

„Fegurðardrottning fótboltans. Spilar alltaf með fléttu sem gæti ekki verið meira sexí.“

„Sú sætasta í boltanum í dag.“

„Drottningin, ber af hvað kynþokka varðar í Landsbankadeild kvenna.“

„Þrátt fyrir ungan aldur ber hún sig einstaklega vel á velli. Tignarleg með boltann við fætur. Hún er sérstaklega aðlaðandi viðmælandi, brosmild og með mikla útgeislun.“

„Ljóshærð og falleg. Mikill töffari og týpa.“



**Embla Grétarsdóttir**

„The Beckham of Iceland. Er með Jóni Arnóri Stefánssyni körfuboltagoði en það aftrar ekki neinum að horfa aðeins á.“

„Embla Grétars er ókrýnd drottning kynþokka í kvennaboltanum.“

„Hefur verið ofarlega í svipuðum könnunum áður og ekki að ástæðulausu, ein af þeim flottustu í íslenska boltanum.“

„Einstaklega myndarleg stelpa. Þrátt fyrir að vera hörð í horn að taka á vellinum gerir hún allt með mikilli reisn. Dregur aðeins úr að hún haldi með Manchester United. Ekki hver sem er sem fangar Jón Arnór Stefánsson!“



**Anna Björg Björnsdóttir**

„Flott í góðu formi.“

„Markaskorarinn mikli. Fær alla til að horfa á eftir sér þegar hún hleypur upp völlinn. Falleg stelpa sem á sinn þátt í því hve Fylkismenn sækja kvennaleikina vel.“



**Greta Mjöll Samúelsdóttir**

„Foxí kvikindi.“

„Ekki bara góð í boltanum og söngnum heldur einnig kynþokkafull.“





**Sif Atladóttir**

„Algjör bomba.“

„Sú langflottasta í boltanum í dag.“



## ÞÆR VORU LÍKA NEFNDAR:

**Margrét Lára Viðarsdóttir** „Sú flottasta. Það er eitthvað alveg ótrúlega sexí við hana. Kannski þetta seiðandi augnaráð?“



**Ásthildur Helgadóttir** „Alltaf glæsileg. Hún virkar mjög örugg og flott og svo er einhvern veginn eitthvað við hana. Minnir dálítið á Renée Zellweger.“



**Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir** „Einstaklega glæsileg. Ber sig vel og er virkilega falleg.“



**Hólmfríður Magnúsdóttir** „Stúlkan er suðræn og seiðandi.“



**Björk Gunnarsdóttir** „Eitt best geymda leyndarmál kvennaboltans á Íslandi.“



**Hrefna Huld Jóhannesdóttir** „Flott stelpa í góðu formi og sérlega myndarleg.“

**Erla Steina Arnardóttir** „Ómótstæðilega töff gella.“

**Guðbjörg Gunnarsdóttir** „Dökkhærð falleg stelpa, það er einhver prakkari í henni og svo er hún Hafnfirðingur.“

**Rúna Stefánsdóttir** „Gríðarlega Foxxxí.“

**ÁLITSGJAFAR** **Hörður Magnússon íþróttafréttamaður, Guðmundur Marínó Ingvarsson, sport.is, Ceres4 tónlistarmaður, Garðar Gunnar Ásgeirsson knattspyrnuþjálfari, Magnús Már Einarsson, fotbolti.net, Benedikt Bóas Hinriksson íþróttablaðamaður, Heimir Eyvindarson tónlistarmaður, Hannes Ingi Geirsson, landsliðsmaður í blaki, Arnar Jón Sigurgeirsson knattspyrnumaður, Þorgils Rafn Þorgilsson Stjörnumaður, Kristinn Alfreð Ferdinardsson knattspyrnumaður.**


Litlu nauðsynlegu hlutirnir í útileguna



Hitabrúsar Prímusar Pottar og pönnur Ljós og mælar og margt, margt fleira

Komdu og líttu á úrvalið í verslunum okkar í Faxafeni 12 og Glerárgötu 32 Akureyri.

66° NORÐUR

REYKJAVÍK: Kringlan, Bankastræti 5, Faxafen 12
KÓPAVOGUR: Smáralind
GARÐABÆR: Miðhraun 11
AKUREYRI: Glerárgata 32

www.66north.is




Þú missir ekki bara bílprófið ef þú ekur of hratt, heldur gæti bíllinn þinn verið gerður upptækur og þú greitt sekt sem jafngildir mánaðarlaunum margra.

**Hraðakstur borgar sig ekki - Í ALVÖRUNNI!**

UMFERÐARSTOFA

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA





**1999**

Britney var kynnt til sögunnar sem ung og saklaus stúlka þegar ferillinn hófst. Hún var sannkölluð draumaprinsessa fyrir karlmenn en jafnframt fyrirmynd ungra stúlkna.



**2000**

Ári síðar var farið að gera meira út á kynþokka hinnar ungu Spears. Hún átti þó enn nokkuð í að ná toppnum.



# MÖRG ANDLIT BRITNEY SPEARS

sirkus nærmynd

**Britney Jean Spears kom fyrst fram á sjónarsviðið aðeins 17 ára gömul og gerði allt vitlaust með laginu sínu ...Baby, one more time. Á þessum tíma voru þúsundir söngkvenna að stíga sín fyrstu skref í tónlistinni. Þar má nefna Christinu Aguilera, Mandy Moore og Jessicu Simpson, en Britney sló þær allar því út því þrátt fyrir ungan aldur, skildi Britney hvað seldi: kynþokki.**

**Það var hennar hugmynd að koma fram í myndbandinu við lagið í kaþólskum skólabúningi, með beran magann og tíkarspena í hárinu.**

**Britney er alvöru poppstjarna og hefur á þessum níu árum ratað oftar í slúðurblöðin heldur en Madonna sjálf. Stelpan er svo sannarlega poppprinsessa. Hún hefur undanfarin ár verið með flottasta líkamann í poppbransanum og gefið út skemmtilegustu myndböndin. Britney á heiðurinn að stysta hjónabandi í Hollywood er hún giftist æskuvini sínum Jason Alexander í Vegas árið 2004. Hún var æskuást poppprinsins Justins Timberlake. Stúlkan hefur greinilega haft mikil áhrif á kappann því þó nokkrir söngtextar hans eru um hana. Hún hefur verið gift og skilin tvisvar og á tvo drengi með Kevin Federline; Sean Preston og Jayden James. Britney hefur gefið út fjórar plötur. Allar hafa ratað beint í fyrsta sæti í Bandaríkjunum. Hún er áttunda frægasta söngkona í sögu bandarískrar tónlistar og ungfrú Britney Jean Spears er án efa í dag, rétt á eftir Paris Hilton, ein mest ljósmyndaðasta manneskjan í Hollywood. Sirkus tók saman myndir frá stuttum ferli konunnar og nóg er úrvalið. Við bíðum spennt eftir að Britney taki sig saman í andlitinu og komi með mega kommbakk. Plís, Britney, gerðu það fyrir okkur.**




**2001**

Britney gerðist sífellt kræfari í klæðaburði sínum. Hún hélt þó í ímynd saklausu stúlkunnar.





**2002**

Þegar þarna var komið við sögu var Britney tilbúin að ganga lengra en nokkru sinni áður.






**2003**

Sögusagnir um ástarsambönd söngkonunnar voru á allra vörum og hátterni hennar varð æ furðulegra.



**2004**

Árið sem Britney giftist æskuvini sínum. Hjónabandið var ógilt skömmu síðar. Fljótlega kom Kevin Federline, seinni eiginmaður hennar, til sögunnar.



**2005**

Reykingar og ofdrykkja voru á allra vörum. Seint á árinu eignaðist Britney svo fyrri son sinn með Kevin Federline.



**2006**

Til að lappa upp á ímyndina lét Britney mynda sig þegar hún var ólétt í annað sinn. Yngri sonur hennar fæddist í september þetta ár. Í nóvember sótti Britney um skilnað frá Kevin Federline.



**2007**

Ár hinna miklu öfga. Britney hefur verið mikið í fréttunum fyrir djammlíferni sitt og fór í kjölfarið í meðferð. Skömmu áður hafði hún rakað af sér allt hárið.







Sumarkaffi er samansett af sérvöldum úrvals tegundum. Það hefur frísklegt sítrusbragð ásamt yndislega ljúfum keim af hnetum og sætum ávöxtum. Kaffið er í góðu jafnvægi, hefur mikla fyllingu og hunangsmjúkt eftirbragð.

**Verslanir:**
Kringlunni
Smáralind
Laugavegi 27
Suðurveri

TE & KAFFI

www.teogkaffi.is

*stundin - bragðið - stemningin*

# helgin

## Hvað er best á grillið

„Ég grilla afar sjaldan, hef minn mann í verkinu. Mér líkar meðlætið alltaf betur en kjötið sjálft, enda kjósum við orðið oftar að grilla fisk. Ostafylltir sveppir og olíuborið grænmeti er frábært. Svo eru sósurnar og salatið lykilatriði. Síðustu daga hef ég borðað ansi mikið af melónusalati með fetaosti og rauðlauk, já eða salat þar sem uppistaðan er mangó. Sósurnar bestar kaldar og úr sýrðum rjóma.“



**Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir fréttastjóri Blaðsins**



„Ég myndi grilla folaldalundir. Með þeim myndi ég grilla sætar kartöflur og maísstöngla. Folaldalundir eru svo létt kjöt í magann, þær eru mjög góðar.“

**Hrefna Rósa Jóhannsdóttir landsliðskokkur**



„Ég gerði smá tilraun um daginn og skar niður epli í þunnar skífur. Yfir þau helt ég agave-síróp og stráði kanel yfir og grillaði þangað til sírópið var farið að karmelast. Gott að setja súkkulaðirúsínur eða -spæni yfir hluta. Þetta er hollt og gott.“

**Katrín Júlíusdóttir alþingiskona**



**Sigríður Klingenberg spáir í Sirkus**
www.klingenberg.is

# Sömu tölur og Madonna

Magni er með dálítið erfiðar tölur í sínum útreikningi. Hann er með sömu tölurnar og Madonna og hún hefur aldeilis þurft að þola tímana tvenna þótt stjarna hennar sé hátt á lofti,“ segir Sigríður Klingenberg spákona um Magna Ásgeirsson tónlistarmann. „Magni er með mastertölur í kortinu sínu en þeir sem eru með töluna 11 í master hjá sér eru ávallt fólk sem aðrir taka eftir og hafa mikið fram að færa. Hins vegar vill oft bregða til beggja vona út af tilfinningum, fjölskyldu og öðru. Ýmiss konar álag fylgir þessari tölu. Mín skilaboð til Magna eru að hann verður að muna að loka dyrunum til fortíðar til þess að framtíðin komi til hans. Yfirleitt eru þessar tölur afskaplega viðkvæmar og tilfinningaríkar og gætu lent undir þunga og álagi ef hlutirnir eru ekki í röð og reglu.“



# SPURNINGAKEPPNI sirkuss

SPURNINGAKEPPNI SIRKUS HELDUR ÁFRAM. LEIKKONAN ÓLAFÍA HRÖNN STÖÐVAÐI SIGURGÖNGU FJÖLMIÐLAMANNSINS LOGA BERGMANNS Í SÍÐUSTU VIKU. ÓLAFÍA HRÖNN KEPPIR HÉR VIÐ KASTLJÓSSMANNINN HELGA SELJAN.

**1. Hvað heitir nýja íslenska boy-bandið?**
**2. Hvað heitir eiginkona Tom Cruise?**
**3. Hver leikur aðalhlutverkið í grínmyndinni Code name: The Cleaner?**
**4. Hvað heitir nýja platan hans Jóns Ólafs?**
**5. Hvað kallar tónlistarkonan Kristín Björk Kristjánsdóttir sig?**
**6. Hverslags hópur er Hnoð?**
**7. Með hvaða liði spilar knattspyrnumaðurinn Bjarni Guðjónsson?**
**8. Hvað heitir tónlistarútgáfan sem Jón Sæmundur Auðarson rekur?**
**9. Hjá hvaða Formúlu 1 liði ekur Mark Webber?**
**10. Hver skrifaði bókina Engill, pípuhattur og jarðarber?**



### Helgi Seljan 7 RÉTT SVÖR

1. Luxor.
2. Katie Holmes.
3. Cedric the Entertainer.
4. Ægisíða.
5. Kira Kira.
6. Danshópur.
7. ÍA.
8. More Dead.
9. McLaren.
10. Elísabet Jökulsdóttir.



### Ólafía Hrönn 5 RÉTT SVÖR

1. Ull.
2. Katie Holmes.
3. Steve Martin.
4. Hagamelur.
5. Kira Kira.
6. Ljóðabálkahópur.
7. ÍA.
8. Dead production.
9. Yellow Tail.
10. Sjón.

**Svör: 1.** Luxor. **2.** Katie Holmes. **3.** Cedric the Entertainer. **4.** Hagamelur. **5.** Kira Kira. **6.** Danshópur. **7.** ÍA. **8.** Dead Records. **9.** Red Bull. **10.** Sjón.

Helgi Seljan sigrar með sjö réttum stigum gegn fimm. Ólafía Hrönn skorar á tónlistarkonuna Ragnhildi Gísladóttur. Fylgist með í næstu viku.






BYLGJAN 989
NINGS Sumarleikur
Við drögum tvisvar í viku í allt sumar í morgunþætti Ívars Guðmundssonar á Bylgjunni.
Á föstudögum: Borgarferð fyrir 2 til Evrópu með Icelandair, 10 manna matarveislu frá Nings og sumaráskrift að Séð og Heyrt.
Á miðvikudögum: 6 mánaða kort í World Class Laugum, sumaráskrift að Séð og Heyrt, bensín úttekt frá Olís og sumarglaðning frá Vífilfelli.
Og í lok sumars drögum við út flottan Volkswagen Golf með sportpakka til afnota í heilt ár.
Sumar tilboð
ATH! TILBOÐIÐ ER EINGÖNGU AFGREITT FYRIR 2 EÐA FLEIRI • EF ÞÚ HRINGIR OG SÆKIR FYLGIR 2L. COKE MEÐ TILBOÐINU
krónur 1295 á mann
krónur 2590 fyrir tvo
Coca-Cola
Eggjanúðlur með grænmeti,
Svínakjöt og grænmeti í drekasósu
Kjúklingur og grænmeti í ostrusósu
Djúpsteiktar rækjur með súrsætri sósu,
Drögum í lok sumars...
Volkswagen Golf til afnota í eitt ár frá Heklu
Coca-Cola
Drögum vikulega í allt sumar...
Sumarglaðning frá Vífilfelli
WWW.ICELANDAIR.IS
Drögum vikulega í allt sumar...
Evrópuferð fyrir 2 með Icelandair
NINGS
Drögum vikulega í allt sumar...
Matarveisla frá Nings fyrir 10 manns
LAUGAR
Drögum vikulega í allt sumar...
6 mánaða kort í World Class Laugum
SÉÐ OG HEYRT
Drögum vikulega í allt sumar...
Sumaráskrift að Séð og heyrt
olís
Drögum vikulega í allt sumar...
Bensín úttekt frá Olís
Klikkaðir Aukavinningar
Biomega reiðhjól
biomega
Magnús Bess
Margfaldur Íslandsmeistari í vaxtarækt velur heilsurétti Nings
Hrönn Sigurðardóttir
Bikarmeistari í vaxtarækt 2006 og Íslandsmeistari í vaxtarækt 2007 velur heilsurétti Nings
Þú færð þátttökuseðil þegar þú kaupir mat á Nings, fyllir hann út og þú ert með í leiknum.
NINGS
NINGS
Golf
NINGS
SUÐURLANDSBRAUT 6, HLÍÐASMÁRA 12, VIÐ GULLINBRÚ SÍMI: 588 9899 OG KAUPVANGSSTRÆTI AKUREYRI SÍMI: 440 6600


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Tilvalið fyrir Smuguna, Jan Mayen
og allar styttri ferðir niður Laugaveg.
160
Höfuðborgarsvæðið: Smáralind, Kringlan, Bankastræti 5,
Faxafen 12, Miðhraun 11 Garðabæ. Akureyri: Glerárgata 32.
Keflavík: Leifsstöð og söluaðilar um land allt.
www.66north.com
Klæddu þig vel
66°
NORÐUR







Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

**661 3839 - Símaspá**
Fast verð. ATH. stgr. Opið alla daga 20 -23.

### Rafvirkjun




Rafvirki tekur að sér verkefni um helgar. Davíð Róbertsson s. 691 6982.

## HEILSA

### Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu fríun prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

www.leit.is smellið á Ristilvandamál.

Léttist um 10 kg á 12 vk.Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir.
www.heilsuval.topdiet.is
Rannveig s.8625920

### Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

### Nudd

Nudd nudd nudd. Uppl. í s. 616 6469.

Nudd nudd. Uppl. í s. 662 0841.

## HEIMILIÐ

### Húsgögn



**Glæsileg spönsk rúmteppi**
Mikið úrval! Ný barna og unglingalína. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - www.sofalist.is - S. 553 0444.

Veisla - afmæli - árshátíð - brúðkaup www.leiguhusgogn.is sími 898 7807.

### Gefins

11 mánaða Dobermann tík fæst gefins á gott heimili. S. 846 0055.

9 vikna, bröndóttur högni fæst gefins. Kassavanur og tilbúinn til afhendingar. S. 587 2161 & 869 2099.

### Dýrahald



Amerískir Cocker Spaniel hvolpar til sölu. Hvolparnir afhendast með ættbók og heilsufarsskoðaðir. Nánari uppl. um tegundina og hvolpana er í s. 661 9876 og www.draumora.com

Gefins 3 átta vikna kettlingar, einn svartur og tveir svartir með hvítar loppur, kassavanir, uppl. í s. 898 8022.

Til sölu ársgamalt 300 lítra fiskabúr (horn), ásamt öllum fylgibúnaði og fiskum. Uppl. í s. 846 4079 & 863 4740.

### Ýmislegt



**- Beachcomber -**

**Kanadískir heitir pottar**
**Sumartilboð á heitum pottum. Eigum örfáa Beachcomber heita potta á lager. Til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs.**

**11 ára reynsla á Íslandi.**
**Opið alla daga frá 9 til 21.00.**
**Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**



**Glæsileg stóláklæði til leigu**
Leigjum út glæsileg áklæði fyrir veislur og fl. Verðdæmi 100stk. 42.700,- Kr. með hreinsun. Sófalist - Garðatorgi - Garðabæ - S. 553 0444 www.sofalist.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

### Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

### Ferðaþjónusta




**Sjóstangveiði - Andrea**
Hvalaskoðun, Skemmtisiglingar. Tilvalið fyrir fyrirtæki og starfsmannahópa. Símar 562 2300, 898 3300. Nánari upplýsingar.www.sjostong.is, hvalalif@hvalalif.is

### Gisting

**Orlofshús á Akureyri**
Til leigu orlofshús, 4 km frá Akureyri. Sólarhringurinn 17.500kr. & vikan á 90.000kr. leo79@internet.is - S. 897 5300, Leó. www.vadlaborgir.is

**Orlofsíbúð á Akureyri**
13.500,- kr. nóttin. Uppl. í s. 897 5300, netfang leo79@internet.is Leó.

**Sumarhús í Varmahlíð í Skagafirði**
Til leigu 50-60fm bústaðir með heitum potti við skóginn fyrir ofan Varmahlíð. Helgar & vikuleiga. Hestaleiga, rafting omfl. Uppl. í s. 862 2129.

### Útilegubúnaður

Til sölu Comanche '02 5 manna tjaldvagn m.stóru fortjaldi. Verð 330.000. Upplýsingar í s. 696 2853.

### Fyrir veiðimenn

**Góðir maðkar**
til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. S. 692 5133.

### Ýmislegt

**Gönguferðir í Skotlandi**
Á laust í gönguferðir fyrir konur um West Highland Way þann 27 júli til 2 ágúst og 14-20 sept. Uppl. í s. 897 8841 Inga og www.skotganga.co.uk

## HÚSNÆÐI

### Húsnæði í boði




12-16 fm herbergi til leigu í Hafnafirði. Aðgangur að eldhúsi og wc. Uppl. í s. 898 0927 frá kl. 18-20.

45 fm íbúð m/eða án húsgagna í Árbæ til leigu sem fyrst. Fjölvarp, bílageymsla og geymsla í kj. Verð 75 þús. S. 846 4098.

Ný 4 herb. 128 fm íbúð til leigu í Hafnarfirði. Þvottahús í íbúð. 6 fm geymsla, lokað bílskýli. Íbúðin er ný og á 6.hæð. Útsýni. Trygging og fyrirframgreiðsla samkomulag. Leigutími 1 ár í einu. S. 848 4335 & 848 5683.

### Húsnæði óskast

Ung reyklaus og reglusöm yngismær frá Austurlandi vantar Stúdío eða 2 herbergja íbúð í nágrenni við Háskólann í Reykjavík. Uppl. í s. 867 3009 eða valdislilja@gmail.com

Rúmlega fimmtugur reglusamur og reyklaus maður óskar eftir 1-2 herb. íbúð. Uppl. í s. 869 1298.

Hjón ný flutt frá Svíþjóð er að leita að 2 herb. Íbúð. Uppl. í s. 860 0701.

Óskum eftir 4-5 herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu í lengri eða skemmri tíma. Áhugasamir hafi samband í síma 860 3946.

Óskum eftir tveggja til þriggja herbergja íbúð til leigu á höfuðborgarsvæðinu í lengri eða skemmri tíma. Áhugasamir hringi í síma 867 2352.

Einstæða móður að norðan bráðvantar íbúð í Breiðholti. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. s. 869 8473.

### Sumarbústaðir



Til sölu 30 fm. Heilsárshús, fullbúinn að utan. S. 868 5550.



Til sölu Bens 420 SE árg.'91 Mjög gott eintak, verð 1.100 þús. Uppl. í s. 868 5550.

**Góð afslöppun á Norðurlandi.**
**Gott sumarhús til leigu á Norðurlandi. Öll þjónusta og afþreifing í næsta nágranni svo sem veiði, frítt í golf á glæsilegum golfvelli og margt fleira. Upplýsingar í síma 517 6200.**



**Grímsnes - Eignarland**
**Til sölu og afhendingar strax í Grímsnesi 7000fm. Eifnarland, sumarbústaðalóð, töluvert mikið ræktað. 2 bjálkahús 14 fm m.eldunar og mataraðstöðu, ískápur og svefnaðstaða og 5 fm m.sturtu, salerni hvít innrétting m.vaski. Hitaveita, kalt vatn og rafmagn komið í húsin. Gróðurhús 18 fm. Gott sameiginlegt svæði m.leiktækjum og minigolf. Stutt í þjónustu, sund og verðandi hágæða golfvöll. Rólegt og gott samfélag. http://blogg.visir.is/grjotatorp**
**Velkomin að koma og skoða laugard. 14. júlí og sunnudaginn 15. júlí frá 12:00-16:00. Uppl. síma 863 9901, Jón**

Til sölu ósamsett Lovísa smáhýsi frá Godda. WC, innrétting og kamína geta fylgt. Selst undir kostnaðarverði. Uppl. í síma 8600570

### Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

### Gisting

**Stúdíóíbúð í Reykjavík**
Til leigu stúdíóíbúð í Reykjavík, fullbúinn húsgögnum. Sólarhringurinn á 14.900 kr. Uppl. í s. 861 2319.

## ATVINNA

### Atvinna í boði

**Borgargrill**
**Óskar eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Kvöld og helgarvinna. íslenskukunnátta og 18 ára aldurstakmark.**
**Upplýsingar í síma 695 6869, Víðir, Borgargrill við Miklubraut.**

**Veitingahúsið Nings Hlíðarsmára**
**Óskar eftir bílstjórum í kvöld & helgarvinnu.**
**Uppl. í s. 822 8835 eða á www.nings.is**

**Pizza Hut**
**Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í ágúst. Lágmarksaldur er 18 ára. Pizza Hut Nordica leitar að starfsfólki í fullt starf, áhugasamir hafi samband við Birgir veitingastjóra í síma 694-8022. Pizza Hut Smáralind leita að starfsfóki í hlutastörf, áhugasamir hafi samband við Ómar veitingastjóra í síma 869 6683.**
**Einnig er hægt að sækja um á www.pizzahut.is**

**Veislulist Skútan**
**Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og önnur störf.**
**Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 555 1810 & 822 8253.**

**Búr ehf - Vaktstjóri + Lagerstarfsmaður**
**Búr ehf óskar eftir að ráða vaktstjóra með lyftararéttindi & lagerstarfsmann. Vaktavinna. Framtíðarstarf. Ekki yngri en 25 ára**
**Upplýsingar í síma 896 2836. Umsóknir einnig á staðnum, Bæjarflöt 2, Grafarvogi á skrifstofutíma.**

**Kattavinafélag Íslands**
**Við leitum að áreiðanlegum starfsmanni í Kattholti. Starfið felur í sér umönnun katta og aðstoð á skrifstofu.**
**Allar upplýsingar veitir Sigríður Heiðberg í Síma 899 4038.**

Kaffi Roma á Rauðarárstíg óskar eftir starfsfólki frá 1. ágúst. Fullt- og hlutastarf í boði. Uppl. í s. 866 0576 eða á staðnum.

Okkur vantar tvo stafsmenn. Annarsvegar duglegan reiðmann og tamningamann. Má gjarnan kunna að járna. Hinsvegar ungan, áhugasaman, efnilegan reiðmann sem vill læra. Starfsemin felst í tamningu, þjálfun, reiðkennslu, túristareið og ræktun. Við erum 30 mín fyrir utan Gautaborg. Við erum á Islandi 15-21 júlí, hægt að hafa samband við okkur gengnum Reyni Aðalsteinsson. Ebba og Már 0046-707470241

Óska eftir vönum vélamanni til afsleysingar í júlí og fram í miðjan ágúst á höfuðborgarsv. Uppl. í s. 898 1649.

**Dekkja og smurverkstæði**
Óskum eftir fólki til starfa hjá smur og hjólbarðaverkstæði Bílkó. Uppl. í s. 660 0560, Guðni.

Rútubílstjóri óskast í hálendisferðir. sími 894 0026 fjallatr@nett.is

Óska eftir meiraprófsbílstjóra, áhugasamir vinsamlegast hafið samband í s.8216732.

**Rafvirkjar Langar þig að vinna skemmtilega tæknivinnu?**
Góðir Menn rafverktakar leita að rafvirkjum í vinnu við uppsetningar og forritun á ýmsum öryggisbúnaði og í almenna raflagnavinnu. Bíll + sími + snyrtileg innivinna á höfuðborgarsvæðinu. Upplýsingar í síma 820 5900.

**ZATRUDNIE DO PRACY**
Przyjme ludzi do pracy do ukladania kotski brukowmej i prac zwiazanych z ogrodnictwem. Tel 821 0637.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast í afgreiðslu. Vinnutími frá 6-13. Möguleiki á helgarvinnu. Uppl. í s. 551 1531, f.h. Ingunn, eða á staðnum. Björnsbakarí, við Skúlagötu.

Óskum eftir að ráða starfsmann í vikulegar ræstingar á skrifstofu og verkstæði okkar. Uppl. veitir Valgeir í síma 660 6697 á daginn. B.Markan pípulagnir ehf.

**G.G. lagnir ehf**
Óskum eftir verkamönnum til starfa almenn jarðvinna og lagnavinna einnig til fóðrunar á fráveitilögnum. Uppl. í s. Gísli 660 8870 & 660 8860.

Óskum eftir starfsfólki við brunaþéttingar. Uppl. í s. 894 8509. www.reykur.is



## Atvinna óskast


**VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?**

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í allar stéttir atvinnulífsins.
Erum einungis með faglært fólk á skrá eða fólk með mikla reynslu.
Veitum trausta og góða þjónustu.
Verð 39.000.- m/vsk
UPPLÝSINGAR Í SÍMA 661 1888

FAGRÁÐNING
Sími 534 8886 - Fax 534 8887
Stangarhylur 7 - 110 Reykjavík


Kona óskar eftir starfi við bókhald hef lært á Navision er ekki vön einnig hef ég áhuga á gerast sölumaður á ferðinn hjá heildsölum td. Uppl. í s. 697 6567.

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



**Stelpur ég er farinn!**
Það er of mikið áreiti að vinna hjá svona stóru fyrirtæki þar sem er sífellt verið að reyna við mig. Nú þarf ég bara að fá frið. Er búinn að fá mína eigin skrifstofu með lás og öllu svo þið getið ekki nálgast mig lengur. Hí á ykkur! Vá, skiljiði ekki að ég hef líka tilfinningar og þarf næði eins og allir aðrir. Ég er nú einu sinni bara mannlegur (snökt snökt)!

## Viðskiptatækifæri

**Philipseyjar**
**Viljið þið byggja upp ykkar viðskipti á Philipseyjum? Uppl í s. 662 5599 eða lr-einar@internet.is**



Til sölu fyrirtæki sem samanstendur af Volvo FM12 '00, 6x4 með krókheysi og 2 pöllum, 19tm krana með fjarstýringu, krabba og JCB 8027 '02 ekin 1100vst. Getur selst í sitt hvoru lagi. Bíla-og vélasala Borgarnesi 437 1200 & 894 8620.






## Einkamál


TANTRA
EROTISK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS


**18plús.is.**
XXX samfélag íslendinga á netinu. Sýndu þig, sjáðu aðra. Vertu velkomin/n. www.18plús.is.

**Celebrity.is**
Núna 12.000+ myndir af fræga fólkinu á flottum vef. Nýjar myndir daglega.


vísir www.visir.is
FYRSTUR MEÐ FRÉTTIRNAR


## FASTEIGNIR


**TIL SÖLU FASTEIGNIR Á SPÁNI**



NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ EIGNAST ÞITT ANNAÐ HEIMILI Í SÓLINNI
FRÍ SKOÐUNARFERÐ OG UPPIHALD Á SPÁNI,
EF ÞÚ KAUPIR ENDURGREIÐUM VIÐ ÞÉR FLUGFARIÐ

LÖGHEIMILI EIGNAMIÐLUN

Jón Bjarni Jónsson
Sölufulltrúi
GSM: 896 1067
jonbjarni@logheimili.is

Jónas Örn Jónasson
Löggiltur fasteignasali
Lögmaður
GSM: 698 3600
jonas@logheimili.is

Skipholti 15 • 105 Reykjavík • Sími: 512 3600 • www.logheimili.is
Félag Fasteignasala

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið


## ATVINNA

das HRAFNISTA

Hrafnista Reykjavík

**Umönnun**

Starfsfólk óskast í aðhlynningu á morgun-kvöld og helgarvaktir.
Starfshlutfall og vinnutími samkomulag.

Upplýsingar gefur Magnea í 585-9529. Netfang magnea@hrafnista.is

**Sælkerabúðir Gallerí Kjöt og Fiskisögu óska eftir að ráða góða starfskrafta við afgreiðslustörf.**

Erum að leita af verslunarfólki sem er áhugasamt um matargerð og langar að starfa í skemmtilegu andrúmslofti í spennandi fyrirtæki á uppleið.

Þarf að hafa góða samskiptahæfileika og þjónustulund.

Áhugasamir hafið samband við Hauk framkvæmdastjóra í síma 863 8615 eða sendið umsóknir á tölvupóstfangið haukur@fiskisaga.is

GALLERÍ KJÖT Fiskisaga

Gallerí Kjöt og Fiskisaga eru metnaðarfullar sælkerabúðir af evrópskri fyrirmynd.

## TILKYNNINGAR

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024

**Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tilaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.**

**Keilugrandi 1**
Gerð er tillaga að eftirfarandi breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur, sem nær til 5. myndar í Greinargerð I í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024.
Nýr þéttingarreitur er skilgreindur við Keilugranda 1, þar sem gert er ráð fyrir um 130 nýjum íbúðum. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við auglýsinguna og er auglýsing því birt ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar sem settar eru fram í bréfi dags. 4. júlí 2007 sem liggur frammi ásamt öðrum gögnum um erindið.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Keilugrandi 1**
Tillaga að deiliskipulagi fyrir lóðina að Keilugranda 1 sem afmarkast af Eiðsgranda, Keilugranda, Fjörugranda og aðliggjandi húsum við Boðagranda.
Tillagan gerir ráð fyrir því að á lóðinni Keilugrandi 1, þar sem nú stendur skemma, verði heimilt að fjarlægja núverandi byggingar og byggja íbúðarhús sem verður fjórar hæðir að Keilugranda, Fjörugranda og Boðagranda en allt að níu hæðum að Eiðsgranda. Bílakjallari verður undir húsinu á tveimur hæðum og er gert ráð fyrir að öll bílastæði og gestabílastæði verði neðanjarðar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 13. júlí 2007 til og með 24. ágúst 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 24. ágúst 2007.**
**Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 13. júlí 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090


Kurteist og þjónustulundað starfsfólk óskast til að taka á móti áskriftarpöntunum í síma frá 20. júlí til 20. ágúst.

Dag-, kvöld- og helgarvinna í boði fyrir rétta fólkið.

Tekið er á móti umsóknum með upplýsingum um nafn, síma og fyrri störf í netfanginu starfsumsokn@365.is

AUKAVINNA FRÁ 20. JÚLÍ - 20. ÁGÚST

2 Fjölvarp sýn sýn2 365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.

# Réttlæting á mistökum

UMRÆÐAN
Fiskveiðistjórn


SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

Ekki er um það deilt að núverandi stjórn fiskveiða hefur alls ekki gengið eins og til var ætlast. Þegar kvótakerfinu var hleypt af stokkunum var ætlunin að byggja upp þorskstofninn á örfáum árum til þess að fá 400 til 500 þúsund tonna jafnstöðuafla en á næsta fiskveiðiári er boðað að aflinn verði 130 þúsund tonn eins og kunnugt er.

Ágreiningurinn snýst fyrst og fremst um það hvers vegna ekki hefur gengið sem skyldi þrátt fyrir að þjóðin hafi fært miklar fórnir í formi minni afla, minni verðmæta og mikillar byggðaröskunar. Sjávarútvegsráðherra Sjálfstæðisflokksins og þeir sérfræðingar sem ráða för halda því fram að ástæðan fyrir árangursleysinu sé að fyrirrennarar Einars Kristins Guðfinnssonar og samflokksmenn hafi ekki farið að ráðgjöf Hafró. Þessar fullyrðingar eru endurteknar í sífellu þótt enginn hafi mótmælt þeirri staðreynd að stjórnvöld hafa á síðustu 10 árum farið 94,5% að ráðgjöfinni, sem er innan skekkjumarka.

Það sem er átakanlegt við stöðu mála er að veigamikil líffræðileg rök styðja að grundvöllur núverandi stýringar sé veikur og standist ekki gagnrýna skoðun. Helsta haldreipi og rökstuðningur stjórnmálamanna, s.s. líffræðingsins Össurar Skarphéðinssonar, fyrir því að fylgja eigi ráðgjöf Hafró er ný skýrsla Hagfræðistofnunar um aflareglu fyrir þorskinn.

Hvað yrði sagt ef helstu líffræðileg rök fyrir nýtingu annarra villtra dýrastofna, s.s. rjúpunnar og gæsarinnar, væru skýrslur Hagfræðistofnunar? Íslensk stjórnvöld hafa ekki lagt eina krónu í að ganga úr skugga um hvort gagnrýnin á núverandi stjórnun sé rétt og hvort þær kenningar og aðferðir sem unnið hefur verið með í tvo áratugi án árangurs séu ekki vænlegar til árangurs.

Ef allt væri með felldu myndu bæði sjávarútvegsráðherra Einar Kristinn Guðfinnsson og ráðherra byggðamála Össur Skarphéðinsson reyna eftir öllum leiðum að komast hjá því að ganga svo hart gegn sjómönnum og sjávarbyggðum landsins. Þau rök sem heyrst hafa að þjóðin sé núna í færum til að standa af sér erfiðleikatímabil eru haldlaus gagnvart þeim einstaklingum sem hafa lagt mikið undir til að hafa lífsviðurværi sitt af sjósókn.

Það er engu líkara en að kerfið og stjórnvöld séu í ákveðinni sjálfheldu og vilji alls ekki leitast við að komast út úr þeim ógöngum sem stjórn fiskveiða er komin í en með því væru sérfræðingar og stjórnmálamenn að einhverju marki að viðurkenna að fórnir liðinna ára hefðu verið færðar til einskis. Sérfræðingar og stjórnmálamenn þyrftu að kyngja því að hafa haft rangt fyrir sér en gætu þá vonandi huggað sig við að hafa unnið eftir bestu samvisku.

Ég geri þá siðferðilegu kröfu til sjávarútvegs- og byggðamálaráðherra að ganga úr skugga um að mögulegt sé að fara vægari leiðir en að beita þeim harkalega niðurskurði sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar hafa boðað gegn sjávarbyggðum landsins.

Hingað til hefur veigamiklum rökum verið svarað með þögn og þumbarahætti, og ekki einni krónu hefur verið varið til rannsókna sem gætu leitt í ljós að þær kenningar sem unnið hefur verið með væru byggðar á sandi.

*Höfundur er líffræðingur og fyrrverandi alþingismaður.*

## BRÉF TIL BLAÐSINS

### Bróðurkærleikur

**Einar Ingvi Magnússon**

Ég var snortinn þegar ég leit fyrirsögn í Fréttablaðinu í dag 11. júlí þar sem stóð: Óttast var um útigangsmenn. Fréttin var um bruna á Grettisgötu kvöldið áður. Varðstjóri slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu lét eftirfarandi orð falla við slökkvistarfið: „Við óttuðumst mjög að hér væru einhverjir inni því útigangsmenn hafa haldið til í húsinu.“ Orð hans hlýjuðu mér um hjartaræturnar þar sem ljóst var að ekki var spurt um nafn og stöðu þeirra sem í lífsháska gætu hafa verið staddir. Það er lofsvert þegar hjálparliðsveitir ganga þannig til starfa eins og í þessu umrædda tilviki þegar grunur var um að útigangsmenn væru í lífshættu. Ég leiddi þó einnig hugann að því hvort ekki væri hægt að gera enn betur og óttast um afdrif hinna ógæfusömu manna svona dags daglega. En miðað við reynslu mína erlendis þá hef ég séð að íslensk yfirvöld standa mjög framarlega í því að rétta þeim sem minna mega sín hjálparhönd. Forsíðufrétt Fréttablaðsins með orðum slökkviliðsstjórans bar ótvírætt vott um bræðralag, bróðurkærleik, umhyggju og vinarþel í garð náungans. Lofa ber það.

### Valdhroki leikskólafulltrúa

**Ólafía V. Kristjánsdóttir**

Leikskólakennari í Mosfellsbæ ætlar að leita úrskurðar dómstóla vegna eineltis og mannréttindabrota stjórnar leikskólamála bæjarins. Leikskólakennari hefur verið látinn líða fyrir skoðanir sínar á starfsemi leikskólans og hvað börnunum er fyrir bestu. Honum finnst að gróflega hafi verið brotið á sér. Bæjarstjórn svarar ekki bréfi frá lögmanni félags leikskólakennara frá 3. maí sl. um neitun námsleyfis og tvær deildarstjórastöður innan leikskólans. Leikskólakennarinn hefur fengið áminningu vegna vanrækslu í starfi og vill hann segja frá þessum ásökunum, sem eru afleiðing stjórnleysis í leikskólanum og gífurlegs valdhroka leikskólafulltrúa bæjarins. Leikskólakennari segir að fleiri hafi flúið frá störfum í bænum af sömu ástæðum. Þetta hefur verið mitt ævistarf og ég ber mikla virðingu fyrir börnum, því þau eru svo hrein og bein í samskiptum. Fleiri mega taka yngri kynslóðina sér til fyrirmyndar og hlúa betur að henni. Við ættum að hlusta betur á börnin okkar, því að þau eru það dýrmætasta sem við eigum.

## BLOGG.VISIR.IS

### Álmafíósar fá spark í rass

Hún er ótrúleg taugaveiklunin sem brýst fram þegar erlendir mótmælendur heimsækja landið. Það virðist sama hvort lögreglan eða öryggisverðir Kringlunnar eiga í hlut - lítið er á mótmælendur sem hættulega hryðjuverkamenn. Kannski er það vegna þess að það er lítil hefð á Íslandi fyrir mótmælum. Við látum ótrúlegasta rugl yfir okkur ganga áður en gripið er til aðgerða. Erlendu mótmælendurnir bera með sér ferska strauma. Þeir setja svip sinn á mannlífið í miðbæ Reykjavíkur. Og þeir gefa álmafíósunum spark í rassgatið. Við ættum að þakka þeim fyrir komuna í stað þess að gera okkur að fíflum. Kannski ættum við bara að slást í hópinn - fá okkur dredda og hjólalás og setja stefnuna á Kárahnjúka.

**Símon Birgisson**
http://blogg.visir.is/simonbirgis/


Við opnum nýja búð




Opnunartilboð
1.990,-
3 lítra dós
Flügger 97 – rétta viðarvörnin




Opnunartilboð
1.990,-
3 lítra dós
Flügger tréolía – á sólpallinn

Höfum opnað áttundu verslun Flügger lita á Íslandi.
Sérhæfðar verslanir með málningu og málningarvörur fyrir fagmenn og neytendur.

www.flugger.is




Flügger litir
Ögurhvarfi 2, Kópavogi
Sími 587 4430. Opið virka daga 8-18, laugardaga 10-15

**PATRICK STEWART ER 67 ÁRA Í DAG**



*„Mér finnst þetta einn frumlegasti og sniðugasti sjónvarpsþáttur sem hefur sést á skjánum síðustu ár. Samtölin eru dásamleg. Ég sit allan tímann og hlæ og flissa til skiptis.“*

***Leikarinn Patrick Stewart, sem er þekktur fyrir hlutverk sín úr Star Trek: The Next Generation og X-Men kvikmyndunum, lýsir aðdáun sinni á sjónvarpsþáttunum Beavis and Butthead. Hann fæddist þennan dag árið 1940.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 13. JÚLÍ ÁRIÐ 1990

## *Kvikmyndin Ghost frumsýnd*

Það er ótrúlegt að heil sautján ár skuli vera liðin frá því að leikararnir Patrick Swayse og Demi Moore sátu saman og hnoðuðu leir undir hinu ómþýða lagi Unchained Melody í kvikmyndinni Ghost.

Senan sem þótti á sínum tíma eitt innilegasta ástaratriði sögunnar hefur í seinni tíð orðið skotspónn kvikmyndanjarða. Hefur meðal annars verið bent á að hendur parsins séu tandurhreinar þegar þau hefja ástarleik, þrátt fyrir að hafa verið drullug upp fyrir handarkrika nokkrum sekúndum áður.

Það er því varla skrýtið að senan skuli hafa verið skopstæld ótal sinnum, þar á meðal í kvikmyndunum The Big Hit, The Naked Gun 2½: The Smell of Fear, Chappelle's show og í Futurama- þættinum Bendless Love.



DEMI MOORE.

Atriðið er engu síður ein af lykilsenum myndarinnar og sönnun þess hversu djúpt ástin ristir samband Moore og Swayze áður en persóna hans er myrt á hroðalegan hátt. Þar fyrir utan átti atriðið ekki aðeins þátt í að gera stórstjörnu úr Moore og Swayse að enn stærri stjörnu, sem var þegar átrúnaðargoð unglingsstúlkna (og vafalaust einhverra drengja) um allan heim fyrir leik í Dirty Dancing, heldur blés hún nýju lífi í feril The Righteous Brothers sem sömdu Unchained Melody nokkrum áratugum fyrr.

Vegna ofspilunar eiga reyndar sumir jafn erfitt með að hlusta á lagið nú og My Love Will Go On með Celine Dion úr kvikmyndinni Titanic (1997) og þykir sumum lagið og atriðið vera banvæn blanda.

**MERKISATBURÐIR**

**1837** Viktoría drottning flutti inn í Buckingham-höll. Hún varð þar með fyrsti þjóðhöfðinginn sem bjó þar.

**1908** Konur kepptu í fyrsta sinn á Ólympíuleikum nútímans.

**1923** Hollywood-skiltið öðlast í fyrsta sinn þá merkingu sem það hefur í dag. Áður var það heiti á fasteignasölu.

**1985** George W. H. Bush varð fyrsti varaforsetinn til að gegna stöðu forseta Bandaríkjanna, á meðan Ronald Regan undirgekkst aðgerð.

**1985** Live Aid-góðgerðartónleikarnir fóru fram í London, Fíladelfíu, Sydney og Moskvu.

AFMÆLISBÖRN



**Karvel Pálmason,** fyrrverandi alþingismaður, er 71 árs í dag.



**Sóley Elíasdóttir** leikkona er 40 ára í dag.



**Gunnar Snorri Gunnarsson** sendiherra er 54 ára í dag.



**Steinunn Þóra Camilla Sigurðardóttir** söngkona er 23 ára í dag.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Ingimundur Einarsson**

áður bóndi í Leyni, Laugardal, Fossvegi 4, Selfossi,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju 14. júlí kl. 11 árdegis. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hins látna er bent á Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

**Lilja Guðmundsdóttir**
**Guðrún Ingimundardóttir** **Þórir Snorrason**
**Svanheiður Ingimundardóttir** **Magnús Guðjónsson**
**Guðmundur Óli Ingimundarson** **Roswitha M. Hammermüller**
**Fjóla Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Árni Guðjónsson**

Sunnubraut 17, Akranesi,

sem lést á Sjúkrahúsi Akraness þriðjudaginn 3. júlí, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju mánudaginn 16. júlí kl. 14.00.

**Rafnhildur Katrín Árnadóttir**
**Helga Guðmundsdóttir**
**Kristinn Guðmundsson**
**Guðjón Guðmundsson**
**Jónína Guðmundsdóttir**
**Þórir Guðmundsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og bróðir,*

**Óskar Stefán Óskarsson,**

slökkviliðsstjóri, Hvannahlíð 7, Sauðárkróki,

sem lést þann 3. júlí, verður jarðsunginn frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 14. júlí og hefst athöfnin kl. 14.00.

**Olga Alexandersdóttir** **Gunnar Páll Ólafsson**
**Guðbjörg Óskarsdóttir** **Björn Ingi Björnsson**
**Júlíana Alda Óskarsdóttir** **Margrét Gestsdóttir**
**Óskar Veturliði Grímsson** **Steinunn Árnadóttir**
**Atli Már Óskarsson** **Bjarney M. Hallmannsdóttir**
**Gestur Pétursson**
**og aðrir aðstandendur.**

EINAR ÖRN JÓNSSON: HEFUR UMSJÓN MEÐ HÚNAVÖKU-HÁTÍÐ UM HELGINA

# Húnverskar hetjur etja kappi

Húnavaka verður haldin á Blönduósi í annað sinn um helgina. Tónlistarmaðurinn Einar Örn Jónsson er einn þeirra sem stendur á bakvið hátíðina og segir engu verða til sparað svo hún fari sem best fram.

„Ég veit nú ekki alveg hvar ég á að byrja en get þó lofað því að gestir geta átt von á því að upplifa ferska strauma úr skemmtanabransanum,“ segir Einar hress í bragði. „Við ætlum að tjalda öllu til, enda markmiðið að festa í sessi þessa hátíð, sem var haldin í fyrsta skipti í fyrra og gera hana jafn fjölsótta og Humarhátíðina, Fiskidaginn mikla og Írska daga. Enda státar hún þegar af sterkri og vandaðri dagskrá.“

Spurður um hátinda helgarinnar viðurkennir Einar að hann eigi erfitt með að gera upp á milli viðburða. „En ef ég ætti að telja upp nokkur atriði, mætti til dæmis nefna sundlaugarpartí fyrir krakkana á föstudagskvöldið, á meðan Örn Árnason leikari og Óskar Pétursson skemmta í félagsheimilinu. Svo eru útitónleikar um kvöldið.

Laugardagur hefst síðan með söngkeppninni Míkróhúninum, þar sem krakkarnir fá að spreyta sig en sigurvegararnir úr yngri og eldri flokki fá að skemmta á stóra sviðinu. Samdægurs verður fjölskylduskemmtun á hátíðarsviði og veðurspámaður bæjarins útnefndur. Hana hlýtur sá sem skilaði inn spá á fimmtudag og komst næst því að spá fyrir um veðrið á laugardag.“

Einar segir þó mesta eftirvæntingu vera fyrir knattspyrnuleik heimamanna, þar sem gullaldarlið bæjarins frá 1987 reimar á sig skóna að nýju og spilar á móti meistaraliðinu. „Þetta voru þekktar knattspyrnuhetjur á sínum tíma, svo verður gaman að sjá hvernig þeir spreyta sig í dag,“ bætir hann við.



**BÆJARHÁTÍÐ** Einar hrinti hátíðinni af stað í fyrra ásamt fleirum og fannst tilvalið að nýta samböndin úr skemmtanabransanum til að fá helstu listamenn landsins til liðs við sig.

Fjöldi annarra listamanna kemur við sögu og vekur sérstaka athygli að hljómsveitin Í svörtum fötum er á meðal þeirra sem troða upp. Sú spurning vaknar óneitanleg hvort þetta sé vísbending um að hljómsveitin sé tekin aftur til starfa, en sem kunnugt er lagði hún niður laupana á síðasta ári.

„Nei, ég læt það nú kyrrt liggja,“ svarar Einar, sem hefur starfað sem bassaleikari með bandinu frá upphafi og bætir hlæjandi við: „Ég náði samt að rífa bandið upp á afturlappirnar og fá strákana til að spila, þótt það sé erfitt um þessar mundir. Við erum enn í góðri pásu, en spilum saman ef mikið liggur við.“

Einar bætir við að utan hátíðarhaldana sé alltaf hægt að njóta einstakrar náttúrufegurðarinnar á Blönduósi. Þar sé fallegt við ána og ósinn, að ógleymdum holunum í Vatnsdal og Hvítserk að Vatnsnesi. Þarna sé líka sannkölluð paradís fyrir veiðimanninn. Þannig að allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, ungir sem aldnir.

roald@frettabladid.is



# 90 ára afmæli

**Leópold J. Jóhannesson**

fv. veitingamaður verður 90 ára þann 16. júlí 2007. Hann og fjölskylda hans taka á móti gestum af því tilefni sunnudaginn 15. júlí, klukkan 14.00 til 17.00 á heimili hans á Hrafnistu í Reykjavík. Samferðafólk, vinir og frændfólk hjartanlega velkomið.



*Okkar ástkæra sambýliskona, dóttir, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Agnes M. Jónsdóttir**

Fífuhvammi 5, 200 Kópavogur,

lést á heimili sínu 11. júlí. Útför auglýst síðar.

**Margrét A. Kristinsdóttir**
**Bergþór Bergþórsson** **Ágústa Óskarsdóttir**
**Jón Ólafur Bergþórsson** **Guðný Laxdal Helgadóttir**
**Örnólfur Kr. Bergþórsson** **Kristín Birna Sævarsdóttir**
**Agnes Björg Bergþórsdóttir**
**Sveinjón Jóhannesson**
**og barnabörn.**




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



**FLATEY** Í verðlaun er sigling fyrir tvo út í Flatey og kvöldverður á Hótel Flatey.

## Keppt um slagorð

Samkeppni um slagorð Reykhólahrepps stendur nú yfir. Á að nota slagorðið í auglýsingum tengdum sveitarfélaginu og öðrum kynningarmálum. Tillögum skal skila á skrifstofu hreppsins en skilafrestur er til 16. júlí. Tillagan sjálf skal vera í sér umslagi með dulnefni og í öðru umslagi skal vera rétt nafn og dulnefni. Í verðlaun er sigling fyrir tvo út í Flatey og kvöldverður á Hótel Flatey.

Dómnefnd velur besta slagorðið en áskilur sér rétt að hafna öllum ef ekkert þykir hæfa.

Sjá nánar á www.skessuhorn.is





# Vantar þig auka-pening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330. Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar. Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

pósthúsið – ódýrari valkostur

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is


## STUÐ MILLI STRÍÐA Leggur bernskudrauminn á hilluna

**ÖRLYGUR HNEFILL ÖRLYGSSON** ER ORÐINN JAFN GAMALL BÍTLUNUM



Frá því í bernsku hefur mig dreymt um að verða rokkstjarna. Ég er eflaust ekki einn um að ganga með þennan draum í maganum og alveg örugglega ekki sá eini sem er ekkert að gera til að láta hann rætast.

Í gær var ég á rölti að söngla lag með Bítlunum þegar ég áttaði mig skyndilega á því að ef ég ætla einhvern tímann að verða rokkstjarna, þá verði ég að fara að vinna í því. Ég er 23 ára og því jafn gamall nú og Bítlarnir voru þegar þeir sigruðu heiminn. Ég hringdi því í Ingimar vin minn, þann eina sem hefur einhverja hæfileika á tónlistarsviðinu. Ég sagði honum frá þessari áunnu sálarkreppu minni og við ákváðum að hittast og byrja að æfa. Ég gróf upp gítarinn minn og rölti hnarrreistur í gegnum miðbæinn með gítarinn á öxlinni, á leið á hljómsveitaræfingu. Það veitti mér einhverja sælutilfinningu að vera að fara á æfingu og ég fann að ég myndi passa vel inn í þessa ímynd.

Þegar í kjallaraholu hans var komið byrjuðum við að spila. Ég væri að ljúga ef ég segði að við hefðum verið góðir en við vorum þó ekki alslæmir. Eftir langa og stranga æfingu röltum við út á stétt og Ingimar kveikti sér í sígarettu. Við ræddum um styrkleika og veikleika okkar þegar að okkur kom gömul fyllibytta. Gítarinn minn sem lá á stéttinni vakti áhuga gamla mannsins. Ég bauð honum að spila en hann sagðist aðallega syngja nú orðið. Og í því hóf hann upp raust sína og söng dægurlag sem ég þekkti vel. Við Ingimar tókum undir í söngnum og eftir lagið gat ég ekki annað en klappað fyrir gamla manninum. Þá sagði hann mér að það væru nú mörg ár síðan hann hefði samið þetta lag, en nú væri hann heimilislaus á götum Reykjavíkur.

Þarna stóð dýrðarljómi dægurtónlistarinnar fyrir framan mig, fullur og heimilislaus. Maður sem hafði samið nokkur af vinsælli dægurlögum síðustu aldar. Kannski er líf rokkstjörnunnar eftir allt saman ekki jafn eftirsóknarvert og ég hef haldið. Kannski ég ætti bara að rækta þá hæfileika sem ég hef í stað þess að leita á nýjar slóðir.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



**Kl. 19.00**

*Sýningaropnun á Korpúlfsstöðum. Verkefnið „Alien Structure in Urban Landscape“ er samvinnuverkefni níu listamanna frá Reykjavík, Hamborg og Prag sem staðið hefur síðastliðin þrjú ár. Útkoman er fjölbreytt, innsetning ljósmynda, kvikmynda, teikninga, málverka og rýmisverka sem miða að því að varpa ljósi á hið ókunna og sérkennilega í menningu borgarinnar. Þeim sem leið eiga fram hjá Korpúlfsstöðum er því boðið á fjölbreytta og nýstarlega sýn á menningu og umhverfi Reykjavíkur, Prag og Hamborgar um helgina.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Klassískar perlur á Gljúfrasteini*



Á sunnudag verða haldnir sjöundu tónleikarnir í stofutónleikaröð Gljúfrasteins – húsi skáldsins í Mosfellsbæ. Þar verða haldnir tónleikar hvern sunnudag kl. 16 allt til loka ágústmánaðar. Það eru þau Kristján Orri Sigurleifsson kontrabassaleikari og Guðrún Dalía Salómonsdóttir píanóleikari sem koma fram á tónleikunum. Þau munu leika bæði klassískar perlur í útsetningum fyrir kontrabassa og píanó ásamt nokkrum fallegum verkum sem upphaflega voru skrifuð fyrir hljóðfærin.
Tvö verkanna eru eftir Giovanni Bottesini (1821-1889) en hann samdi ótal verk fyrir kontrabassann og var sjálfur kontrabassasnillingur. Kontrabassinn þykir yfirleitt tilheyra þeim hljóðfærum sem skýla sér á bak við hin virtu einleikshljóðfæri, svo sem fiðlu eða píanó. Á þessum tónleikum verður hægt að virða fyrir sér þetta stóra göfuga hljóðfæri og heyra hvernig það hljómar í forgrunni á tónleikum sem allir ættu að geta notið.
Guðrún Dalía hefur áður haldið tvenna einleikstónleika í Stuttgart auk tónleika með nútímakammersveit tónlistarháskólans, fjórhentra píanótónleika í Dómkirkjunni og Vínartónleika kammersveitarinnar Ísafoldar á síðasta ári. Í nóvember 2006 vann hún til fyrstu verðlauna í píanókeppni EPTA í Salnum, Kópavogi.
Kristján Orri hefur til að mynda leikið með Konunglegu Sinfóníuhljómsveit Danmerkur (Óperan), Sinfóníuhljómsveit og Sinfóníettu Danska útvarpsins, Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kaleidoskop Solistensemble (Berlín) og Kammersveitinni Ísafold, en hann er stofnmeðlimur hennar.
Aðgangseyrir á tónleikana er 500 krónur og þeir hefjast sem fyrr segir kl. 16.

**> Ekki missa af ...**

Síðustu sýningarhelgi myndlistarsýningar Halldórs Arnar Úlfarssonar, „Dórófónn #5“, í Galleríi Dvergi á Grundarstíg 21 í Reykjavík. Dórófónar eru elektró-akústísk strengjahljóðfæri sem Halldór hefur verið að þróa í þrjú ár en verkefnið var styrkt af finnska menningarsjóðnum árið 2005. Dórófónn #5 var smíðaður í læri hjá finnska gítarsmiðnum Kari Nieminen við Iðnlistháskólann í Helsinki. Sýningin verður opin fös.-sun. kl. 18-20 og Halldór verður viðstaddur í sýningarrýminu.



**KIRA KIRA** Tónlistin ómar í 12 tónum við Skólavörðustíg á morgun.

## Kira Kira í 12 tónum

Tónlistarkonan Kira Kira heldur tónleika í 12 tónum í dag en hún er nýkomin úr löngu tónleikaferðalagi. Túrinn hófst í Helsinki þar sem Kira Kira tók upp plötuna Our Map to the Monster Olympics í hljóðveri Samuli Kosminen á eynni Suomenlinna. Hljómsveitin hélt nokkra tónleika í Helsinki og eina í Stokkhólmi. Þá hélt hún til Bandaríkjanna með New York sveitinni Mice Parade og söngvaskáldinu Tom Brosseau. Á fimmtudaginn kom Kira Kira svo fram í Iðnó og nú er komið að 12 tónum. Tónleikarnir hefjast klukkan fimm og allir eru velkomnir.

# Djasshátíð í fjallafaðmi

**Árlega djasshátíðin Jazz undir fjöllum fer fram í fjórða skiptið á Skógum á morgun. Sigurður Flosason, listrænn stjórnandi hátíðarinnar frá upphafi, segir hana hafa fengið afar góðar viðtökur á liðnum árum.**

„Jazz undir fjöllum er skemmtilegur menningarviðburður í fallegu umhverfi. Það er ekkert allt of mikið af tónlistarhátíðum á Suðurlandi, svo hún er kærkomin viðbót í flóruna,“ sagði Sigurður, sem vonast til að fá gesti sem víðast að. „Fólk sem á leið um þjóðveginn kíkir væntanlega inn yfir daginn, og svo koma einhverjir sem staldra yfir nótt. Veðurspáin fyrir svæðið er góð, það skemmir ekki. En við viljum líka sjá fólk úr nærliggjandi sveitum og sýslum. Við viljum ekki síður skemmta því,“ sagði hann.
Í ár fer hátíðin fram á einum degi, þegar fimmtán tónlistarmenn koma fram á sex tónleikum. „Formið á þessu hefur nú reyndar aldrei verið eins. Við höfum bæði haft tveggja og þriggja daga prógramm, en ætlum að prófa að hafa þetta á einum degi í ár. Við verðum með tónleika frá eitt um daginn og nánast til miðnættis, að undanskildu smá kvöldverðarhléi,“ útskýrði Sigurður.
Fyrir kvöldverðarhlé leika ungir og efnilegir tónlistarmenn tónlist sína í kaffiteríu Byggðasafnsins á Skógum. Á kvöldtónleikunum stígur svo Tríó Björns Thoroddsens á stokk ásamt gestunum Andreu Gylfadóttur og Halldóri Bragasyni. „Þetta er mjög breiður hópur listamanna. Yfir daginn er þetta yngra fólk og upprennandi, þeir yngstu eru að ljúka námi við FÍH á næstunni og aðrir eru tiltölulega nýkomnir heim úr námi úti,“ sagði Sigurður.
Ívar Guðmundsson og hljómsveit halda minningartónleika um trompetleikarann Viðar Alfreðsson klukkan 15. „Viðar, sem var frábær trompetleikari, átti ættir að rekja til Eyjafjalla og hljóðfæri hans eru geymd þarna á safninu. Við vorum með minningartónleika á fyrstu hátíðinni og datt núna í hug að gera þetta að árlegum viðburði,“ útskýrði Sigurður.



**VILL SJÁ HEIMAMENN** Sigurður Flosason, listrænn stjórnandi Jazz undir fjöllum, vonast eftir góðri aðsókn og vill endilega fá fólk úr nærliggjandi sveitum á Skóga.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hátíðin hefst klukkan 13 á morgun og lýkur um miðnætti. Inn á kvöldtónleikana er aðgangseyrir 1.500 krónur. **sunna@frettabladid.is**

# Magnús Pálsson minnist Þórarins Nefjólfssonar í i8

**Í gær opnaði Magnús Pálsson athyglisverða sýningu í Galleríinu i8 á Klapparstíg 33. Sýningin mun standa til 18. ágúst næstkomandi og ber yfirskriftina Minning Þórarins Nefjólfssonar. „Frá unga aldri hefur setið í mér sagan af Þórarni og viðskiptum hans við Noregskonung,“ segir Magnús. „Fyrr á árum gerði ég iðulega myndlistarverk í minningu persóna, atburða og fyrirbæra. Þar á meðal eru t.d. Minning Njálsbrennu, Minning Írafells-Móra og Minning fjallaþokunnar. Ég leyfi mér nú að bæta enn einni minningunni við, nefnilega Minningu Þórarins Nefjólfssonar.“**



**MAGNÚS PÁLSSON** Bætir „enn einni minningunni“ við í Galleríi i8 á Klapparstíg. Hann segir menningararfinn þrengja sér inn í verk sín og framkvæmdir, enda sé hann ríkur þáttur í allri hans tilvist.

Á sýningunni sýnir Magnús skúlptúra og myndbönd. „Nýlega var ég spurður hvers vegna menningararfinn bæri svo oft fyrir í verkum mínum. Ég mun hafa svarað því sem svo að þetta væri ekki með ráðum gert heldur sé þessi arfur svo ríkur þáttur í allri minni tilvist og vitundarlífi að hann þrengi sér óboðinn inn í verk mín og framkvæmdir. Þessa skýringu endurtek ég gjarnan nú.“
Samtímis sýningu Magnúsar mun Unnur Mjöll S. Leifsdóttir sýna verk sitt Með hundshaus undir stiganum. Unnur stundaði nám í myndlist við Hunter College í New York og Listaháskóla Íslands en þaðan útskrifaðist hún árið 2005 með BA-gráðu frá myndlistardeild. Unnur Mjöll hefur skapað sér og list sinni vettvang bæði í New York og Seoul. Hún hefur einnig sýnt reglulega á Íslandi m.a. í Nýlistasafninu, Gallery Kling og Bang og Gallery Suð Suð Vestur.
Gallerí i8 er opið þriðjudaga-föstudaga frá kl. 11-17 og á laugardögum frá kl. 13-17.




**Mr. Skallagrímsson**

**Sýningar í júlí**
13. kl. 20 Uppselt,
14. kl. 15 Uppselt,
14. kl. 20 Uppselt

**Sýningar í ágúst**
lau 11. kl. 20 Uppselt,
su. 12. kl 15 aukasýning,
su. 12. kl. 20,
lau. 18. kl. 20 Uppselt
su. 19. kl. 15 aukasýning,
su. 19. kl. 20,
lau. 25. kl. 20,
su. 26. kl. 20,
fi. 30. kl. 20,
fö. 31. kl. 20 Uppselt

**September**
lau 8. kl. 20,
su 9. kl. 20,
fö 14. kl. 20,
lau 15. kl. 20,
lau 22. kl. 20,
su 23. kl. 20,
fö 28. kl. 20,
lau 29. kl. 20

LANDNÁMSSETUR ÍSLANDS









## > Í SPILARANUM

**Velvet Revolver** - Libertad
**Interpol** - Our Love to Admire
**Ash** - Twilight of the Innocents
**Jan Mayen** - So Much Better Than Your Normal Life
**Elliott Smith** - New Moon

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Benni um frægðina

Benedikt H. Hermannsson, betur þekktur sem Benni Hemm Hemm, talar um plötusölu og frægðina í nýju viðtali við Bart Cameron, fyrrum ritstjóra Reykjavík Grapevine. Í viðtalinu, sem birtist í tímaritinu The Stranger í Seattle á miðvikudag, segir Benni að Íslendingar láti sér ekki mikið um frægð hans finnast, og að það hafi ekki mikla þýðingu að toppa sölulistana hér á landi.

„Það var söngvari í mjög vinsælli en skelfilegri hljómsveit hérna sem var valinn til að keppa í bandarískum sjónvarpsþætti sem hét Rockstar: Supernova. Áður en hann fór til Bandaríkjanna, þegar hann var í þriðju stærstu hljómsveit landsins, vann hann allan daginn í glerverksmiðju,“ segir Benni í viðtalinu. Það ætti ekki að fara fram hjá neinum að þar á hann við Magna Ásgeirsson.

Cameron fer í kjölfarið fögrum orðum um Benna í viðtalinu og klykkir út með því að bera tónlistarmanninn saman við Björk og Sigur Rós.



**FRÆGÐ EKKERT TILTÖKUMÁL** Benni Hemm Hemm segir velgengnina ekki ganga í augun á Íslendingum í nýlegu viðtali við Bart Cameron.



## > Plata vikunnar

Traveling Wilburys - Collection

★★★★

„The Traveling Wilburys Collection er flottur pakki sem inniheldur allt efni mestu súpergrúppu poppsögunnar.“

TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Steinþór Helgi Arnsteinsson**

# *Breakbeat lifir enn*

Eitt sinn var því ranglega haldið fram hér í Fréttablaðinu að breakbeat-senan á Íslandi hefði á einhverjum tímapunkti lognast útaf. Slíkt umtal skal leiðrétt hér með enda fáar senur hérlendis eins aktívar og sú sem leidd er af mönnunum á bakvið Breakbeat.is. Ég held að alveg sé hægt að fullyrða að Breakbeat.is-menn hafi staðið fyrir viðburði hér á landi í hverjum einasta mánuði í hartnær áratug. Drum & bass geirinn er reyndar ekki nærri eins áberandi og hann var þegar hann kom fyrst fram á sjónarsviðið en gróskuna vantar samt sem áður ekki.




Þá staðreynd sannar nýleg safnskífa útgáfunnar Offshore frá New York. Platan nefnist Buried Treasure og inniheldur lög frá ýmsum tónlistarmönnum útgáfunnar. Á plötunni er kannski ekki verið að brjóta upp allar hefðir drum & bass en hún sannar samt sem áður að enn ríkir hugmyndaauðgi í senunni. Ekki spillir heldur fyrir að á plötunni má finna lag með einum Íslendingi að nafni Jón Berg Jóhannesson. Jón kallar sig reyndar Raychem á plötunni og lagið hans nefnist Time for What? og er vel stilltur óður. Platan inniheldur annars brot af því besta sem er að gerast í „leftfield“ og tilraunakenndra drum & bass geiranum, þar sem Offshore er í fararbroddi. Mæli sérstaklega með lögunum Defunct Drums‘ Depression Decade VIP með Fanu og Crash Kit með Graphic & Slide.

Að lokum ber að minnast á tónleika stærstu stjörnu drum & bass frá upphafi, Goldie, á Nasa á morgun. Goldie var leiðtogi senunnar þegar hún var að stíga sín fyrstu skref og sjálfsagt má færa rök fyrir því að þannig sé staðan enn þann dag í dag. Frægðarsól Goldie hefur semsagt ekki sest þó að hann sé hættur með Björk. Sem fyrr eru það umræddir Breakbeat.is-drengir sem standa fyrir komu Goldie hingað til lands og mæli ég eindregið með því að fólk skelli sér á tónleikana. Með Goldie í för er einnig MC Lowqui auk þess sem íslensku plötusnúðarnir Ewok, Kalli og Agzilla munu þeyta skífum. Sá síðastnefndi er reyndar góðvinur Goldie og hefur meðal annars gefið út efni hjá plötufyrirtæki hans. Segið svo að breakbeat-senan sé dauð á Íslandi.

# Til höfuðs siðmenningunni

**Breska hljómsveitin Throbbing Gristle var brautryðjandi í „industrial“-tónlistinni sem kom fram á seinni hluta áttunda áratugarins. Hún sendi nýlega frá sér sína fyrstu plötu með nýju efni í 25 ár. Trausti Júlíusson rifjaði upp feril þessarar áhrifaríku sveitar.**



**THROBBING GRISTLE 2007** Genesis P-Orridge er enn að brjóta gegn hefðunum. Hann er kominn með konubrjóst eftir skurðaðgerð, en hann stefnir að því að verða tvíkynja.

Þegar breska hljómsveitin Throbbing Gristle (TG) steig fram á sjónarsviðið árið 1975 risu margir upp til að fordæma hana. Einn af þeim var Sir Nicholas Fairbairn, breskur þingmaður, sem kallað meðlimi sveitarinnar „Wreckers Of Civilisation“ – niðurrifsmenn siðmenningarinnar. Hljómsveitin fagnaði þessu viðurnefni og hampaði því óspart. Á árunum 1975-1981 hélt TG fjölda tónleika og sendi frá sér plötur sem höfðu mikil áhrif. Sveitin kom svo saman aftur fyrir skömmu og sendi frá sér nýja plötu, Part Two: The Endless Not.

### Prostitution-sýningin

Throbbing Gristle varð til upp úr gjörningalistahópnum COUM Transmissions. Meðlimirnir voru Genesis P-Orridge bassaleikari, Cosey Fanni Tutti gítarleikari, hljómborðsleikarinn Chris Carter og Peter „Sleazy“ Christopherson sem meðhöndlaði tónlistina með segulböndum. Genesis og Cosey voru bæði listamenn, Sleazy var hönnuður, en Chris var með tækjadellu á háu stigi og sérhæfði sig í því að smíða sína eigin hljóðgervla. Cosey hafði m.a. leikið í nokkrum klámmyndum í listrænum tilgangi.

TG tók þátt í sýningunni Prostitution í ICA listamiðstöðinni í London 1976, en sú sýning hneykslaði marga. Þar mátti m.a. sjá brot frá fyrrnefndum kvikmyndaferli Cosey Fanni Tutti, innsetningar með notuðum túrtöppum o.fl. sem ekki þótti boðlegt, síst af ölli í svo virðulegri stofnun. Tónleikar TG fyrstu árin hófust með því að kveikt var á skeiðklukku og nákvæmlega 60 mínútum síðar var rafmagnið tekið af.

### Mikil áhrif

Throbbing Gristle átti það sameiginlegt með pönkinu að ráðast gegn ríkjandi tónlist og þjóðfélagsskipan, en TG gekk mun lengra á báðum sviðum. Tónlistin var að miklu leyti sveiflukenndur hávaði, án takts og greinanlegrar uppbyggingar. Einhvers konar rafræn sýra. Á plötum sveitarinnar var tónlistin samt aðgengilegri en á tónleikum. Plötur eins og The Second Annual Report (1977), D.O.A. (1978) og 20 Jazz Funk Greats (1979) eru vel þess virði að tékka á þeim.

Eftir að TG hætti, stofnuðu Genesis og Sleazy Psychic TV (sem hélt eftirminnilega tónleika með Kuklinu í HM 1984), en Chris & Cosey stofnuðu samnefnt dúó. Hvortveggja poppaðri sveitir en TG.

TG hafði mikil áhrif t.d. á 23 Skidoo, SPK, Einsturzende Neubauten, Laibach, Front 242 og zoviet*france. Á Íslandi mátti heyra áhrif frá TG hjá Bruna BB, Inferno 5 og hinni vanmetnu eðalsveit Reptilicus.

### Loksins tekin í sátt

Nýja Throbbing Gristle platan er aðeins mýkri og aðgengilegri en fyrri verk þó að meðlimirnir fullyrði að þeir kunni ennþá minna á hljóðfæri í dag heldur en þegar sveitin var stofnuð. TG er líka farin að spila á tónleikum aftur og þáði nýlega boð ICA um að spila þar, en stofnunin setti sveitina á bannlista eftir Prostitution sýninguna. Genesis hlær að því í dag: „Svona gerist þetta. Þeir reyna að stoppa þig. Svo banna þeir þig og segja að þú sért klámfenginn, en svo 25 árum seinna segja þeir að þeim finnist þú góður.“






**MÍNUS MEÐ NÝJUM MANNI** Þetta er hljómsveitin Mínus, frá vinstri eru Bjarni, Siggi, Bjössi og Krummi.

# Mínus snýr aftur

Rokksveitin Mínus heldur tónleika á Grand Rokk annað kvöld, laugardaginn 14. júlí. Þetta verða fyrstu tónleikarnir þar sem sveitin er í aðalhlutverki síðan mannabreytingar urðu fyrir skemmstu. Eins og kom fram í fjölmiðlum sögðu Frosti Logason gítarleikari og Þröstur Jónsson bassaleikari skilið við Mínus. Í staðinn var fenginn bassaleikarinn Sigurður Oddsson úr Future Future.

Að sögn Björns Stefánssonar trommuleikara ætlar Mínus á þessum tónleikum að leika þverskurð af efni hljómsveitarinnar á níu ára ferli hennar. Sannarlega forvitnilegir tónleikar. Húsið opnar klukkan 23 og það kostar þúsundkall inn. Plötusnúðurinn Frosti Gringo hitar upp.

## BRENNSLAN JÓN ÓLAFSSON



Tónlistarmaðurinn Jón Ólafsson setti saman 10 laga plötu sem hefur aðeins að geyma íslenskar perlur.

**1. Spilverk þjóðanna - Lag, ljóð**
„Þetta er eitt fjölmargra fallegra laga sem Sigurður Bjóla samdi og Spilverk þjóðanna flutti. Ég fæ aldrei leið á þessu einfalda lagi. Textinn er líka sérdeilis fallegur."

**2. Múgsefjun - Álfar**
„Uppáhalds íslenska hljómsveitin mín heitir Múgsefjun og hefur ekki enn sent frá sér geisladisk. Ég hef þó haldið smá sambandi við piltana og draumurinn er að fá að pródúsera þessa frábæru hljómsveit. Þeir gera frábær lög."

**3. Silfurtónar - Töfrar**
„Einfaldlega eitt mest töfrandi lag sem til er að mínu áliti. Einlægnin þeirra Magnúsar og Júlíusar í söngnum er engri einlægni lík."

**4. Magnús Eiríksson - Ómissandi fólk**
„Af mörgum frábærum lögum og textum Magnúsar vel ég þetta. Mér finnst alltaf jafn gaman þegar Magnús hefur upp raust sína. Breyskleiki okkar allra er falinn í röð hans."

**5. Miðnes - Reykjavík helvíti**
„Þessi frábæra rokksveit yljaði mér um hjartarætur með Who-skotnu Bretapoppi sínu sem þó var svo íslenskt. Þetta lag og texti Freys Eyjólfssonar finnst mér ákaflega skemmtilegt og textinn algjörlega frábær. "

**6. Bláu augun þín - Hljómar**
„Ég hygg að Hljómar séu besta íslenska hljómsveit allra tíma þegar þeim tókst best upp. Að Gunnar Þórðarson hafi samið lög eins og Bláu augun þín fyrir tvítugsaldurinn er auðvitað lyginni líkast. Það er helst að kollegar hans frá Liverpool eigi roð í Gunnar á upphafsárum Hljómanna."

**7. Brámánarnir bláu - Megas**
„Þetta lag er af plötunni Svanasöngur á leiði. Textinn er auðvitað ljósárum betri en flest það sem við heyrum frá öðrum íslenskum tónlistarmönnum og í þessu lagi sýnir Megas svo ekki verður um villst að hann er svo miklu meira en skáld."

**8. Eggert Þorleifsson - Ævintýri**
„Ægifagurt lag og dásamlegur texti á hinni stórbrotnu plötu Hrekkjusvínanna, Lög unga fólksins, sem ætti að vera til á hverju heimili. Eggert er í sérstöku uppáhaldi hjá mér sem listamaður og ekki sízt sem söngvari."

**9. Björn Jörundur Friðbjörnsson - Þá kemur þú**
„Ég skammast mín ekkert fyrir að setja hér á diskinn lag eftir vin minn og félaga Björn Jörund Friðbjörnsson. Orðfæri drengsins og skáldskapargáfa er skýjum ofar. Þetta er að öllum líkindum einn flottasti texti síðustu áratuga í íslenskri dægurlagatónlist og lagið er ekki síðra."

**10. Magnús og Jóhann - Mary Jane**
„Besti dúett í heimi. Barnungir sendu þeir félagar þetta fallega lag frá sér og ég fæ aldrei leið á því í fyrstu útgáfu þess lags."



## Í BÚNINGSHERBERGINU PEARL JAM

24 vatnsflöskur
1 kassi af Coca Cola
1 kassi af 7up eða Sprite
2 flöskur af góðu ítölsku rauðvíni
2 kassar af Heineken-bjór
4 kassar af Evian-vatni
Nýkreistur ávaxtasafi
4 stórir pokar af flögum
1 stórt brauð
Beyglur með rjómaosti
Brauðrist
Hnetusmjör og sulta
Bakki með grænmeti og ídýfu
Ávaxtabakki
Gulrætur
Epli
Appelsínur
Engiferöt
2 sígarettukarton
Sælgæti í skál; Snickers, Mars og M&M










www.ellingsen.is





# Njóttu lífsins í Fleetwood Niagara





## Staðalbúnaður

- Vatnsþolnar eldhúsborðplötur með saumlausum köntum
- Saumlaust fílon-þak með sambyggðum Rack Track-teinum, engar berar þéttingar
- Undirstöður sæta með máluðum málmramma
- Þak undirbúið fyrir loftræstingu
- Rafhemlar og 5 bolta nafir
- Fjórir stuðningsfætur með sandpúðum til að gera vagninn stöðugan
- Sveif fyrir lyftikerfi í mittishæð
- Galvaníseraðar stálplötur að framan og aftan með grjótvörn úr tígulplötu að framan
- Stálgrind úr holum bitum
- E-Z Lube Axle™ öxull og öflugar Slipper-blaðfjaðrir
- Álfelgur með krómuðum róm og krómuðum hjólkoppum.
- Gólf og rúmbotnar úr heilum Structurwood-plötum
- Þykkir állistar umhverfis vagn/rúm
- „Posi-Lock"-lyftikerfi úr ryðfríu stáli
- Hurð með álramma í einu lagi
- Snyrting með föstum veggjum
- Handklæðahengi, klósettrúlluhalda og snyrtispegill
- Miðjufestur kerrutjakkur með hjóli sem taka má af
- Skiptur Sunbrella® 302 tjalddúkur með gluggaflipum
- Fast eldhús með venjulegri hæð og tvíhólfa vaski, 3 gashellur
- 80 l vatnsgeymir undir gólfi
- 80 l grávatnsgeymir
- Þétt svampdýna (með áklæði og skrautflipa)
- Kæliskápur með frysti, 118 l, 3 stillingar
- 35 amp. straumbreytir með hleðslutæki
- Ljós fyrir útipall (aukatengill f/ljós)
- 4 hátalarar AM/FM stereó með geislaspilara
- Fatahengi
- Fóðruð glugga- og rúmtjöld, skrautkappi með fullri lengd
- Dyraþrep sem rennur út
- Öryggiskeðjur með pósitífri læsingu
- Varadekk, festing, felgulykill
- Gagnsæir vínylgluggar
- Vínylhlíf fyrir varadekk
- Skreyttar skáphurðir
- Vínylhlíf fyrir LP-gaskút.
- 1–9 kg LP-gaskútar
- 12 V rafknúin vatnsdæla
- Notalegur setkrókur
- Hnífaparabakki
- Vatnsþolið matborð með saumlausum köntum
- Geymsluhólf með aðgangi utan frá
- Stuðari (10x10 cm sívalt geymslurými)

## Útilegukortið



Kaupauki! Útilegukortið fylgir öllum Fleetwood-fellihýsum

Takmarkalausir gistimöguleikar um allt land!

## Aðrar upplýsingar

| | |
|---|---|
| Árgerð | 2007 |
| Rafgeymir | 12 V 115 amp |
| Heildarlengd | 587 cm (14 fet) |
| Heildarbreidd | 226 cm |
| Lengd að innan | 427 cm |
| Eigin þyngd | 1430 kg |
| Heildarþyngd | 1708 kg |

## Verðdæmi

| | |
|---|---|
| Verð | 2.195.000 kr. |
| Útborgun | 200.000 kr. |
| Mánaðargreiðsla | |

**28.464 kr.***

*miðast við 84 mánuði

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is
Opið mánudaga–föstudaga 8–18,
laugardaga 10–16 og sunnudaga 12–16

Ellingsen
– fullt hús ævintýra

# Metsölulisti Eymundsson

kiljur

**1. Viltu vinna milljarð?**



Vikas Swarup

Heillandi en jafnframt ógnvekjandi ævintýraferð. Átján vikur á toppi vinsældalistans.

**2. Flugdrekahlauparinn**



Khaled Hosseini

Margföld metsölubók. Heillandi saga um mannlíf, menningu og sögusvið sem flest okkar þekkja ekki nema af afspurn.

**3. Konungsbók**

Arnaldur Indriðason



Mögnuð og spennandi saga um hverju má fórna - og hverju verður að fórna - fyrir dýrustu gersemar kynslóðanna.

**4. Tvíburarnir**

Tessa de Loo



Kraftmikil og tilfinningaþrungin saga um eineggja tvíbura sem aðskildar eru sex ára gamlar og hittast aftur fyrir tilviljun undir lok ævi sinnar.

**5. Leynda kvöldmáltíðin**



Javier Sierra

Margbrotin, eftirminnileg og svo miklu meiri en venjuleg spennusaga.

**6. Ókei bæ!**

Hugleikur Dagsson



Nú geta aðdáendur Hugleiks Dagssonar glaðst því að Ókei bæ!, sjötta bók hans, er komin í verslanir!

**7. Saffraneldhúsið**

Yasmin Crowther



Ljúf og grípandi saga um samband móður og dóttur, svik og refsingu, ást og fjölskyldubönd og klofna sjálfsmynd.

**8. 5. Riddarinn**

James Patterson



Ný spennusaga úr smiðju James Patterson, vinsælasta spennuhöfundar heims um þessar mundir.

**9. Síðasti Musterisriddarinn**



Raymond Khoury

Gleymið öllum ofmetnu metsölubókunum – *þetta er hin eina sanna.*

**10. Hringur Tankados**

Dan Brown



Höfundur Da Vinci lykilsins, er óumdeildur meistari hinnar úthugsuðu spennusögu!




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872


fjörið ... **Fólk**

folk@frettabladid.is

# Með nýjan mann

Britney Spears er komin með nýjan mann upp á arminn. Reyndar felst það í starfi mannsins, sem heitir Damon, að vera viðloðandi arma Britneyar, þar sem hann er lífvörður söngkonunnar. Samkvæmt heimildum vefsíðubandaríska tímaritsins US Weekly deildi parið hverri rómantísku kvöldstundinni á fætur annarri í síðustu viku og hélt svo heim í hús söngkonunnar þar sem það varði nóttinni.

Til parsins hefur einnig sést á hótelinu Chateau Marmont, þar sem jafnan er krökkt af frægu fólki. Parið notaði tækifærið til að kyssast og kela fyrir framan áhorfendur. Síðastliðinn sunnudag skiptu þau hins vegar um gír og settu stefnuna í messu með barnungum sonum Britneyar og Kevins Federline.

Á sama tíma deila Britney og Kevin hatrammlega um forræði yfir sonum sínum, og fréttir herma að þau hafi bæði ráðið einkaspæjara til að njósna um makann. Það skiptast því á skin og skúrir í lífi söngkonunnar um þessar mundir.



**MEÐ MANN UPP Á ARMINN** Britney Spears er komin með nýjan kærasta, sem er jafnframt lífvörður söngkonunnar.



**NYLON** Disney-fyrirtækið vill setjast að samningaborðinu við þær og gera sjónvarpsþátt.

# Ameríka bíður eftir Nylon

**Afþreyingarrisinn Disney í Bandaríkjunum er áhugasamur um Nylon-flokkinn. Á teikniborðinu er sjónvarpsþáttur um íslenska stelpnabandið.**

„Þetta er náttúrlega ótrúlega spennandi,“ segir Alma Guðmundsdóttir, söngkona úr Nylon, en stúlknaflokkurinn, ásamt útgáfufyrirtækinu Believer, heldur til Bandaríkjanna á næstunni þar sem afþreyingarrisinn Walt Disney hefur óskað eftir fundahöldum við þau. Á teikniborðinu er sjónvarpsþáttur um íslenskt stúlknaband sem kemur til Bandaríkjanna og hyggst slá þar í gegn. Ef þetta verður að veruleika kemur út plata til að fylgja þáttunum eftir. „Þetta er allt á frumstigi þannig að báðir fæturnir verða að vera kirfilega festir við jörðina en við erum að sjálfsögðu í skýjunum yfir þessum áhuga,“ bætir Alma við. „Það yrði auðvitað toppurinn á tilverunni ef þetta yrði að raunveruleika enda er unglingasjónvarp Disneys alveg gríðarlega vinsælt.“

Óhætt er að segja að lífið leiki við Nylon-stelpurnar því við þessar fréttir bætast að Nylon-stúlkan Emilía Björk Óskarsdóttir gengur í það heilaga á morgun og vinkonur hennar ætla að sjálfsögðu að taka lagið við athöfnina. Alma vildi ekki gefa upp hvaða lag hefði orðið fyrir valinu en að lagavalið ætti eftir að koma skemmtilega á óvart.

Einar Bárðarson, umboðsmaður sveitarinnar, sagði að þetta væri í raun einstakt tækifæri fyrir stúlkurnar. Verkefnið myndi þó útheimta mikla vinnu, blóð, svita og tár. Disney-fyrirtækið væri einn allra stærsti framleiðandi afþreyingarefnis í heiminum og meðal þeirra tónlistarmanna sem hefðu verið á mála hjá fyrirtækinu væru Britney Spears, Christina Aguilera og Justin Timberlake. „Við höfum verið að vinna að næstu skrefum hjá Nylon erlendis og einbeitt okkur að breska markaðnum. Fyrir nokkrum vikum fengum við símtal frá samstarfsaðila okkar í Los Angeles þar sem okkur var tjáð að áhugi væri hjá Disney að fá stelpurnar til sín. Um væri þá að ræða sjónvarpsþátt sem yrði fylgt eftir með plötu,“ segir Einar en tekur skýrt fram að viðræðurnar séu á byrjunarstigi og því geti vel brugðið til beggja vona. Hann bætir því þó við að í Bretlandi hafi mönnum ekki þótt stúlkurnar nógu frakkar enda væri hefð fyrir því að tónlistarmenn í þessum geira sýndu mikið hold og næðu heimsfrægð fyrir. „En núna lítur allt út fyrir að það sem stóð í Bretanum gangi á Bandaríkjamarkað.“

Heimildir Fréttablaðsins herma að Magnús Scheving hafi aðstoðað Einar og Nylon á bak við tjöldin við að koma þessu á koppinn. En Einar vildi lítið tjá sig um það mál. Sagði að Magnús byggi vissulega úti á Nesi og því væri stutt yfir. „En ef svo færi að hann gengi til liðs við okkur yrði það mikill styrkur.“

freyrgigja@frettabladid.is

# Beckham-hjónin nakin

Eitt af því skemmtilegasta sem hjónakornin David og Victoria Beckham gera er að læsa hurðunum á heimili sínu á kvöldin til að geta valsað um í friði án fata. Þetta kemur fram í viðtali við fótboltamanninn og kryddpíuna við tískutímaritið W í Bandaríkjunum sem ritstjórar tímaritsins segja að sé „hið opinskáasta sem hjónin hafa veitt til þessa“.

Ensku hjónin, sem eru óðum að koma sér fyrir á sínu nýja heimili í Los Angeles, eru sögð mjög opinská í viðtalinu og lofa ritstjórarnir að margt nýtt muni koma þar fram. Að auki sátu hjónin fyrir í blaðinu í stellingum sem sagðar eru „erótískar“ og munu myndir birtast af þeim skötuhjúum hálfnöktum í faðmlögum.

„Ég held að í fyrsta sinn muni fólk virkilega sjá hvernig manneskju ég hef að geyma,“ segir Victoria sjálf, en greinilegt er að hún er að leggja sig alla fram við að fá sjálfa sig í Bandaríkjunum, til að eiga meiri möguleika á að skapa sér feril þar í landi. „Ég held að margir telji mig vera óánægða kú sem brosi aldrei. En sannleikurinn gæti ekki verið fjær þeirri ímynd. Ég er alltaf brosandi heima og ég ætla að reyna að brosa sem mest fyrir Ameríku,“ sagði Victoria enn fremur.

Á djörfustu myndinni sem sjá má í blaðinu situr David klofvega á dýnu í dimmu hótelherbergi og fjarlægir belti af Victoriu, sem ku vera allra síðasta flíkin sem hún ber. Stephen Klein, einn þekktasti ljósmyndari Bandaríkjanna, sá um myndatökuna, en hann vakti á sínum tíma mikla athygli fyrir erótískar myndir af Madonnu.

Í viðtalinu kemur einnig fram að David hefur látið sérsmíða fyrir sig fullkomið heimabíó í villu þeirra hjóna í Beverly Hills sem meðal annars skartar stærsta flatsjónvarpi sem framleitt hefur verið. Flatskjárinn er 260 sentímetrar á lengd, að sjálfsögðu sérsmíðaður og kostaði rúmar sex milljónir króna.




**FORSÍÐAN Á W** David og Victoria gefa forsmekkinn að því sem koma skal á forsíðu tímaritsins. Inni í blaðinu má sjá myndir af skötuhjúunum nánast án fata.




**889** kr/kg. áður 1.098 kr/kg.
Goða lambalæri - Frosið




**1.199** kr/kg. áður 1.499 kr/kg.
Kjötsels grill lambalæri




**909** kr/kg. áður 1.299 kr/kg.
Kjötsels grill svínarif BBQ




**1.093** kr/kg. áður 1.682 kr/kg.
Gourmet hunangs grísakótilettur




**1.299** kr/kg. áður 2.099 kr/kg.
Fjörfisks reyktur og grafinn lax




**899** kr/kg. áður 1.219 kr/kg.
Fjörfisks fiskspecial steinbítur




**399** kr/pk.
Freschetta Brickoven pizzur




**799** kr/kg. áður 1.021 kr/kg.
Goða blandað hakk




**129** kr/stk.
Egils Appelsín - 2 ltr.

H:N markaðssamskipti / SÍA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 12. júlí til 15. júlí eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto
Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn












SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER | kl. 3 - 4 - 6 - 7 - 9 - 10 | 10 |
| HARRY POTTER LÚXUS | kl. 3 - 6 - 9 | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5 - 8 - 10.45 | 14 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 3 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| TAXI 4 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE LOOKOUT | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.30 - 8 - 10.40 | 14 |
| PREMONITION | kl. 5.45 - 8 | 12 |
| FANTASTIC FOUR 2 | kl. 10.15 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| TAXI 4 | kl. 6 - 8 - 10 | |
| 1408 | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.15 - 8 - 10.45 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| 1408 | kl. 8 - 10 | 16 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 6 - 8 | |
| DIE HARD 4.0 | kl. 5.20 - 10 | 14 |

MIÐASALA Á midi.is BÍÓ.IS








SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 4 - 5 - 7 - 8 - 10 - 11 | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 -11 DIGITAL | 10 |
| HARRY POTTER 5 | kl. 2 - 5 - 8 -11 VIP | |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4 - 6 - 8 - 10:10 | L |
| BLIND DATING | kl. 8 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 2 - 4 - 6 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 8 - 10:10 | L |
| OCEAN´S 13 | kl. 10:10 | 7 |
| PIRATES 3 | kl. 4 | 10 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 DIGITAL | kl. 4 - 5:15 - 7 - 8:15 - 10 - 11:15 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| SHREK 3 M/- Ensku TAL | kl. 6 | L |
| PIRATES 3 | kl .8 | 10 |
| OCEAN´S 13 | kl. 11:15 | 7 |

VIP SALURINN ER BARA LÚXUS ER STAÐSETTUR Í SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| HARRY POTTER 5 | kl. 6 - 9 | 10 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 8 | L |
| DIE HARD 4 | kl. 10 | 14 |
| SHREK 3 M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |

Nýtt í bíó
LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus












LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| 1408 | kl 6, 8 og 10 | 16 |
| EVAN ALMIGHTY | kl. 4, 6, 8 og 10 | L |
| DIE HARD 4.0 | kl. 7.30 og 10 | 14 |
| SHREK 3 íslenskt tal | kl. 4 og 5.45 | L |
| ÚTI ER ÆVINTÝRI | kl. 4 (450 kr.) | L |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is




# Stella sýnir í London

Stella McCartney mun kynna Adidas-sumarlínu sína fyrir árið 2008 á tískuvikunni í London í fyrsta sinn í haust. Sýningin mun slá botninn í tískuvikuna. „Adidas-lína Stellu mun bæta þessu íþrótta- „elementi“ inn í tískuvikuna og slá botninn í þessa spennandi tískuhátíð,“ sagði Hilary Riva framkvæmdastjóri Breska tískuráðsins. Á sýningunni munu áhorfendur sjá alls kyns fallegan íþróttafatnað hvort sem hann er ætlaður jógaiðkun, hlaupum, leikfimi eða sundi.

Hilary Riva virðist vera að gera mikið til þess að breyta hugmynd fólks um tískuvikuna í London en þar hefur verið lögð áhersla á unga og róttæka hönnuði og reyndar hafa margir verið ánægðir með þá áherslu. Einnig hefur hún fengið bæði Luellu Bartley og Matthew Williamson til London auk þess sem orðrómur er uppi um að Alexander McQueen muni sýna ódýrari línu sína, McQ, í London. Auk þess hefur Hilary fagnað nýjum reglum um þyngd fyrirsæta en mikið hefur verið rætt um það mál síðustu mánuði.



**ADIDAS** Úr fyrri línu Stellu fyrir íþróttamerkið.



**STELLA MCCARTNEY** Hönnuðurinn frægi mun sýna nýja sumarlínu sína fyrir íþróttamerkið Adidas í tískuvikunni í London í september.

# Togstreitan á milli Íslendinga og Dana er sprenghlægileg

**Leikstjórinn Lars von Trier ræðir um togstreitu milli Dana og Íslendinga í nýju viðtali. Hann segir að spennan á milli þjóðanna geti skapað vandamál.**



**KÖFLÓTT SAMSTARF** Lars von Trier segir í viðtalinu að það hafi ekki verið auðvelt að vinna með Björk.

Atriðin þar sem togstreitan á milli Íslendinga og Dana fær að njóta sín best eru fyndnustu atriðin í nýjustu mynd Lars von Triers, Direktøren af det hele, að því er danski leikstjórinn segir sjálfur í nýju viðtali við kanadíska dagblaðið Globe and Mail. Von Trier segir enn fremur að þessi atriði hafi uppskorið mestu hlátrasköllin frá áhorfendum í þau skipti sem myndin hefur verið sýnd í bíóhúsum. Fornar og nýjar valdadeilur á milli Íslendinga og Dana eru helsta umfjöllunarefni myndarinnar en hún fjallar um tilraun Dana til að fá íslenska auðkýfinga til að kaupa verðlaust tölvufyrirtæki. Friðrik Þór Friðriksson og Benedikt Erlingsson eru sem kunnugt er í stórum hlutverkum í myndinni.



**FRIÐRIK ÞÓR FRIÐRIKSSON** Leikur íslenskan milljarðamæring í mynd von Triers og þykir fara á kostum.

„Spennan á milli þessara þjóða getur skapað vandamál,“ segir Trier í viðtalinu og vísar sem dæmi í samstarf sitt við Björk í myndinni Dancer in the Dark, en blaðamaður bætir við að íslenska söngkonan sé sérvitur poppstjarna. „Ooooo, það var ekki auðvelt,“ segir Trier í viðtalinu og hristir hausinn með bros á vör þegar hann lýsir samstarfinu við Björk.

Von Trier stiklar á stóru í viðtalinu og segir meðal annars frá því að hann hyggist gera hryllingsmynd á næstunni. Þá segir leikstjórinn að hann hafi misst trúna á kvikmyndahátíðinni í Cannes, en Direktøren af det hele er fyrsta myndin sem hann frumsýnir ekki í Cannes. „Hátíðin hefur ekki svo mikla þýðingu lengur fyrir mig. Það er mikið álag sem fylgir því að vera í Cannes og einu sinni fór ég í 150 viðtöl sama daginn. Það er bilun. Kvikmyndir fá ekki rétta umfjöllun með svo stuttum viðtölum,“ segir Von Trier.

# Handarför á stjörnustéttinni

Þríeykið Daniel Radcliffe, Emma Watson og Rupert Grint, eða Harry, Hermione og Ron, hafa fengið handarför sín fest í steypu rétt við Frægðarstéttina í Hollywood. „Þetta er algjörlega ótrúlegt,“ sagði Radcliffe, sem hefur leikið Harry Potter síðan hann var ellefu ára gamall. „Að vera hérna á meðal nafna eins og John Wayne og allra hinna er rosalegt,“ sagði hann yfir sig hrifinn.

Hin sautján ára Emma Watson sem leikur bókaorminn Hermione Granger segir þetta vera það merkilegasta sem hún hefði nokkurn tíma gert. Þríeykið hefur leikið í fimm myndum en sú nýjasta er nýkomin í kvikmyndahús. Einnig er sjöunda og síðasta Harry Potter-bókin væntanleg í búðir hinn 21. júlí en sú nefnist Harry Potter and the Deathly Hallows.



**EMMA WATSON, RUPERT GRINT OG DANIEL RADCLIFFE** Hér eru þau að leika í fyrstu Harry Potter-myndinni en síðan þá hefur mikið vatn runnið til sjávar og hafa þau nú fengið handarför sín fest í stjörnustéttina í Hollywood.



**HÖNNUNARHÓPURINN TÍTA** Stúlkurnar sýna ólukkulega tísku á ólukkulegum degi en í dag er síðasti séns að sjá skapandi sumarhópa að störfum.

# Síðasta Föstudags-fiðrildið í dag

Síðasta Föstudagsfiðrildi sumarsins fer fram í dag. Skapandi sumarhópar hafa verið duglegir að skemmta gangandi vegfarendum miðbæjarins í sumar og hafa fengið mjög góðar undirtektir. Í dag er því um að gera að kíkja niður í bæ og athuga hvað unga fólkið hefur upp á að bjóða. Meðal viðburða eru tónleikar Hljóðmyndaklúbbsins Slefbera klukkan tólf og eitt, Xavier og McDaniel sýna listir sínar á Lækjartorgi á milli tólf og tvö, Á ferð og flugi Götuleikhúsið myndar faðmlagaflóð á Laugaveginum og Para-Dís spilar klassíska tónlist á Kjarvalsstöðum. Nánari dagskrá er hægt að nálgast á heimasíðunni www.hitthusid.is.

# Götulistakeppni í reykporti

Kaffihúsið Prikið stendur fyrir götulistakeppni um þessar mundir, en vinningshafi í keppninni fær að skreyta flennistórt svæði í portinu á bak við húsnæðið. „Fólk sem er í graffítí er oft-ast bara að leita sér að svæði til að teikna sínar teikningar. Okkur langar að ýta undir þetta, gera þetta löglega og gera þetta flott,“ sagði Guðfinnur Karlsson, eigandi Priksins.

Þeir sem hafa áhuga á að fá teikningar sínar á portveggina geta skilað inn teikningum á Prikið, í Ósóma eða Exodus, gegn þúsund króna þátttökugjaldi. Prikið leggur til utanlandsferð í verðlaunapottinn, Ósóma býður hönnun á bol í þrílit og Exodus leggur til 20.000 króna inneign í verslunum. Einnig er Icepick, bók Þórdísar Claessen úr Ósómu, í verðlaunapottinum. Úrslit verða tilkynnt laugardagskvöldið 28. júlí, þegar Prikið blæs til grillveislu og herlegheita.

Finni segir keppnina þegar hafa hlotið góðar undirtektir. „Það er fullt af fólki búið að hringja og einhverjar myndir komnar niður í Ósóma. Mér heyrist fólk bara vera ánægt,“ sagði Finni, sem segir nýlegt reykingabann einnig eiga einhvern heiður að keppninni. „Þetta er líka partur af þeirri vinnu að gera reykaðstöðuna góða fyrir vesalingana sem þurfa að dúsa úti í porti í rigningunni,“ sagði hann. - sun



**BÆTA REYKAÐSTÖÐUNA** Eigandi Priksins segir götulistakeppnina einnig miða að því að gera reykaðstöðu gesta Priksins huggulegri samastað. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Cameron Diaz** sagði í nýlegu viðtali við tímaritið Cosmo að hún vildi helst ekki stunda of mikla líkamsrækt því þá færi hún smám saman að líkjast karlmanni í vexti. „Vöðvarnir mínir eru þannig að ég get orðið mjög karlmannleg í vexti og fíla það mjög illa. Ég er alltaf að segja við þjálfarana mína að passa að gera mig ekki of stælta,“ sagði Cameron og bætti því við að henni þætti fallegt að vera með ávalan og kvenlegan vöxt.



**Lindsay Lohan** er ekki bara í meðferð heldur er hún einnig farin að lesa vitsmunalegar bókmenntir. „Meðferðin hefur breytt lífi mínu. Ég fór í sálfræðitíma til þess að tala um ástarsambönd sem hjálpaði mér mikið. Svo þegar ég verð stressuð þá fer ég bara með róandi bæn og hugleiði,“ sagði Lindsay sem í þessu er að lesa Prinsinn eftir Machiavelli. „Vinir mínir sögðu mér að lesa eitthvað eftir hann og ég ákvað að slá til. Núna tek ég þessa bók með mér hvert sem ég fer,“ sagði Lindsay sem greinilega vill bæta sig.

**Jessica Simpson** segist munu fara í brjóstaaðgerð þegar barmur hennar „er farinn að ná niður að nafla,“ eins og hún orðar það svo skemmtilega. Söngkonan ljóshærða segist ekki hafa enn látið laga á sér brjóstin en segir það vel koma til greina í framtíðinni. „Ég hef ekki enn farið í aðgerð. En kannski þegar maður er búinn að eignast börn, og brjóstin eru farin að lafa niður að nafla, að ég láti lyfta þeim. Þau eru alla vega alveg ekta núna.“





## > Dragast ÍA og Keflavík á móti hvort öðru?

Í hádeginu í dag verður dregið í átta liða úrslit í bikarkeppni karla og undanúrslit í bikarkeppni kvenna. Mikil spenna hefur myndast fyrir dráttinn og ekki síst af þeirri staðreynd að ÍA og Keflavík eru í pottinum í karladrættinum en félögin elduðu grátt silfur saman á Skaganum í síðustu viku. Margir myndu eflaust vilja sjá liðin dragast saman og þar á meðal eru stuðningsmenn Keflavíkur sem sungu hástöfum eftir sigurinn á Þrótti: „Við viljum Skagann, ég sagði við viljum Skagann.“



**sport**

sport@frettabladid.is

**BÚNINGAVESEN Á AKUREYRI:** FYLKIR LÉK Í HVÍTUM ÞÓRSBÚNINGUM GEGN RAUÐKLÆDDUM ÞÓRSURUM

# *Kom ekki til greina að spila í KA-búningnum*



Mörgum áhorfendum á leik Þórs og Fylkis í VISA-bikarnum á miðvikudag brá verulega í brún þegar þeir sáu Fylkisliðið mæta til leiks í hvíta Þórsbúningnum frá síðasta leik en Þór lék í rauðri og svartri treyju sem er aðalkeppnistreyja liðsins á þessari leiktíð.

„Við vorum í Þórsbúningum en ekki þeir. Ég hef leikið með Þór og Þórsbúningurinn er ekki rauður með svörtum ermum,“ sagði Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis og fyrrum leikmaður Þórs. Fylkismenn óraði ekki fyrir því að Þór hefði gert svo róttækar breytingar á búningum sínum og því tóku þeir hinn hefðbundna appelsínugula Fylkisbúning með til Akureyrar. Hann er of líkur rauða búningi Þórs og því gat dómarinn ekki leyft Fylki að spila í sínum treyjum.

„Það var tvennt í stöðunni. Að spila í Þórsbúningum eða KA-búningum. Það kom aldrei til greina að fara í KA-treyjurnar því þá hefðum við gert Þórsarana alveg vitlausa,“ sagði Leifur en hann hefur ekki í hyggju að spila út sumarið í Þórsbúningum þótt vel hafi gengið í þeim á Akureyri.

Það að Þór leikur ekki lengur í hefðbundnum hvítum búningum á sér eðlilegar skýringar. Félagið gerði búningasamning við nýtt merki fyrir tímabilið sem heitir Stanno. Það merki hefur einfaldlega ekki línu af hvítum búningum og því ekki hægt að fá hvíta búninga. Samningurinn sem Þór gerði var aftur á móti mjög hagstæður og lét félagið þetta atriði ekki stöðva sig frá því að semja við fyrirtækið.

„Við erum að láta framleiða mikið af búningum fyrir félagið og getum ekki látið svona atriði aftra okkur frá því að gera góða samninga. Það er ekki skynsamur rekstur. Liturinn skiptir heldur ekki öllu máli heldur merkið á búningnum,“ sagði Lárus Orri Sigurðsson, þjálfari Þórs. „Varabúningurinn er alhvítur þannig að við erum stundum í hvítu. Rautt og svart er samt okkar litur í dag en merkið er það sama. Það skiptir mestu máli.“



**HUGAÐ AÐ ÁRNA** Sjúkraflutningamenn huga að Guðjóni Árna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðjón Árni Antoníusson:

## Mun betur fór en á horfðist

**FÓTBOLTI** Guðjón Árni Antoníusson, varnarmaður Keflvíkinga, er ekki fótbrotinn og stefnir ótrauður á að spila leikinn gegn KR á sunnudaginn. Guðjón var fluttur með sjúkrabíl eftir samstuð í leiknum gegn Þrótti á miðvikudag og var í fyrstu óttast að hann væri fótbrotinn.

„Ég slapp vel en þegar ég heyrði að þetta gæti verið fótbrot var mér nú ekki alveg sama. Þetta var mjög vont og ég gat ekkert stigið í fótinn en ég held að legghlífin hafi tekið mesta höggið og bjargað mér eitthvað. Ég má ekkert æfa strax en ég sé til hvernig ég er á laugardaginn,“ sagði Guðjón Árni í gær en hann var kominn aftur inn í klefa Keflavíkur að leik loknum. - hþh

# Kallað eftir meiri skilningi frá KSÍ

**Fjarðabyggð er ekki sátt við hversu lítinn skilning félagið fær frá KSÍ. Ekkert er komið til móts við félagið vegna gríðarlegs ferðakostnaðar sem kemur niður á starfsemi félagsins.**

**FÓTBOLTI** Forráðamenn 1. deildarfélagsins Fjarðabyggðar undrast vinnubrögð KSÍ í sumar. Félagið er ekki sátt við hversu oft það þarf að spila seint á kvöldin á útivöllum en mikill ferðakostnaður bætist þar með ofan á kostnað við gistingu og síðast en ekki síst vinnutap hjá um 20 manna hópi leikmanna og annarra starfsmanna.

Ferðakostnaður Fjarðabyggðar í útileiki er um 300 þúsund krónur til Reykjavíkur en ferðir til Sandgerðis, Ólafsvíkur og Vestmannaeyja eru enn dýrari. „Gisting fyrir hópinn kostar um 50 þúsund en svo er það vinnutapið sem klúbburinn og leikmenn taka bara á sig. Án skilnings leikmanna og þrotlausrar sjálfboðavinnu væri þetta ekki hægt,“ segir Elvar Jónsson, aðstoðarþjálfari og stjórnarmaður hjá Fjarðabyggð.

Austfirðingar samþykktu að færa heimaleik sinn gegn Njarðvík til klukkan 18 til að Suðurnesjaliðið kæmist heim með flugi um kvöldið. „Við sögðum já við því strax með því munnlega skilyrði frá KSÍ að komið yrði til móts við okkur í kringum mótið á sama hátt en það hefur ekki gerst enn þá,“ segir Elvar. Ferðakostnaður félagsins er um fimm milljónir króna á ári.

Fjarðabyggð leitaðist eftir því að færa leiki sína til að ná flugi heim en komu að tómum kofunum hjá KSÍ. „Við fengum þau svör frá KSÍ að það væri einfaldlega ekki hægt,“ sagði Elvar sem var sérstaklega ósáttur með vinnubrögð KSÍ í einum leik, útileiknum gegn Víkingum í Ólafsvík.



**ALLAR LEIÐIR LOKAÐAR** KSÍ hefur lítið komið til móts við Fjarðabyggð hvað leikjaniðurröðun varðar og virðist vera sem allar leiðir séu lokaðar, líkt og sóknarmaðurinn knái, Andri Valur Ívarsson, kynnist hér í leik Fjarðabyggðar og KA nýverið. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

„Víkingar samþykktu fegins hendi að færa leikinn en KSÍ neitaði á grundvelli dómaramála. Við hefðum aldrei náð flugi heim en við vorum komnir til Reykjavíkur um miðja nótt og flugum heim snemma um morguninn. Við erum mjög ósáttir með það. Við sóttum líka um fleiri leiki en það gekk ekkert,“ segir Elvar en sex útileikir félagsins af ellefu eru klukkan 20.

Birkir Sveinsson mótastjóri sagði við Fréttablaðið í gær að dómararnir hefðu einfaldlega ekki komist fyrr til Ólafsvíkur, en annars hefði verið auðvelt að færa leikinn. Beiðnin um að færa hann hefði einfaldlega komið eftir að búið var að raða niður leikjunum.

Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, var á Austurlandi nýverið þar sem Fjarðabúar vöktu athygli á málinu. „Hann sýndi þessu mikinn skilning og var að mér skilst ósáttur með sína menn,“ sagði Elvar. Hann benti einnig á að KSÍ hafi fært leik af helgi og inn í miðja viku vegna U19 ára móts landsliða.

„Við hefðum viljað fá upplýsingar um mótið fyrr til að sækja um breytingar eftir því. Það lá fyrir að fresta þurfti leikjum vegna mótsins,“ segir Elvar. Ferðakostnaðurinn er mikill og KSÍ getur enn sem komið er ekki komið til móts við félög af landsbyggðinni með ferðakostnað.

„Það er pólitísk ákvörðun hjá þeim að hafa engan ferðasjóð. KSÍ hefur aftur á móti þrýst vel á ríkisstjórnina og nú er kominn á ferðajöfnunarsjóður fyrir öll félög í öllum íþróttagreinum á landinu. Mér skilst að um 30 milljónum sé úthlutað á árinu en ég held að kostnaður íþróttahreyfingarinnar sé um 700 milljónir á ári,“ sagði Elvar sem er áhyggjufullur hvað framtíðina varðar.

„Ég veit hreinlega ekki hversu lengi við getum staðið undir þessu. Ég vil gjarnan sjá KSÍ koma til móts við félög utan af landi með meiri sveigjanleika varðandi ferðalög, til dæmis getum við spilað alla útileikina okkar á laugardögum, en einhverjum verður alltaf mismunað, þannig er það bara.“

hjalti@frettabladid.is



**MARKINU FAGNAÐ** Keflvíkingar fagna marki Sigurbjörns. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Sigurbjörn Hafþórsson:

## Skoraði ekki með hendinni

**FÓTBOLTI Sigurbjörn Hafþórsson skoraði sigurmark Keflvíkinga í 1-0 bikarsigrinum á Þrótti á miðvikudaginn. Leikmenn Þróttar mótmæltu markinu ákaft og töldu að Sigurbjörn hefði skorað með hendinni.**

**„Ég setti hann inn með mjöðminni eða lærinu,“ sagði Sigurbjörn við Fréttablaðið en hann potaði sendingu frá Símun Samuelsen yfir línuna. „Varnarmaðurinn næst mér sá þetta alveg. Þetta var aldrei hendi og það var sætt að skora,“ sagði markaskorarinn sem var að skora sitt fyrsta mark fyrir Keflavík. -**

Fátt um svör hjá framkvæmdastjóra KSÍ um aganefndarmál:

# Engin ákvörðun enn hjá Þóri

**FÓTBOLTI** Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði lítið fram að færa þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær. Þórir vildi ekkert tjá sig um mál ÍA og Keflavíkur sem hann situr yfir og skoðar um þessar mundir. Hann staðfesti þó að greinargerðir sem hann óskaði eftir frá félögunum vegna atvika sem áttu sér stað eftir leik félaganna í Landsbankadeildinni í síðustu viku væru komnar í hús.

„Ég er enn ekki búinn að taka neina ákvörðun í þessu. Hún verður tekin á næstu dögum,“ sagði Þórir. Framkvæmdastjórinn getur skotið einstaka tilvikum til aganefndar sem hittist á fundum á þriðjudögum. Þórir sagðist ætla að vera búinn að ákveða sig fyrir næsta fund.

Þórir var frekar þurr á manninn og vildi ekki einu sinni tjá sig um hvort greinargerðirnar væru langar eða stuttar. Það var engin svör að hafa..

Þórir vildi heldur ekki tjá sig um ummæli Magnúsar Gylfasonar, þjálfara Víkings, í vikunni. Magnús sagði eftir leikinn gegn ÍA að Guðjón Þórðarson, og fleiri þjálfarar í deildinni, fengju betri meðferð þar sem þeir kvörtuðu frekar í dómurum en aðrir.



**ÞÓRIR** Vill lítið sem ekkert tjá sig um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Mér fannst dómgæslan skelfileg og vil að það komi fram. Maður á kannski að taka sömu taktík og Gaui og fleiri og hrauna yfir dómara til að fá betri dómgæslu,“ sagði Magnús.

Þórir sagðist hafa séð ummælin en neitaði að tjá sig um einstaka atvik. „Ég tjái mig ekki um þetta mál að svo stöddu.“

Ummæli Magnúsar minna um margt á ummæli Leifs Garðarssonar, þjálfara Fylkis, og Kristjáns Guðmundssonar, þjálfara Keflavíkur í fyrra. Þar sakaði Kristján þáverandi þjálfara ÍA, Ólaf Þórðarson, um að stjórna dómgæslunni og Leifur sagðist ekki fá réttláta meðferð þar sem hann væri nýr þjálfari í deildinni. Fyrir ummælin fékk Kristján áminnun og sekt frá KSÍ en Leifur var áminntur. - hþh



**MEÐ FH Í FYRRA** André Schei Lindbæk náði ekki að skora á þeim 343 mínútum sem hann spilaði með FH 2006. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRÍKUR

Fyrrum leikmaður FH:

## André Lindbæk er enn án liðs

**FÓTBOLTI** Norðmaðurinn André Schei Lindbæk sem lék með FH í fyrrasumar gengur ekkert að komast á samning.

Lindbæk gekk til liðs við Íslandsmeistara FH seinni hluta síðasta sumars, spilaði fjóra leiki en datt síðan út úr byrjunarliðinu og fór burt frá liðinu. Hann spilaði sem áhugamaður með danska 1. deildarliðinu Köge í vetur en hefur ekki enn tekst að komast á atvinnumannasamning.

Lindbæk á að baki litríkan feril en hann hefur spilað með liðum eins og Lyn, Skeid, Las Palmas, Numancia og Viking.

Nú leitar hann sér að nýju félagi og er að reyna að komast aftur í norsku úrvalsdeildina. Hann æfir nú með Start í von um að komast á samning. - óój



Flott hjól
fyrir alla krakka
10" Disney Winne The Pooh 12.999 kr.
12" Disney Winne The Pooh 13.999 kr.
SIXSIXONE
16" Disney Mermaid 16.999 kr.
Disney
16" Disney Cars 16.999 kr.
ÞÚ SPARAR 5.000 kr
SHIMANO
20" Nitro
TILBOÐ 12.999 kr
Verð áður 17.999-
ÞÚ SPARAR 5.000 kr
SHIMANO
20" Rider
TILBOÐ 12.999 kr
Verð áður 17.999-
ÞÚ SPARAR 10.000 kr
SHIMANO
20" Free Style
TILBOÐ 19.999 kr
Verð áður 29.999-
ÞÚ SPARAR 8.000 kr
SHIMANO
24" White Pearl
TILBOÐ 19.999 kr
Verð áður 27.999-
ÞÚ SPARAR 8.000 kr
SHIMANO
24" Extreme
TILBOÐ 19.999 kr
Verð áður 27.999-
ÞÚ SPARAR 20.000 kr
SHIMANO
26" Infinity
TILBOÐ 29.999 kr
Verð áður 49.999-
Gildir til 15. júlí eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**BANDARÍKIN EKKI Á KORTINU** Það verður ekki keppt í Formúlu eitt í Bandaríkjunum 2008. NORDICPHOTOS/GETTY

Framtíð Formúlu eitt:

## Engin keppni í Indianapolis

**FORMÚLA 1** Ekki verður keppt á Indianapolis-brautinni í Bandaríkjunum á næsta tímabili í Formúlu eitt og þar með er ljóst að engin Formúla fer fram í Bandaríkjunum.

Það slitnaði upp úr samningaviðræðum um framtíð Indianapolis-brautarinnar á formúludagatalinu og þar með mun ein best sótta keppni tímabilsins heyra sögunni til.

Um það bil 125 þúsund manns að meðaltali hafa komið á keppnina undanfarin sex ár en brautin mun halda áfram að hýsa aðrar stórar keppnir, þar á meðal hinn heimsfræga Indianapolis 500 kappakstur. - óój



**STERKUR OG FLJÓTUR** Bacary Sagna sóttist eftir því að spila fyrir Arsene Wenger. NORDICPHOTOS/GETTY

Wenger kaupir varnarmann:

## Sagna semur við Arsenal

**FÓTBOLTI** Bacary Sagna, 24 ára varnarmaður Auxerre, hefur samið við enska úrvalsdeildarliðið Arsenal. Hann hefur ekki spilað landsleik en var í franska landsliðshópnum á dögunum.

„Sagna er mjög góður varnarmaður sem spilar aðallega sem bakvörður en getur einnig spilað í miðri vörninni sem og aftarlega á miðjunni. Hann er sterkur og fljótur,“ sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, á heimasíðu félagsins. - óój



**MESSI** Skoraði stórkostlegt mark gegn Mexíkó með frábærri vippu og hefur verið frábær í mótinu. NORDICPHOTOS/AFP

Argentína og Brasilía mætast:

## Argentínumenn hyggja á hefndir

**FÓTBOLTI** Boðið verður upp á sannkallaðan draumaúrslitaleik í Copa America-keppninni á sunnudagskvöldið þegar Brasilía og Argentína mætast. Þessir fornu fjendur hafa sýnt frábær tilþrif í keppninni til þessa og má búast við rífandi stemningu í Venesúela.

Argentínumenn geta unnið titilinn í fimmtánda skipti, sem yrði met, en þeim svíður enn tapið í úrslitaleiknum fyrir Brasilíu árið 2004. „Ég hef ekki gleymt hvernig þeir neru því framan í mig fram og aftur. Í dag hefur fótboltinn gefið mér tækifæri til að hefna mín. Þetta verður þó mjög erfiður leikur,“ sagði Argentínumaðurinn Carlos Tevez eftir 3-0 sigur á Mexíkó í undanúrslitunum. - hþh

Átta liða úrslit VISA-bikars kvenna í knattspyrnu:

# Breiðablik sló Val út

**FÓTBOLTI** Breiðablik vann bikarmeistara Vals 2-1 og sló þá út úr 8 liða úrslitum VISA-bikars kvenna í gær. Þetta var fyrsta tap Valsstelpna í sumar. KR, Fjölnir og Keflavík komust einnig í undanúrslit.

Skipulagður varnarleikur og stórhættulegar skyndisóknir voru lykilinn að sigri Blika auk þess sem Petra Lind Sigurðardóttir átti stórleik í markinu. Greta Mjöll Samúelsdóttir kom Blikum yfir með stórglæsilegu marki rétt eftir miðjan fyrri hálfleikinn þegar hún afgreiddi boltann upp í fjærhornið frá vítateigshorninu eftir hraða sókn. Sandra Sif Magnúsdóttir kom Blikum í 2-0 eftir aðra skyndisókn og sendingu frá Gretu Mjöll tólf mínútum síðar og þannig stóð í hálfleik. Valskonur voru meira með boltann og fengu mörg góð færi en það var ekki fyrr en Valsliðið fékk víti á 85. mínútu að Margrét Lára Viðarsdóttir náði loksins að skora en markið kom of seint og Blikar fögnuðu óvæntum sigri. - óój

**VISA-BIKAR KVENNA**

**8 liða úrslit**

| | |
|---|---|
| Breiðablik-Valur | 2-1 |
| Stjarnan-Fjölnir | 1-2 |
| Afturelding-Keflavík | 1-2 |
| Þór/KA-KR | 2-5 |



**GLÆSIMARK HJÁ GRETU** Greta Mjöll Samúelsdóttir fagnar hér fyrsta marki leiksins ásamt félögum sínum í Blikaliðinu en það skoraði hún á stórglæsilegan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Bandaríska Beckham-æðið er þegar byrjað

**Bandarískir fjölmiðlar bíða í ofvæni eftir að Beckham-hjónin lendi í Bandaríkjunum í dag. Þau verða áberandi í fjölmiðlum næsta daga. Beckham-æði er nú þegar skollið á í Bandaríkjunum og búið að selja 250 þúsund treyjur.**

**FÓTBOLTI** Það er stór dagur í sögu bandarískrar knattspyrnu í dag þegar David Beckham verður formlega kynntur sem leikmaður Los Angeles Galaxy. Bandarískir fjölmiðlar hafa ekkert gefið þeim evrópsku eftir í umfjöllun um Beckham-hjónin síðustu vikur og verða þau mjög áberandi í öllum helstu fjölmiðlum Bandaríkjanna á næstunni þegar þau reyna að leggja Bandaríkin að fótum sér.

Beckham-hjónin kunna betur en flestir aðrir að markaðssetja sig og er mikið lagt í að markaðssetningin fyrstu vikurnar eftir komu þeirra til Bandaríkjanna sé rétt og sem mest áberandi. Til að mynda er mjög djörf myndasíða af þeim hjónum í ágústhefti tímaritsins W sem mun án efa vekja mikið umtal. Þar eru myndir af hjónunum í hinum ýmsu stellingum að kyssa hvort annað og láta vel að hvort öðru upp í rúmi.

Á mánudag mun NBC-sjónvarpsstöðin síðan sýna þátt um Victoriu þar sem hún undirbýr komu fjölskyldunnar til Bandaríkjanna.

Það er til marks um að nýtt Beckham-æði sé að hefjast í Bandaríkjunum að nú þegar er búið að selja 250 þúsund LA Galaxy-treyjur með nafni Beckhams. Um er að ræða pantanir frá aðdáendum sem höfðu ekki einu sinni hugmynd um útlit treyjunnar. Fólkið vill bara fá sína Galaxy-treyju með Beckham-nafninu. Þess má geta að Real Madrid seldi yfir eina milljón af Beckham-treyjum á fyrstu sex mánuðum leikmannsins hjá félaginu.

Beckham sjálfur óttast að fólk muni gera of miklar væntingar til hans en hann er að ganga í raðir eins af lakari liðum deildarinnar. „Ég óttast væntingar fólks til mín. Eflaust halda sumir að við munum vinna leiki 10-0 með mig innanborðs. Ég er ekki leikmaður sem mun hlaupa framhjá tíu leikmönnum og skora,“ sagði Beckham.

Koma Beckhams til Bandaríkjanna hefur vakið álíka mikla athygli og þegar sjálfur Pelé ákvað að fara til Bandaríkjanna á sínum tíma. Pelé hefur þegar ráðlagt Englendingnum.

„Ég ráðlegg David að vera á tánum því þetta verður erfitt fyrir hann því liðin í Bandaríkjunum eru mjög góð og dekka vel. Beckham verður að mæta tilbúinn til leiks og í góðu formi því það er ekki auðvelt að spila í Bandaríkjunum. Fótboltinn í Bandaríkjunum í dag er orðinn mjög góður,“ sagði Pelé, sem lék með New York Cosmos upp úr 1970.

Þess má geta að fyrsti leikur Beckhams með Galaxy verður æfingaleikur gegn Chelsea 21. júlí. henry@frettabladid.is



**ÓTRÚLEGAR VINSÆLDIR** Þegar er búið að selja 250 þúsund LA Galaxy-treyjur með nafni Beckhams. Hér bregður Becks á leik með Reggie Bush sem leikur amerískan fótbolta með New Orleans Saints. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**KVADDI ANFIELD Í VOR** Robbie Fowler gæti hugsað sér að enda ferilinn hinum megin á hnettinum. NORDICPHOTOS/GETTY

Robbie Fowler:

## Heimsækir lið í Ástralíu

**FÓTBOLTI** Robbie Fowler er nú staddur í Ástralíu þar sem hann er í viðræðum við forráðamenn Sydney FC.

Fowler, sem er 32 ára gamall, er inni í myndinni hjá mörgum liðum í Englandi eftir að Liverpool lét hann fara í vor. Það kemur hins vegar alveg eins til greina að klára ferilinn í Ástralíu og mun hann eyða helginni hinum megin á hnettinum og skoða aðstæður.

Sydney FC vann ástralska titilinn 2006 en þá var Dwight Yorke í fremstu víglínu liðsins. - óój



**Á BEKKNUM** Jerzy Dudek missti sæti sitt hjá Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY

Markvörðurinn Jerzy Dudek:

## Á bekknum hjá Real Madrid

**FÓTBOLTI** Jerzy Dudek er búinn að yfirgefa varamannabekkinn hjá Liverpool fyrir þann hjá Real Madrid.

Pólski markvörðurinn gerði eins árs samning við spænsku meistarana og verður varamarkvörður Iker Casillas á næsta tímabili.

Real ætlaði að reyna að fá Francesco Toldo frá Inter en það tókst ekki. Dudek var hetja Liverpool þegar liðið vann Meistaradeildina 2005 en missti síðan sæti sitt til Spánverjans José Reina. - óój

Ekkert varð af einvígi Hjartar Hjartarsonar og Guðmundar Mete á miðvikudag:

# Guðmundur meiddur og gat ekki spilað

**FÓTBOLTI** Margir áhorfendur á leik Þróttar og Keflavíkur á miðvikudag biðu spenntir eftir einvígi Þróttarans Hjartar Hjartarsonar og Keflvíkingsins Guðmundar Mete. Þeir höfðu ekki mæst á knattspyrnuvellinum í eitt ár en allt varð vitlaust fyrir ári síðan er þeir mættust í leik ÍA og Keflavíkur. Sá leikur dró dilk á eftir sér og báðir leikmenn fengu bann fyrir hegðun sína.

Þeir sem ætluðu að fylgjast með einvígi þeirra félaga urðu fyrir vonbrigðum því ekkert varð af því þar sem Guðmundur er meiddur og var því ekki í leikmannahópi bikarmeistaranna. Þorsteinn Georgsson lék í vörninni í stað Guðmundar.

„Hann er meiddur. Það er sama vesen og áður. Hann er slæmur í baki og það leiðir niður í lærið,“ sagði Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, og þvertók fyrir að hafa ekki valið Guðmund til að koma í veg fyrir einhverja hugsanlega uppákomu.

Það skipti Hjört engu máli þó Guðmundur spilaði ekki. „Mér er alveg sama. Ég var ekki að koma hingað til að spila við hann heldur við Keflavík,“ sagði Hjörtur. - hbg



**HJÖRTUR HJARTARSON** Fékk ekki að kljást við Guðmund Mete á miðvikudag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# BT

# SONY GÆÐI Á BT VERÐI!




**3x aðdráttur**
Carl Zeiss
Vario Tessar-linsa.

## SONY



DSCW35
SONY CYBERSHOT

7,2 megapixlar
Super HAD CCD
Real Image Processor
3x Optical zoom
6x Digital zoom
14x smart zoom (VGA)
Carl Zeiss Vario Tessar linsa
f = 35-114mm
Innbyggt minni 56MB
MemoryStick Duo
2" LCD skjár 85 þúsund púnkta
380 myndir á hleðslu með skjá
Lithium hleðslurafhlaða og hleðslutæki fylgir

**380 myndir á hleðslu**
Lithium rafhlaða og hleðslutæki fylgir.

7.2 MP
**7.2 Megapixlar**
Super HAD CCD myndflaga.

**19.999**
~~22.999~~

# SUMARGLEÐI BT
## Í BT SKEIFUNNI 16:00-18:00



- HOPPUKASTALAR
- GRILL — Goðapylsur, Pepsí Max, Emmess ís og sleikjó
- TÓNLEIKAR — Fram koms: Páll Óskar, Hreimur, Oxford o.fl.




Sumartónleikar í tilefni af útgáfu safndisksins Gleðiegt sumar

**1.999**

# MARGVERÐLAUNAÐAR PANASONIC MYNDAVÉLAR




**39.999**

## Panasonic

DMCLX2
PANASONIC LUMIX LX2
10 megapixlar
Leica linsa
4x optical zoom
OIS / Optilcal image stabilizer / hristivörn
Þyngd aðeins 220 gr.
Heðslutæki og rafhlöður fylgja




1 GB fylgir

FYLGIR

Leica — Alvöru linsa frá einum virtasta framleiðanda í heimi.

**10 megapixlar**
10 megapixlar skilar þér hágæða myndum.

BT LÁN™

| BT* | BT** | BT*** |
|---|---|---|
| 7.477* | 3.999** | 2.882*** |
| 6 mánaða | 12 mánaða | 18 mánaða |




**34.999**

## Panasonic

NV-GS60EB-S
PANASONIC TÖKUVÉL DV
NVGS60ESB
Panasonic Camcorder 30gb
30x Optical Zoom
Electric Image Stabilizer
Pure Colour Engine
VGA Still Picture Recording
USB 2.0 (FS Mode)
2.5 Inch LCD
Web Camera Function

**30x aðdráttur**
Zoomaðu inná smæsta smáatriði.

**Pure Colur Engine**
Gefur þér réttur litina.

**2.5" skjár**
Skjár sem sýnir allar aðgerðir

BT LÁN™

| BT* | BT** | BT*** |
|---|---|---|
| 5.921* | 3.336** | 2.475*** |
| 12 mánaða | 24 mánaða | 36 mánaða |

## > Chloë Sevigny

Vakti fyrst athygli í hinni opinskáu Kids frá árinu 1995. Síðan þá hefur Sevigny ekki beint leikið í mörgum kvikmyndum og kýs hún alltaf frekar gott handrit fram yfir peningana. Sevigny á þó eina Óskarstilnefningu að baki en það var fyrir leik sinn í myndinni Boys Don‘t Cry. Hún hefur lengi vakið athygli fyrir framúrskarandi fatastíl og þykir hálfgerð tískugoðsögn, oft nefnd sem týpísk „It Girl“. Sevigny leikur eitt aðalhlutverkið í myndinni Shattered Glass sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON HEFUR VAKAÐ YFIR FÓTBOLTANUM

# *Messi – ¡gooooooooooooooooooooolllllllllll!*



Fótboltaunnendur hafa orð á sér fyrir að fara gjarnan yfir strikið í átrúnaði sínum á íþróttinni og goðum hennar. Boltinn breytir settlegum borgurum í æstar bullur og gerir ábyrga fjölskyldufeður að sinnulausum slettirekum sem engu nenna nema að hanga og slafra bjór yfir sjónvarpsútsendingum með félögunum. Nokkrir sökudólgar hafa verið fremstir í flokki; enska knattspyrnan og Meistaradeild Evrópu hafa grafið undan þjóðfélaginu á veturna en annað hvert sumar hafa Evrópukeppni landsliða eða Heimsmeistarakeppnin lagt frítíma fjölskyldnanna í rúst. En nú er nýr skaðvaldur kominn til sögunnar – Copa America.

Ameríkubikarinn er Suður-Ameríkukeppni landsliða í fótbolta sem haldin er með tveggja til þriggja ára millibili, nú í Venesúela. Undanfarnar vikur hafa þeir getað fylgst með þessu fyrirbæri sem eru viljugir að sitja við imbann langt fram eftir kvöldi eða jafnvel fram á rauða nótt. Þeir hafa þó væntanlega fæstir séð eftir því, frekar en áhorfendurnir sem skemmt hafa sér frábærlega á pöllunum. Boðið hefur verið upp á markasúpu í leik eftir leik og fótboltinn hjá bestu liðunum hefur flokkast undir fagra list frekar en íþrótt. Hegðun leikmanna hefur líka að langmestu leyti verið til fyrirmyndar og drengskapur í hávegum hafður. Í fyrstu leikjunum fóru úrslitin sjaldnast eftir bókinni, heldur velgdu minni spámenn eins og gestgjafarnir sterkari liðum undir uggum. Í undanúrslitum voru þó þekktustu liðin eftir: baráttuhundarnir frá Mexíkó, hinir ólseigu Úrúgvæar og risaveldin Brasilía og Argentína. Brassarnir voru lúsheppnir að komast í úrslitin eftir sigur á Úrúgvæum í vítakeppni en Argentínumenn, með undrabarnið Messi og snillinginn Riquelme í ótrúlegu formi, sýndu leikmönnum Mexíkó í tvo heimana. Þá höfum við úrslitaleikinn á sunnudaginn: Argentína gegn Brasilíu. Þá nær skemmtilegasta fótboltamót síðustu 25 ára hámarki og eins gott að vaka fram eftir. Á mánudaginn er svo hægt að snúa aftur til eðlilegra lifnaðarhátta.

## EKKI MISSA AF



▶ **23.30** The Pledge
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** Shattered Glass
STÖÐ 2



▶ **20.00** Indecent Proposal
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.10** Night Stalker
SIRKUS



▶ **22.00** Kidnapped Lokaþáttur
SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 14-2** e.
**17.05 Leiðarljós**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Músahús Mikka** (15:28)
**18.23 Ernst** (5:7)
**18.30 Ungar ofurhetjur** (9:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**

**20.05 Lítil leyndarmál** (Little Secrets) Bandarísk fjölskyldumynd frá 2001. 14 ára stúlka sem tekur að sér að þegja yfir leyndarmálum nágranna sinna fyrir borgun en á erfitt með það. Leikstjóri er Blair Treu og meðal leikenda eru Evan Rachel Wood, Michael Angarano, David Gallagher og Vivica A. Fox.

**21.40 Ned Kelly** Áströlsk bíómynd frá 2003 um stigamann sem rændi banka við fjórða mann og hélt heilum bæ í gíslingu í þrjá daga. Leikstjóri er Gregor Jordan og meðal leikenda eru Heath Ledger, Orlando Bloom, Geoffrey Rush og Naomi Watts. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

▶ **23.30 Loforðið** (The Pledge) Bandarísk bíómynd frá 2001. Lögreglumaður í Nevada sem er að fara á eftirlaun heitir móður ungrar stúlku sem var myrt því að hann muni finna morðingjann. Leikstjóri er Sean Penn og meðal leiklenda eru Jack Nicholson og Robin Wright Penn. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna yngri en 16 ára. e.

**01.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Indecent Proposal**
**08.00 Forrest Gump** (e)
**10.20 Legally Blonde 2**
**12.00 Little Black Book**
**14.00 Forrest Gump** (e)
**16.20 Legally Blonde 2**
**18.00 Little Black Book**

▶ **20.00 Indecent Proposal** Fræg kvikmynd um þolgæði ástarinnar og styrk hjónabandsins.

**22.00 Ring O**
**00.00 The Deal**
**02.00 Courage under Fire** (e)
**04.00 Ring O**

## STÖÐ 2

**07.00 Barney**
**07.25 Scooby Doo**
**07.45 Litlu Tommi og Jenni**
**08.10 Oprah**
**08.55 Í fínu formi 2005**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Forboðin fegurð** (90:114)
**10.15 Grey´s Anatomy** (13:25)
**11.05 Fresh Prince of Bel Air** (11:24)
**11.30 Outdoor Outtakes** (4:13)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð** (33:114)
**13.55 Forboðin fegurð** (34:114)
**14.40 Lífsaugað** (e)
**15.15 The George Lopez Show** (1:22)
**15.50 Kringlukast**
**16.13 Batman**
**16.38 Titeuf**
**17.03 Justice League Unlimited**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (13:22)

**20.05 The Simpsons** (14:22) Bart lendir hjá sálfræðing eftir að hafa þóst vera andsetinn og á meðan gerist Lisa einkakennari.

**20.30 So You Think You Can Dance** (9:23) Stórskemmtilegir raunveruleikaþættir þar sem leitað er að næstu dansstjörnu Bandaríkjanna.

▶ **21.15 Shattered Glass** Sönn saga blaðamannsins Stephen Glass sem naut mikillar virðingar í blaðamannaheiminum þegar hann starfaði fyrir The New Puplic í Washington. Lesendur áttu þó eftir að komast að því að ekki var allt sem sýndist og í ljós kom að næstum allar greinar hans voru uppspuni frá rótum. Aðalhlutverk: Peter Sarsgaard, Hayden Christensen, Chloë Sevigny.

**22.50 50 First Dates** Gamanmynd með Adam Sandler og Drew Barrymore.

**00.25 Narc** Eftirminnilegur spennutryllir.

**02.05 Ring O**
**03.45 Grey´s Anatomy (13:25)**
**04.30 The Simpsons (13:22)**
**04.55 The Simpsons (14:22)**
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider**
**18.30 Fréttir**
**19.00 Ísland í dag**

**19.40 The War at Home** (11:22) Gamanþættirnir The War At Home hafa slegið í gegn. Hjónin Vicky og Dave halda áfram daglegri baráttu sinni við unglingana á heimilinu. Þar er alltaf líf og fjör enda sjá foreldrarnir ekki hlutina með sömu augum og unglingarnir gera.

**20.10 Entertainment Tonight** Ef þú vilt vita hvað er að gerast í Hollywood, þá viltu ekki missa af þessum þáttum.

**20.40 Party at the Palms** (4:12) (e) Playboy fyrirsætan, Jenny McCarthy, fer með áhorfendurna út á lífið í Las Vegas. Jenny kemur sér fyrir á hinu glæsilega hóteli, Palms Casino, ásamt strippurum, hótelgestum sem eru til í allt, og síðast en ekki síst, aragrúa af frægum stjörnum sem eru komnir til að taka þátt í fjörinu. Það er óhætt að segja að það er nóg af skemmtunum, hlátri og kynþokka í þessum einstöku þáttum. Bönnuð börnum.

▶ **21.10 Night Stalker** (10:10) Carl Kolchak er virtur rannsóknarblaðamaður. Hann ræður sig til vinnu á dagblaði í Los Angeles og fær það verkefni að skrifa um röð undarlegra morðmála. Þegar Kolchak fer ofan í saumana á málunum koma í ljós tengingar á milli morðanna og það sem meira er, þau gætu öll tengst morðinu á eiginkonu hans sem var myrt fyrir einu og hálfu ári síðan. Morði sem Kolchak sjálfur er grunaður um. Nú reynir á hann að komast að sannleikanum áður en hann endar sjálfur á bakvið lás og slá.

**22.00 Standoff** (17:18) Þættirnir fjalla um samningamenn í gíslatökudeild FBI sem þykja þeir bestu í greininni. 2006.

**22.45 Young, Sexy and.......** (3:9) (e) (Unga kóngafólkið)

**23.30 The War at Home** (11:22) (e)
**23.55 Entertainment Tonight (e)**
**00.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.35 Everybody Loves Raymond** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**16.15 Vörutorg**
**17.15 Queer Eye** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Everybody Loves Raymond** (e)
**19.30 All of Us** (12.22)

**20.00 Charmed - NÝTT** Í fyrsta þættinum komast Piper og Leo óvart yfir krafta ástarguða Hindúa en Phoebe og Paige þurfa að koma í veg fyrir að þau sofi saman því það gæti grandað heiminum. Nick Lachey, fyrrum eiginmaður Jessicu Simpson, leikur gestahlutverk í þættinum.

**21.00 The Bachelor: Rome** (7.8) Bandarísk raunveruleikasería þar sem myndarlegur piparsveinn leitar að draumadísinni. Þetta er níunda þáttaröðin og piparsveinninn að þessu sinni er ítalskur prins. Hann heitir Lorenzo Borghese og er mikill sjarmör. Stúlkurnar sem hann hefur hafnað koma nú saman á ný Lorenzo þarf að mæta reiðum stúlkum sem eru ekki allar tilbúnar að fyrirgefa honum.

▶ **22.00 Kidnapped - Lokaþáttur** Hörkuspennandi þáttaröð. Syni milljónamærings er rænt og hann ræður sérfræðing til að endurheimta strákinn. Sá starfar utan ramma laganna og kemst fljótt á sporið. Það er komið að lokaþættinum og spennan nær hámarki. Leo er í öruggum höndum en höfuðpaurinn á bak við mannránið leikur enn lausum hala og hefur ekki sagt sitt síðasta.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Backpackers** (2.22) Áströlsk þáttaröð þar sem áhorfendur slást í för með þremur vinum sem halda í mikla ævintýraför um heiminn. Félagarnir segja skilið við hversdagsleikann í eitt ár og koma við í 22 löndum á ferðalagi sínu. Alls eru þetta 26 þættir þar sem ekki er stuðst við neitt handrit og ýmislegt óvænt kemur upp á.

**23.45 Law & Order. SVU** (e)
**00.35 Nora Roberts Collection - Angels Fall** (e)
**02.05 Tabloid wars** (e)
**02.55 Tabloid wars** (e)
**03.45 Vörutorg**
**04.45 Óstöðvandi tónlist**


Prófaðu ferskan túnfisk á grillið

Fagmenn kalla þennan túnfisk
Yellow Fin Tuna Loin.

Verð aðeins
3490.-kr/kg



Fiskisaga
Ævintýralegar sælkerabúðir

**Sælkerabúðir Gallerí kjöts og Fiskisögu:** Dalvegur 4, Tjarnarvellir 15, Búðakór 1, Grensásvegur 48
**Sælkerabúðir Fiskisögu:** Hamraborg 14a, Skipholt 70, Höfðabakki 1, Nesvegur 100 Sundlaugarvegur 12, Háaleitisbraut 58-60, Ægisbraut 29, Akranesi

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.30

### So You Think You Can Dance



Úrslitakeppnin er í fullum gangi í So You Think You Can Dance. Á hverju fimmtudagskvöldi draga dansararnir úr hatti dansstíl sem þeir þurfa að fullkomna á örfáum dögum. Í gær kepptu 18 dansarar um hylli kjósenda en í kvöld kemur í ljós hvaða tveir keppendur verða sendir heim.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Charmed Skjáreinn kl. 20.00

Sjónvarpsþættirnir um heillanornirnar í Charmed hafa alltaf átt sína tryggu aðdáendur hérlendis en nú er komið að sjöttu þáttaröðinni. Tekinn verður upp þráðurinn þar sem frá var horfið en saman eru systurnar máttugustu nornir heims og sinna sinni helgu skyldu; að tortíma hinu illa og bjarga sakleysingjum, samhliða því sem þær lifa lífi sínu sem venjulegar konur í venjulegum heimi. Aðalhlutverk eru í höndum þeirra Alyssu Milano, Holly Marie Combs og Rose McGowan.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Minningar um merkisfólk
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Sakamálaleikritið: Sá yðar sem syndlaus er
**13.15** Á sumarvegi
**14.03** Útvarpssagan: Rokkað í Vittula
**14.30** Miðdegistónar
**15.03** Flakk
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Á sumarvegi
**19.40** Pollapönk
**20.10** Þuríður Pálsdóttir óperusöngkona
**21.00** Kampavín og kaloríur
**21.55** Orð kvöldsins
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Brot af eilífðinni
**23.00** Kvöldgestir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**18.00 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**18.30 Gillette World Sport 2007**
**19.00 Landsbankadeildin 2007**
**20.00 Pro bull riding** (Columbus, OH - Rocky Boots Invitational) Nautareið er ein vinsælasta íþróttin í Bandaríkjunum um þessar mundir. Þar keppast menn við að halda sér á baki nauts eins lengi og þeir geta að hætti kúreka.
**21.00 World Supercross GP 2006-2007** (Reliant Astrodome)
**22.00 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**22.50 Heimsmótaröðin í Póker 2006**
**23.40 Ali Rap** (Ali 65 ára) Hnefaleikagoðsögnin Muhammad Ali verður 65 ára hinn 17. janúar og Sýn býður áskrifendum sínum upp á splunkunýja þætti um kappann af því tilefni. Ali er án efa einhver þekktasti íþróttamaður allra tíma og er jafnan nefndur til sögunnar sem fremsti þungavigtarmaður í sögu hnefaleikanna. Ali setti jafnframt gífurlegan svip á samtíma sinn þegar hann var upp á sitt besta. Þessi fyrsti þáttur sýnir einmitt hvers vegna Ali hefur stundum verið kallaður skáld og fyrsti rapparinn.

### BBC PRIME

**10.00** Big Cat Diary **10.30** Yes, Minister **11.00** My Hero **11.30** My Family **12.00** Hetty Wainthropp Investigates **13.00** Waking the Dead **14.00** Passport to the Sun **14.30** Superhomes **15.30** Bargain Hunt **16.00** My Hero **16.30** My Family **17.00** Spa Of Embarrassing Illnesses **18.00** Waking the Dead **19.00** New Tricks **20.00** Eddie Izzard **21.00** Waking the Dead **22.00** Yes, Minister **22.30** New Tricks **23.30** My Hero **0.00** My Family **0.30** Mastermind **1.00** Waking the Dead **2.00** Hetty Wainthropp Investigates **3.00** Passport to the Sun

### DR 1

**7.35** Yu-Gi-Oh! **11.05** En reporter går om bord **11.35** Sommertid **12.05** Dawsons Creek **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.05** Med rygsæk **13.30** SommerSummarum **15.05** Trolddomssæsken **15.30** Fredagsbio **15.40** Pinky Dinky Doo **16.00** Når gorillaen pudser næse **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Under åben himmel **19.00** TV Avisen **19.25** Sommervejret på DR1 **19.40** Aftentour 2007 **20.05** We Were Soldiers **22.20** Geronimo

### NRK 1

**8.00** Totalt genialt! **8.25** Med hjartet på rette staden **9.10** Jukeboks: Country **10.00** Jukeboks: Ut i naturen **11.00** Jukeboks: Jazz **12.00** Jukeboks: Du skal høre mye **13.05** The Tribe - Den nye morgendagen **13.30** Lyoko **13.55** Norske filmminner **15.20** Kos og kaos **15.50** Oddasat - Nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Konstanse **16.10** Pippi Langstrømpe **16.30** Sauen Shaun **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Der ingen skulle tru at nokon kunne bu **18.00** Galapagos **18.50** Friidrett: Golden League fra Roma **21.00** Kveldsnytt **21.15** Hotel Babylon **22.05** Komiprisen - årets morsomste **22.10** Cream: Disraeli Gears **23.00** Sorte orm

### SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Landet som Stalin tog **10.35** Annes trädgård **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **15.00** Varför, Ouafa? **15.30** Sommartorpet **16.00** BoliBompa **16.30** Hej hej sommar **16.31** Fåret Shaun **16.40** Hej hej sommar **16.55** Unge greve Dracula **17.30** Rapport **18.00** Tre kärlekar **18.55** Radiohjälpen **19.00** Kronprinsessan Victoria 30 år **19.30** Daredevil **21.10** Rapport **21.20** Entourage **21.45** Mexico City **23.10** Sändningar från SVT24




**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta töluvert á Útvarp Sögu og Gullbylgjuna, og þá helst á morgnana. Síðdegis skipti ég svo oft yfir á Bylgjuna og hlusta á Þorgeir og þá.“*

Ingólfur Gissurarson, löggiltur fasteignasali og framkvæmdastjóri Valhallar.

# Einar Ágúst í stúdíói í Danmörku

Einar Ágúst Víðisson er staddur í Lundgaard-stúdíóinu á Jótlandi þessa vikuna þar sem hann er við upptökur á fyrstu sólóplötunni sinni ásamt hljóðfæraleikurunum úr X-factor. Einar reiknar með að platan verði komin í verslanir í október. Lítið sást til Einars um nokkurra ára skeið þar til hann steig á svið með gömlu félögum sínum í Skítamóral í lok október á Nasa. Frá áramótum hefur hann spilað og sungið víða ásamt félaga sínum, Júlíusi Jóhannssyni, sem er með honum í Danmörku.

„Við byrjuðum upptökur á mánudagsmorguninn og reynum að spila þetta svolítið „live“,“ segir Einar Ágúst, sem er með góðan hóp tónlistarmanna með sér í stúdíóinu. Hann segir plötuna verða með ellefu lögum sem nokkur eru eftir hann sjálfan. „Svo eru þrjú erlend lög með íslenskum textum og endurgerð af einu Sálarlagi, auk þeirra tveggja sem Vignir Snær lagði til,“ segir Einar og bætir við: „Ég myndi segja að þetta væri lífræn tónlist þar sem kassagítarinn kemur mikið við sögu og við reynum að hafa lifandi hljóm á þessu. Ég er að byrja að finna þá stefnu sem mig hefur alltaf langað til að hafa tónlistina mína í enda eru sum laganna minna nokkurra ára gömul og hafa beðið eftir því að þetta verkefni yrði að veruleika.“

Einar Ágúst segir Júlíus, félaga sinn, hafa lagt það til að farið yrði í gerð plötunnar, sem fyrst var hugsuð sem „coverplata“. „Síðan þróaðist þetta þegar vinir mínir buðust til að hjálpa mér að komast á lappirnar aftur,“ segir Einar Ágúst sem er á góðu róli í dag. - sig



**SYNGUR UM SONINN** Einar Ágúst situr hér í Lundgaard-stúdíóinu þar sem hann syngur og spilar lag um son sinn Ásmund Goða inn á plötuna.



**LÁRÉTT 2.** bátur **6.** tveir eins **8.** líða vel **9.** prjónavarningur **11.** númer **12.** orðrómur **14.** spil **16.** hvað **17.** regla **18.** kærleikur **20.** tveir eins **21.** viðlag.

**LÓÐRÉTT 1.** óskiptu **3.** mun **4.** faldur **5.** samstæða **7.** slást til **10.** arinn **13.** keyra **15.** reigingslegur gangur **16.** rámur 19. drykkur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** skip, **6.** ll, **8.** una, **9.** les, **11.** nr, **12.** umtal, **14.** jóker, **16.** ha, **17.** agi, **18.** ást, **20.** gg, **21.** stef.

**LÓÐRÉTT: 1.** öllu, **3.** ku, **4.** innlegg, **5.** par, **7.** lemjast, **10.** stó, **13.** aka, **15.** rígs, **16.** hás, **19.** te.

**VEISTU SVARIÐ**

Svör við spurningum á bls. 8

1. Pakistan.
2. Njálsgötu.
3. Rio Tinto.

Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið



**UNNUR STEINSSON ÓLÉTT** Fegurðardrottningin Unnur Steinsson á von á sínu fjórða barni í október. Hún segir mikla spennu og gleði ríkja á heimilinu. Á myndinni er Unnur í Grasagarðinum í Reykjavík í gær og má vel greina að hún er komin fimm mánuði á leið.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

UNNUR STEINSSON: ÓLÉTT Í FJÓRÐA SINN

# Dafnar eins og blómi í eggi



**EIGNAST LÍTIÐ SYSTKINI** Alheimsfegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmsdóttir eignast lítið systkini innan tíðar. Móðir hennar segir mikla gleði ríkja á heimili þeirra.

„Ég hef það alveg frábært. Og dafna eins og blómi í eggi,“ segir hin 44 ára gamla fegurðardrottning Unnur Steinsson, sem er ólétt að sínu fjórða barni. Unnur, sem er komin rúmlega fimm mánuði á leið, segir að fyrstu mánuðirnir hafi verið erfiðir en síðan hafi þetta verið eintóm sæla.

Unnur og maður hennar, Ásgeir Ásgeirsson, eiga von á barninu í lok október og ríkir mikil spenna og gleði á heimilinu. „Það brosa allir út að eyrum enda ekki annað hægt þegar svona óvæntur gestur kemur í heimsókn,“ segir Unnur, en fimmtán ár eru síðan hún var í þessum sporum síðast.

Hún veit kyn barnsins en segir hlæjandi að óþarfi sé að upplýsa það fyrir alþjóð að svo stöddu. Þau hjónin eiga hvort um sig þrjú börn fyrir. Unnur á alheimsfegurðardrottninguna Unni Birnu, sem er 23 ára, Steinar 21 árs og Vilhjálm 15 ára. Ásgeir á þrjár stelpur; Brynju 14 ára, Hörpu 17 ára og Rakel 23 ára. Börnin verða því sjö í lok október en Unnur kvíðir því ekki. „Er ekki sjö happatala?“ spyr hún hlæjandi að lokum.

oskar@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Sjónvarpsfólk liggur nú yfir niðurstöðum nýrrar áhorfskönnunar Capacent. Enn munar miklu á flaggskipum **RÚV** og **Stöðvar 2**, þ.e. fréttunum og því sem þeim fylgir, annars vegar Kastljósi **Þórhalls Gunnarssonar** og hins vegar Íslandi í dag **Steingríms Ólafssonar.** 37,2% þjóðarinnar horfa á fréttir RÚV, tæplega 10% fleiri en horfa á fréttir Stöðvar 2, og þá horfa helmingi fleiri á Kastljósið (31,2% áhorf) en Ísland í dag (15,3%). Áhorfið á Ísland í dag eykst þó talsvert frá síðustu könnun.



Eins og í öllum skoðanakönnunum er hægt að túlka niðurstöður á allan mögulegan hátt og eru tölur um sjónvarpsáhorf þar engin undantekning. Þannig munu forsvarsmenn Stöðvar 2 telja sig sigurvegara könnunarinnar þar sem stöðin heldur uppsöfnuðu áhorfi sínu yfir vikuna (69%) frá síðustu könnun á meðan **Skjár einn** heldur áfram að dala (60%). Skjár einn horfir hins vegar helst til markhópa og í þeim verðmætasta á meðal auglýsenda, 12-50 ára, er stöðin í góðum málum með áhorfið á sínum erlendu þáttum. Það er líklegt að RÚV muni gera mikið úr eigið ágæti á næstunni og birta auglýsingar þar sem fram kemur að stöðin sýni vinsælustu þætti landsins, þar á meðal landsleik Íslendinga og Serba á þjóðhátíðardaginn (44,7%) og Grímuna (26,8%).



**Gísli Einarsson** verður þó að öðrum ólöstuðum að teljast einn helsti sigurvegari könnunarinnar en þáttur hans, Út og suður, mælist með 26,1% áhorf og er þannig vinsælasti framhaldsþáttur landsins. Enn fremur heldur þátturinn sínu áhorfi frá fyrri árum þrátt fyrir að hann sé nú á dagskrá fimmta sumarið í röð. - vig



**Prinsa-spjót**
Humarsúpa prinsins
Stór humar-forréttaspjót
Mikið úrval af grillfisk
**Opið laugardag 12-14**
HAFIÐ
FISKIPRINSINN
*Þú getur alltaf treyst á prinsinn*
Hlíðasmára 8 • 201 Kópavogi
s: 554 7200 • www.hafid.is

# Kristján stóð sig vel sem vallarþulur

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi FL Group og fyrrverandi sjónvarpsmaður, brá sér í hlutverk vallarþular þegar Þróttur og Keflavík mættust í VISA-bikarnum á Valbjarnarvelli í fyrradag og þótti standa sig með afbrigðum vel. Kristján tók sig afar vel út með þráðlausan míkrófón og valsaði um vallarsvæðið á meðan hann kynnti liðin til leiks og gerði áhorfendum grein fyrir markaskorurum og skiptingum leikmanna.

„Þetta er ógurlega mikil græja og það er náttúrlega alveg eðal að vera með þetta þráðlaust,“ segir Kristján, sem var þó ekki að kynnast vallarþularhlutverkinu í fyrsta sinn því hann var aðalþulur Þróttar þegar liðið var síðast í efstu deild, sumarið 2005. Þá lék liðið heimaleikina á Laugardalsvellinum og segir Kristján það greinilegt að miklar tækniframfarir hafi orðið á tæknibúnaði vallarþula. „Á Laugardalsvellinum var maður lokaður inn í einhverri kompu með forláta hljóðnema. Nú er þetta allt annað,“ segir Kristján og bætir við að hann sé vissulega tilbúinn að taka að sér hlutverkið síðar í sumar, ef þörf er á.

Ásmundur Helgason er venjulega í hlutverki vallarþular hjá Þrótti en vegna forfalla hans hljóp Kristján í skarðið á miðvikudag. Kristján, sem hefur alla tíð verið mikill fótboltaáhugamaður, varð Þróttari í gegnum börnin sín og situr nú í stjórn knattspyrnudeildar félagsins.

- vig



**KRISTJÁN SEM VALLARÞULUR** Einn áhorfandinn hafði á orði að Kristján liti út eins og liðsstjóri hjá liði í Formúlu 1 kappakstri. „Ógurleg græja,“ segir Kristján sjálfur um þráðlausa hljóðnemann.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Playstation3
FULLKOMNASTA AFÞREYINGAR- OG LEIKJAKERFI Í HEIMI
Aðeins á PS3
Ninja Gaiden Sigma
Harry Potter & Fönixreglan
Sjáðu myndina spilaðu leikinn
Transformers
20. júlí
Darkness
Aðeins á PS3
Motorstorm
Aðeins á PS3
Resistance Fall of Man
VÆNTANLEGIR
September
Aðeins á PS3
Heavenly Sword
September
Aðeins á PS3
Singstar
Október
GTA VI
Október
Aðeins á PS3
LAIR
BYLTING Í SKEMMTUN
TRYGGÐU ÞÉR EINTAK Í NÆSTU VERSLUN !
PLAYSTATION 3
• PlayStation 3 er engri lík - fullkomnasta afþreyingar- og leikjakerfi heims •
• Upplifðu nýja tíma í spilun tölvuleikja - hágæða mynd- og hljóðgæði, raunverulegri en nokkru sinni áður. Meira en 30 leikir fáanlegir frá fyrsta degi •
• PlayStation 3 er einnig fullkominn BD (Blu-ray disc) spilari (sem einnig spilar DVD myndir) - að horfa á kvikmyndir í háupplausn heima er nú loks raunhæfur möguleiki •
• Hágæða 1080p myndgæði sem ekki er hægt að toppa - myndgæðin eru ótrúlega skýr •
• Þráðlausir stýripinnar með hreyfiskynjurum og frumleg stýring leikja gerir öllum kleift að taka þátt og njóta •
• Innbyggður harður diskur (60GB) til að geyma kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir og leiki - hafðu allar skrárnar þínar á einum stað •
• Kannaðu heim afþreyingar á netinu í sófanum heima - vafraðu um netið og upplifðu hvernig það er að spila tölvuleiki við fólk allsstaðar í heiminum. Tenging í gegnum þráðlaust net •
• Spilaðu gömlu leikina - PlayStation 3 spilar fleiri þúsundir PS one og PlayStation 2 leikja •
• Einstakir tengimöguleikar við PSP (PlayStation Portable) - deildu efni, opnaðu og uppgötvaðu nýja möguleika í spilun tölvuleikja, hvort heldur þú sért heima eða á ferðinni •
sena
okkar heimur // þín skemmtun

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**







**BAKÞANKAR**


BERGSTEINS SIGURÐSSONAR


## *Leitt hún skyldi vera skækja*

Áður en þingi var slitið í vor voru gerðar breytingar á lögum þess efnis að ekki væri lengur ólöglegt að stunda vændi hér á landi. Þetta var skref í rétta átt að því leyti að ekki var hægt að sækja til saka konur (og mögulega örfáa karla) sem höfðu gripið til þessa óyndisúrræðis til að hafa í sig og á. Ég taldi að nokkur sátt hefði myndast um það sjónarmið að þeir sem leiðast út í vændi gerðu það í flestum tilfellum af neyð og það ætti ekki að koma fram við þá (eða þær öllu heldur) eins og ótínda glæpamenn.

**VIÐBRÖGÐIN** komu mér því dálítið á óvart. Þó nokkrir (flestir ef ekki allir karlar) gagnrýndu lagabreytinguna á þeim forsendum að nú væri vændi löglegt. Engan þeirra heyrði ég þó nefna að rétt væri að bregðast við með því að gera kaup á vændi ólögleg. Það virtist því eima eftir af þeirri skoðun að hórur séu skúrkar. Orsök félagslegrar neyðar en ekki afleiðing.

**HVERS** vegna að rifja þetta upp núna? Jú, í kvöldfréttum Stöðvar 2 á þriðjudagskvöld mátti sjá enn eina birtingarmynd þessa viðhorfs. Vaskur fréttamaður í félagi við myndatökumann skundaði upp á Nordica-hótel og bankaði upp á hjá 23 ára rússneskri stúlku, vændiskonu sem auglýsti þjónustu sína á netinu. Ekki þarf að koma á óvart að stúlkunni brá þegar hún gekk í flasið á fréttamanninum. Hún baðst greinilega undan viðtali og að teknar væru af henni myndir en allt kom fyrir ekki, í fréttirnar fór hún.

**ÞAÐ** kom mér satt best að segja á óvart að sama fréttastofa og gerir út Kompás, sem hefur sett ný viðmið í djarfri og vandaðri rannsóknarfréttamennsku, hafi farið þessa leið. Það eru engin tíðindi að konur selji sig, allra síst ef þær auglýsa það á netinu.

**ENGIN** sjáanleg tilraun var gerð til að komast að á hverra vegum stúlkan væri, sem var klárlega fréttapunkturinn. Enn er ólöglegt fyrir þriðja aðila að hagnast á vændi og umræðan um mansal, sem er óhugnanlega algengt í Austur-Evrópu, hefur líklega aldrei verið meiri. Í staðinn var ákveðið að skjóta fisk í tunnu.

**DAGINN** eftir var rætt við talsmenn Nordica-hótels, sem fullvissuðu fréttamann um að glyðrunni hefði verið vísað burt, enda ættu konur af hennar sauðahúsi ekkert erindi inn á fín hótel. Karlarnir sem keyptu hana til verksins eru væntanlega aufúsugestir eftir sem áður.


Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


